

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

6. HEFTI

RITSTJÓRAR

KRISTJÁN EIRÍKSSON

RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR

ÞÓRÐUR HELGASON

REYKJAVÍK

2008

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

Kristján Eiríksson

Drafnarstíg 2 – 101 Reykjavík

Sími: 551 0545. Netfang: kriseir@hi.is

Rósa Þorsteinsdóttir

Bárugata 37 – 101 Reykjavík

Sími: 562 7067. Netfang: rosat@hi.is

Þórður Helgason

Hamraborg 26 – 200 Kópavogi

Sími: 891 6133. Netfang: thhelga@khi.is

RITNEFND

Kristján Árnason og Ragnar Ingi Aðalsteinsson

YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

Kristján Eiríksson, Rósa Þorsteinsdóttir,

Sigurborg Hilmarsdóttir og Þórður Helgason

PRENTLÖGN

Pétur Þingvi Gunnlaugsson

PRENTUN OG BÓKBAND

Litlaprent

© *Höfundar*

MYND Á KÁPU

Harpa Björnsdóttir

ISSN 1670–3723

Efni

Sónarljóð	4
Til lesenda	5
Höfundar efnis	6
Helgi Skúli Kjartansson: <i>Súlamít og Sigrún valkyrja</i>	9
Björn Ingólfsson: <i>Tvær ljóðmyndir</i>	22
Kristian Guttusen: <i>Stúlkan sem var elskuð í skjóli nætur</i>	24
Haukur Þorgeirsson: <i>List í Lokrum</i>	25
Kristian Guttusen: <i>Tvö ljóð: Blóð fyrir X; Svartfugl</i>	48
Helga Kress: <i>Saga mín er sönn en smá</i>	49
Ólína Jónasdóttir: <i>Þrjú áður óbirt ljóð: Í hvamminum; Heima; Stökur</i>	75
Hannes Pétursson: <i>Gleymd þýðing</i>	77
Valdimar Tómasson: <i>Tvær sonnettur: Við kræklótt tré; Sonnetta um haust</i>	83
Kendra J. Willson: <i>Á mörkum lausamáls: Þýðingar Sverris Hólmarssonar á ljóðum T. S. Eliots</i>	85
Pär Lagerkvist: <i>Kvöldheimar IV</i>	97
Valdimar Tómasson: <i>Jakob Hallgrímsson</i>	126
Helga Birgisdóttir: <i>Ljóð sem bita, öskra, strjúka og hvísla</i>	127
Leiðréttingar við 5. hefti Sónar	159

Sónarljóð

Höfðatorg

eftir Þórarin Eldjárn

Til hvers þennan turn
við torgið, mér er spurn.

Steypa, gler og stál,
stáss og þrjál.

Eitthvert apaspil
auðs sem hvergi er til.

Eins og gerist oft,
eintómt loft.

Brengluð borgarmynd,
beinagrind.

Peningapúkar á bita
þyngju vildu fita.

Ekki sést ljós frá innsiglingarvita.

Til lesenda

Sónarmjödurinn er ekki enn uppdrukkinn. Það sannar lífleg ljóðaiðja landsmanna sem ekki dregur úr nema síður sé. Ekkert virðist koma í stað þess að geta dvalið við þá íþrótt mannanna sem Egill Skalla-grímsson nefndi vammí firrða. Er það von okkar sem stöndum að útgáfu Sónar að hún reynist heppilegur vettvangur þeirra sem vilja kanna nánar úr hverju mjödurinn er gerður, hvernig hann hefur varðveist á ýmsum skeiðum og hvernig honum vegnar nú um stundir.

Sú breyting hefur nú orðið með þessu hefti að í ritstjórn hefur bæst Rósa Þorsteinsdóttir og er hún hér með boðin velkomin. Þá hefur Einar Sigmarsson horfið úr ritnefnd og kunnum við honum bestu þakkir fyrir hans verðmæta framlag til fyrri hefta Sónar.

Við tökum nú upp þátt að nýju sem slitnaði í síðasta hefti Sónar. Í 4. hefti var birt yfirlit yfir ljóðabækur ársins 2005 og nú gerir Helga Birgisdóttir grein fyrir ljóðárinu 2007. Hyggjumst við halda áfram að gefa lesendum nokkra yfirsýn yfir helstu strauma í íslenski ljóðagerð frá ári til árs.

Í þessu hefti, svo sem í hinum fyrri, er sinnt bæði gömlu efni og því sem nýrra er og fjallað um ljóð allt frá Ljóðaljóðum Gamla testamentisins til vorra daga.

Sónarskáld að þessu sinni er Þórarinn Eldjárn en auk hans eiga þeir Björn Ingólfsson, Kristian Guttesen og Valdimar Tómasson ljóð í Són. Einnig eru í þessu hefti birt þrjú áður óbirt ljóð eftir Ólínu Jónasdóttur skáldkonu. Þá er í þessu hefti birt þýðing Tryggva Þorsteinsonar á fjórða kafla *Kvöldheima* (Aftonland) eftir sænska skáldið Pär Lagerkvist en sá ljóðabálkur hlýtur að teljast eitt helsta stórvirki í sænskum bókmenntum 20. aldar.

Öllum sem hér eiga efni og réttu okkur hjálparhönd kunnum við bestu þakkir og biðjum lesendur vel að njóta.

Fyrir hönd Sónarsinna

Þórður Helgason

Höfundar efnis

Sónarljóð

Pórarinn Eldjárn (f. 1949) er skáld og rithöfundur. Hann hefur gefið út fjölda ljóðabóka og auk þess hafa komið út eftir hann skáldsögur, smásagnasöfn og ýmislegt efni ætlað börnum.

Höfundar greina

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er cand.mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands, nú prófessor við Háskóla Íslands (menntavísindasvið).

Haukur Þorgeirsson (f. 1980) er B.A. í íslensku frá Háskóla Íslands. Hann starfar á Landsbókasafni.

Helga Kress (f. 1939) er prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands og hefur birt fjölda rita um íslenskar fornþókmenntir og íslenska bókmenntasögu frá femínísku sjónarhorni.

Hannes Pétursson (f. 1931) er skáld og rithöfundur. Hann lauk kandiðatsprófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1959. Hann stundaði einnig nám í germönskum fræðum í Köln og Heidelberg í Þýskalandi.

Kendra J. Willson (f. 1972) er PhD í norrænum fræðum frá Kaliforníuháskóla í Berkeley. Hún kennir forníslensku við Kaliforníuháskóla í Los Angeles.

Helga Birgisdóttir (f. 1981) er M.A. frá Háskóla Íslands 2007. Hún er aðjunkt við kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Höfundar og þýðendur ljóða

Þjörn Ingólfsson (f. 1944) var skólastjóri á Grenivík í 36 ár.

Kristian Guttesen (f. 1974) er skáld og rithöfundur. Eftir hann liggja nokkrar ljóðabækur og ein þýðing, en fyrir hana var hann tilnefndur til Íslensku þýðingarverðlaunanna árið 2007. Hann stundar nám í heimspeki við Háskóla Íslands.

Ólína Jónasdóttir (1885–1956) fæddist á Silfrastöðum í Blönduhlíð og varð húsfreyja á ýmsum bæjum þar í sveit. Síðari hluta ævinnar átti hún heima á Sauðárkróki. Þótt hún væri á sínum tíma landspekkur hagrörðingur fór hún mjög dult með skáldskap sinn og hefur fæst af honum birst á prenti. Nokkrar vísur eftir hana voru þó prentaðar í blöðum og tímaritum og síðar í endurminningabókum hennar *Ég vitja þín, æska* (1946) og *Ef hátt lét í straumnið Héraðsvatna* (1981).

Valdimar Tómasson (f. 1971) frá Litlu-Heiði í Mýrdal, verkamaður í Reykjavík.

Þeir Lagerkvist (1891–1974). Sænskur höfundur ljóða, leikrita, skáldsagna auk fjölda greina. Hann hlaut Nóbelsverðlaunin árið 1951.

Trygvi Þorsteinsson (f. 1923) lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands og stundaði framhaldsnám í almennum skurðlækningum í Svíþjóð og Danmörku. Hann vann síðan við sérfræðistörf á slysadeild Borgarspítalans. Árið 2006 gaf hann út æskuminningar sínar, *Á æskuslóðum við Djúp*.

Helgi Skúli Kjartansson

Súlammít og Sigrún valkyrja

Snertipunktur með Ljóðaljóðum
og Helgakviðu II

I

... og svo ákafur sem hann [Díómedes] hafði áður verið að berjast við Trójumenn, þá kom nú í hann þrefalt meiri hugmóður, eins og í ljón er stokkið hefir inn yfir sauðhússgarð þegar smalamaður, er gætir hinna ullarmiklu sauða á landsbyggðinni, veitir því skeinu en drepur það ei til fulls; hann æsir upp í því ofsann, gefur síðan upp alla vörn og skriður inn í smalahúsin; flýja þá sauðirnir þegar engi er hjá þeim og liggja dauðir hverr hjá öðrum, en ljónið stökkur geyst út yfir hinn háva sauðhússgarð.

Peleifsson [Akkilles] neytti þá fráleiks síns og stökk þá eftir honum [Hektor], svo sem smyrill, er allra fugla er léttfleygastur, fleygist eftir styggri dúfu uppi á fjöllum; skýst dúfan undan honum út á hlið en smyrillinn, sem er í nánd, gellur hátt og stökkur að henni aftur og aftur og vill ná henni: svo flaug Akkilles beint fram ...

Þessar lýsingar úr *Ilíonskviðu*¹ eru tvö dæmi, kannski þó heldur af ýktari endanum, um „hómerskar líkingar“ sem svo eru nefndar. Skáldið skýrir aðstæður eða atburði með því að bregða upp mynd, helst úr náttúrunni. En það er engin augnabliksmynd heldur *víkur sögunni inn í myndina* sem þannig fær eitt andartak að lifa sínu eigin lífi uns aftur er tekinn upp fyrri þráður.

Þar sem skáld tala á annað borð í líkingum er sá möguleiki ekkert langsóttur að teygja úr þeim með þessum hætti, enda er Hómer engan

¹ *Ilíonskviða* 5:135–142 og 22:138–143. *Kviður Hómers. I. bindi Ilíonskviða* (þýð. Sveinbjörn Egilsson), Reykjavík (Bókaútgáfa Menningarsjóðs) 1949, bls. 91 og 440 (stafrétt nema kommur og z).

veginnum einn um það, eða þau síðari skáld sem meðvitað léku list hans eftir.² Í norrænum fornþekkingum má til að mynda finna dæmi sem ekki eru með öllu ólík, og munu tvö vera frægust.

Annað er úr Tryggðamálum, sýnidæmi um hvernig mæla skuli fyrir tryggðum fyrirverandi fjandmanna af háfreyðandi mælsku, og er textinn varðveittur með þjóðveldislögunum. Sá sem „vegur á veittar tryggðir“ skal vera „vargur rækur og rekinn“ „svo víða sem ...“ og fylgir löng upptalning í hálf-bundnu máli, þar í þetta:³

... sól skín,
snæ leggur,
finnur skríður,
fura vex,
valur flýgur
vorlangan dag,
stendur honum byr beinn
undir báða vængi, ...

Hér er því *hve víða* griðníðingurinn sé rækur úr mannlegu félagi svarað með líkingu, „svo víða sem ...“ og runu af smámyndum sem hver um sig sýnir eitthvað sem hvergi getur öðru vísi verið. „Svo víða sem valur flýgur“, það er eitt af þessum algildum og í rauninni ekki meira um það að segja. En eitt andartak fær myndin að lifna við, knöpp ljóðlínan⁴ að springa út í víshelming og sameina áheyrendur í aðdáun á fálkanum sem svífur þöndum vængjum í vorgolunni eins og hann sigli um loftið beggja skauta byr.

² Ekki hefur Jónas kveðið án þess að hugsa til Hómers:

Valur í vígahuga
varpar sér á teig,
eins og fiskifluga
fyrst úr löngum sveig
hmitar hringa marga. ...

Í næstu vísu notar hann orðin *gjalla* og *fleyggjast*, líkt og Sveinbjörn í smyrilslíkingunni (þar reyndar *gella*), hvort sem því veldur hending ein eða langminni skáldsins á grískukennsluna á Bessastöðum.

³ Texti (og heitið Tryggðamál) samkvæmt Konungsbók, Grg. Ia (= *Grágás. Islændernes Lovbog i Fristatens Tid* ... (útg. Vilhjálmur Finsen), Kaupmannahöfn (det nordiske Litaratur-Samfund) 1852), bls. 206, samræmt hér og skipt í ljóðlínu. Hóti bragðminna í Staðarhólsbók: *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins* (útg. Gunnar Karlsson o.fl.), Reykjavík (Mál og menning) 1992, bls. 283.

⁴ Stuðluðu einingarnar í Tryggðamálum hafa margar verið aðeins tvíkvæðar á formmáli, t.d. „valr flýgr“, sem tæpast stendur undir ljóðlínu fornryðislags – þótt annað eins þekkest í ljóðahætti: „Deyr fé ...“.

Hitt títtnefnda dæmið er úr Helgakviðu Hundingsbana, þeirri sem síðar stendur í Konungsbók Eddukvæða og er því greind frá annarri samnefndri sem Helgakviða II.⁵ Þar er komið sögu að Helgi er fallinn en ekkja hans og barnsmóðir, valkyrjan Sigrún, harmar missi sinn:

38 Svo bar Helgi
af hildingum
sem íturskapaður
askur af þyrni
eða sá dýrkálfur
döggu slunginn
er öfri fer
öllum dýrum
og horn glóa
við himin sjálfan.

Hér lifnar mynd hjartarins unga til að spegla í einni leiftursýn þroska-sögu hetjunnar með því að kálfurinn fagri ummyndast í hornum krýnt og drottandi karldýrið.⁶

Rétt eins og norrænum skáldum og mælskumönnum gátu af sjálf-dáðum hugkvæmst hómerskar líkingar, þá var sú list ekki heldur ofvaxin stílsnillingum Biblíunnar. Um það er eitt dæmi eiginlega sjálfkjörið, Ljóðaljóðin, 4:1–2:⁷

⁵ Fylgt útgáfu Gísla Sigurðssonar: *Eddukvæði (Íslands þúsund ár)*, Reykjavík (Íslensku bókaaklúbbarnir) 2001, bls. 193–208, nánar vísað til með crindatölum (aðeins vísað í crindi sem flestar útgáfur tölusetja eins).

⁶ Horn hjartardýra koma með kynþroskanum, ungvíðið (og kvenkynið nema hreinkýr) kollótt, ólíkt þeim hornavexti sem Íslendingar þekktu af lömbum sínum, kiðum og kálfum. Ég get þó ekki lesið í horn dýrkálfsins þá íslensku vanþekkingu að hugsa sér horn hans vaxa eins og á lambi, enda fátt íslenskt í náttúru Helgakviðu (eða hetjukvæðanna yfirléitt). Sé hún öll ort á Íslandi, þá er hún verk fólks sem fyrirhafnarlaust kann að sviðsetja útlenda náttúru með skógartjám og hjartardýrum þar sem emir sitja „á asklimum“ þegar kvöldar (rétt eins og „örn í furutoppi sefur“ hjá Grími). „Sá, sem svo kvað, hlýtur að hafa dvalizt langdvölum utan Íslands, hvar sem kvæðið sjálft er ort“ (Einar Ólafur Sveinsson, *Íslenskar bókmenntir í fömöld, I*, Reykjavík (AB) 1962, bls. 260).

En þroskasagan, hvernig hin unga hetja finnur sjálfa sig, er miðlægt viðfangsefni í hetjukvæðum, bæði Helga- og Sigurðarkvæðum.

⁷ P.e. 1. og 2. vers 4. kapitula. Raunar endurtekið í 6. kapitula; í Ljóðaljóðunum er talsvert um tví- og margtekningar en hér verður hvergi vísað á nema einn stað þótt sama líking sé notuð víðar. Textinn er, hér og framvegis, úr Biblíu 21. aldar. Fyrri þýðing er á köflum heldur orðfleiri og ívið lengra seilst eftir skáldlegri hrynjandi:

Tennur þínar eru eins og hópur af nýklypptum ám sem koma af sundi,
sem allar eru tvílembdar og engin lamblaum meðal þeirra.

Hve fögur ertu, ástin mín, hve fögur,
 og augu þín dúfur
 undir andlitsblæjunni.
 Hár þitt er sem geitahjörð
 sem rennur niður Gíleaðfjall,
 tennur þínar ær í hóp,
nýrúnar og baðaðar,
allar tvílembdar
og engin lamblaús.

II

Að nefna Ljóðaljóðin í sömu andrá og Helgakviðu, það gera menn ekki aðeins af því að líkingar beggja geti tekið á sig býsna hómerskar myndir, heldur eru einstakar líkingar þeirra einkennilega áþekkar. Um það eru a.m.k. tvö dæmi alkunn,⁸ bæði í þeirri vísu kviðunnar sem þegar er vitnað til.

Þar ber Helgi af öðrum mönnum „sem ... askur af þyrni“. En elskendur Ljóðaljóðanna skiptast á svofelldum komplímentum (2:2–3):

Sem lilja meðal þyrna er ástin mín meðal meyjanna.
Sem eplatré í kjarrviði ber elskhugi minn af sveinunum.

Þarna er elskhuganum lýst með sömu líkingu og Helga; báðir *bera af* öðrum eins og formfagurt tré af lággróðri, en í eddukvæðinu ber sá gróður heiti þyrnisins, hans sem er andstæða liljunnar í stúlku-líkingunni.

Að líkja elskhuga sínum við ungvíði hjartardýrs, það er Sigrún ekki heldur ein um því að unnustan í Ljóðaljóðunum segir líka (2:8–9):

Stekkur yfir fjöllin, hleypur yfir hæðirnar.
 Elskhugi minn líkist dádýri eða hindarkálfi ...

Og síðar (2:17):

⁸ Klaus von See o.fl., *Kommentar zu den Liedern der Edda*, 4. bindi, Heidelberg (Winter) 2004, bls. 765. Þetta verk er öðrum þræði samþjappaður lykkill að eldri eddu-skýringum og leyfi ég mér að nota endursögn þess, bæði um þetta atriði og almennt um kviðuna, án þess að fletta upp einstökum rannsóknunum.

... snúðu þá, elskhugi minn, upp til ilmfallanna,
líkur dádýri, líkur hindarkálfi.

Í báðum ljóðunum er karlmanni ekki aðeins líkt við kálf⁹ heldur er hann brattgengur í fjöllum og ber hátt. Það er í Ljóðaljóðunum sagt um elskhugann sjálfan en í Helgakviðu fellt inn í mynd kálfsins – einmitt það sem gerir líkinguna hómerska.

III

Svo má halda áfram og finna fleiri snertifleti með þessum annars ólíka ástarkveðskap.¹⁰

„Geitahjörð sem rennur niður Gíleaðfjall“ var ein líking Ljóðaljóðanna sem fyrir skemmstu var getið, en á undan vísu Sigrúnar um askinn og dýrkálfinn fór þessi:

37 Svo hafði Helgi
hrædda görva
fjándur sína alla
og frændur þeirra
sem fyr úlfi
óðar *rynni*
geitur af fjalli
geiskafullar.

Er þar vissulega tekin líking af hinu sama, ekki bara geitaflokki heldur á harðaspretti niður fjallshlíð. Alls ólíkan veruleika stendur hann þó fyrir: ótta flýjandi óvina og hins vegar fegurð hins slegna hárs meyjarnnar.

Nær lokum kviðunnar nær Sigrún fundi Helga og lætur þá ekki á sig fá þótt hann sé blóðugur, kaldur og í rauninni dauður.

⁹ „Hindar-“ eða „dýrkálfur“, þar munar í rauninni engu á merkingu. Þó má benda á að „líkur hindarkálfi“ var á latínunni „*similis hinulo cervorum*“ sem enn nánar samsvarar dýrkálfi Helgakviðu af því að *cervus* er, eins og *dýr*, ekki bundið við kvenkynið.

¹⁰ Þótt þetta greinarkorn beri varla með sér margra ára meðgöngu fór ég að bera textana saman kringum júlín 2004 og bar hugmyndina undir nokkra féлага mína, fyrstan Torfa Tulinius sem ég á leiðbeiningar að þakka. Vafalaust er einhvers staðar búið að benda á þessi atriði, flest eða öll, þótt ég kunni ekki, eftir mína takmörkuðu rannsókn, að vísa til heimilda um það.

43 Nú em eg svo fegin
 fundi okkrum
 sem átfrekir
 Óðins haukar
 er val vitu,
 varmar bráðir,
eða dögglitir
dagsbrún sjá.

Vísan er merkilega áþekk hinni um askinn og dýrkálfinn. Fögnuði Sigrúnar er lýst með tvöfaldri líkingu, fyrst af græðgi hræfugla og er henni gefin hómersk útvíkkun þar sem hrafnarnir vilja komast á hræið volgt (en í næstu vísu lætur Sigrún nákuldann af Helga ekki á sig fá). Seinni líkingin er tengd með „eða“ eins og sú um dýrkálfinn, og í báðum er næturdöggin merkingarþrungið ták. Sá sem liggur úti er að morgni „döggu slunginn“ eða „dögglitir“ en á líka að fagna deginum – eða lífinu – framundan. Eins segir elskhugi Ljóðaljóðanna: „Höfuð mitt er alvott af dög, hárlökkarnir af dropum næturinnar“ (5:2), og á þá ástarfund fyrir höndum.

Lífið framundan, það eiga elskendur Ljóðaljóðanna. Súlammet, unnustan unga, þekkir hvorki dauða né missi, aðeins óþreyjunni deilir hún með Sigrúnu, valkyrjunni, móðurinni og ekkjunni. „Kysstu mig kossi vara þinna“ (1:2) eru upphafsorð hennar. Þegar hún hefur leitað unnustans um nótt „fann ég þann sem sál mín elskar; ég hélt honum, slepti honum ekki fyrr en ég hafði leitt hann í hús móður minnar ...“ (3:4). Sigrúnu er ekki heldur bið í hug:

44 Fyrr vil eg kyssa
 konung ólífðan
 en þú blóðugri
 brynju kastir.
Hár er þitt, Helgi,
hélu þrungið,
 allur er vísi
valdögg sleginn ...

Hér kemur daggartáknið enn – en nú dauðanum merkt. Döggin er *valdögg* = blóð, og lokkar Helga eru ekki lengur dögglitir eða döggu slungnir – eða „alvotir af dropum næturinnar“ – heldur „hélu þrungið“ af kaldri nálægð dauðans. En Sigrún lætur ekkert slá sig út af lag-

inu, býr þeim Helga hvílu í haugi hans og vill sofa í faðmi hans eins og lifandi manns. Hvorki dauðum né lifandi hafði honum komið neitt svo á óvart:

48 Nú kveð eg enskis
örvænt vera,
síð né snimma
að Sefafjöllum,
er þú á armi
ólifðum sefur, ...

Að „sofa á armi“ karlmanni, í kynferðislegri merkingu, er orðalag sem kemur víðar fyrir í eddukvæðum. En svo vill til að það á sér líka hliðstæðu í Ljóðaljóðunum: „Vinstri hönd þín undir höfði mér, hin hægri faðmi mig“ (2:6).

Átök ástar og dauða má kalla þungamiðju Helgakviðu: hvernig sjálfur dauðinn hopar fyrir valdi ástarinnar – þótt í norrænni tragík¹¹ sé sigurinn auðvitað hans. Ljóðaljóðin dvelja ekki við svo dapurleg úrslit en þau stilla upp sömu andstæðunum og átökum þeirra: „Því að ástin er sterk eins og dauðinn og ástríðan vægðarlaus sem hel“ (8:6).

IV

Hér er sem sagt ýmislegt áþekkt. Allt er það í síðasta hluta Helgakviðu, vísur 36–51,¹² þar sem Helgi er fallinn og Sigrún búin að hella sér yfir banamann hans með bölbænum. Héðan í frá teflir Sigrún ekki ást sinni gegn ættarskyldum heldur gegn dauðanum sjálfum. Þetta eru ekki nema sextán vísur, þar af sjö lagðar í munn Sigrúnu sjálfri, og eru líkindin við Ljóðaljóðin næstum einskorduð við þær. Miðað við þær einar eru snertipunktarnir við Ljóðaljóðin býsna margir, jafnvel svo að telja megi þá einkennandi fyrir tjáningu Sigrúnar í þessum hluta kviðunnar.

¹¹ Í norrænni kómík er það Þór sem á hliðstæða glímu við Elli kerlingu, engin farsæl sögulok þar heldur.

¹² Hér tel ég vísur 36–38 til lokakaflans, ólíkt t.d. Einari Ól. Sveinssyni (*Ísl. bókmen. í fornöld*, bls. 433). Hef ég það fyrir mér að í 36. vísu svarar Sigrún á engan hátt þeim orðum sem beint er til hennar í vísunni á undan heldur fer hún þar að hugsa sér endurkomu Helga með fríðu föruneyti, eins og gengur eftir í vísur 40–41. Á hvorum staðnum sem þátturinn byrjar er hann að tali EÓS hinn síðasti af sex hlutum kviðunnar.

Og hvað með það? Er ekki eðlilegt að góð skáld fái góðar hugmyndir, og þá sömu hugmyndirnar þegar svo vill verkast?

Jú, víst getur það verið eðlilegt, vel hugsanlegt að einhver líkindi með Helgakviðu og Ljóðaljóðunum verði til án nokkurra textatengsla eða áhrifa, hvorki frá öðru kvæðinu á hitt né frá sameiginlegri fyrirmynd. Þá er það kannski einmitt í máli hinnar stórbrotnu og elskandi valkyrju sem vænta má líkinga við tilfinningaþrunginn ástarkveðskap Gamla testamentisins. Líkindin eru þó allveruleg og mjög af því tagi sem oft er bent á til vitnis um áhrif eins texta á annan. Svo að spurninguna um áhrif hljóta þau að vekja.

Það er spurning sem ég tel enga leið að svara með neinni vissu, heldur verði bara að lifa með óvissunni, taka báða möguleikana með í hvern reikning. Hvort ég reikna fremur eða síður með áhrifum – þ.e. hvort ég met líkurnar á þeim yfir eða undir 50% – það kemur málinu eiginlega ekki við. Ég kann enga aðferð við slíkt mat sem lesendur greinarinnar þurfi að taka gilda. Og jafnvel þótt lesendur féllust á að telja annan kostinn mun líklegri en hinn – kannski 60 eða 70% á móti 40 eða 30 – dygði það ekki til að slá honum föstum, ganga út frá honum framvegis en afskrifa hinn.¹³ Nei, engu að síður yrði að miða við báða möguleikana, hugsa hvað eina eftir tveim mögulegum brautum.

Af spurningunni um áhrif hljóta að kvikna tvær nýjar: Hve gömul er eiginlega Helgakviða? Og hve snemma höfðu ný-kristnir Norðurlandabúar kynnst Ljóðaljóðunum að því gagni að hugmyndir þeirra og orðalag gæti farið að síast inn í þjóðtungukveðskapinn? Líkurnar fyrir textatengslum eru út af fyrir sig rök fyrir ungum aldri kviðunnar og skjótum kynnum af Ljóðaljóðunum. Hins vegar myndu önnur rök fyrir háum aldri Helgakviðu eða seinum kynnum af Ljóðaljóðunum benda til þess að ekki sé um áhrif að ræða.

¹³ Ef við hefðum það að reglu í bókmenntafræðinni að 70% líkur dygðu til að draga ályktun eða fallast á kenningu, þá væri býsna varhugavert að byggja eina ályktun á annari. Ef hægt er að telja 70% líkur til að kenning A standist, og að henni gefinni 70% líkur á að kenning B sé rétt, þá þýðir það í rauninni að kenning B sé ekki síður röng en rétt (ekki nema 49% líkur á að hún sé rétt af því að 70% af 70% eru 49%). Hvað þá ef svo er haldið áfram með kenningu C o.s.frv.

V

Um aldur Helgakviðu þýðir ekki að ætla sér neina nákvæmni.¹⁴ Í munnlegri geymd hafa öll eddukvæði verið breytingum háð: kvæða-fólk munað þau í ólíkum gerðum; gerðir blandast saman hjá þeim sem lærðu kvæðin af fleiri en einum; fólk lært skakkt eða gleymt úr kvæðum; en hins vegar aukið og endurbætt, bæði óvart þeir sem reyndu að rifja upp háfgleymt efni, og viljandi þeir sem ekki fannst duga það sem þeir höfðu lært. Helgakviða er auk þess, eins og hún er varðveitt, allt annað en heilsteypt verk, hlýtur að hafa tekið róttækum breytingum eða verið upphaflega sett saman úr ósamstæðu efni, nema hvort tveggja sé.¹⁵

Niðurlagskaflinn, þar sem líkindin koma fram við Ljóðaljóðin, er vissulega kjarni kviðunnar og listrænn hátindur. Þar með er ekki sagt að hann tilheyri elsta lagi hennar.¹⁶ Ef snillingur síðasta hlutans var sá sem fyrstur bjó kviðuna til, þá kann hann að hafa notað í hana mikið af gömlu efni, kannski einkum í fyrri þættina. Eða að kviðan var þegar til í einhverri gerð (eða gerðum) þegar snillingurinn kom til

¹⁴ Né um aldur eddukvæða yfirleitt; sjá t.d. varnagla hjá Einari Ól. Sveinssyni (*Ísl. bókm. í fornöld*, bls. 440) sem að lyktum getur ekki fullyrt meira en „að mikið af þessu sé allgamalt“.

¹⁵ Auk þróunar í munnlegri geymd hefur upphafleg skrásetning hvers kvæðis gefið tilefni til endurskoðunar eða ristýringar, og um Helgakviðu II benda menn á (Gísli Sigurðsson, *Eddukvæði*, bls. 198; Einar Ól. Sveinsson, *Ísl. bókm. í fornöld*, bls. 434) að hún hafi tekið breytingum í höndum afritara.

¹⁶ Jafnvel þótt það sé Jónas sem yrkir og ekki nema Konráð sem kemur á eftir, þá þurfa breytingar hans hreint ekki að vera til hins verra. Og sé það Jónas sjálfur sem stælir eða endurkveður eldra ljóð, þá er það af því að hann sér leið til að gera það miklu snjallara. Þetta mættum við gjarna hafa í huga sem hættir til að ganga út frá því að snilldin sé upprunaleg og geymdin hafi ekki öðru við að bæta en brengun og útþynningu.

Hér hef ég m.a. í huga tilgátugerð Helga Hálfðanarsonar af Völuspá, sem er afskaplega freistandi að trúa á – en þarf ekki endilega að vera elsta gerð kvæðisins. Ég held það sé jafnvel hægara að gera grein fyrir varðveittum gerðum Völuspár ef formsnillingurinn mikli, skáld þeirrar gerðar sem Helgi reynir að leiða í ljós, kom ekki til sögunnar fyrr en frumgerð kvæðisins var löngu orðin til og fólk kunni af henni ýmis afbrigði, kannski brengluð og óheil. Snillingurinn hefur þá tekið til í rústum gamla helgiljóðsins og reist á þeim sitt sniðfasta meistaraverk. En í munnlegri geymd var það dæmt til að brenglast af því að svo margir kunnu eldri gerðir sem þeir, viljandi eða óvart, blönduðu saman við hina nýju. Sjá annars orðaskipti Vésteins Ólasonar og Helga sjálfs í *Tímariti Máls og menningar*, 1. og 2. hefti 2007 (68. árg.).

og orti upp niðurlagið. En til að tímasetja verk hans kann ég engin afgerandi rök,¹⁷ ekkert sem útilokar að hann hafi starfað löngu eftir kristnitöku, allt eins á tólftu öld sem hinni elleftu. Möguleikinn á rit tengslum við Biblíuna *sannar* ekkert um aldur kviðunnar – hann er þó aldrei nema möguleiki – en hann *bendir til* þess að hún, eða a.m.k. lokakafli hennar, sé frekar ungur en gamall, og gegn því er varla neinum sterkum rökum að tefla.

VI

Ljóðaljóðin hafa tæplega verið meðal þeirra bóka Biblíunnar sem nýkristnar þjóðir urðu fyrst handgengnar. Þar hlaut Nýja testamentið að ganga fyrir, og af bókum Gamla testamentisins höfðu Davíðssálmar (Saltarinn) óbrúandi forskot vegna tíðabænanna. Þegar Ian J. Kirby kortlagði ritningarstaði í vestur-norrænum miðaldertextum¹⁸ koma þar skýrt fram þessir yfirburðir Nýja testamentisins og Davíðssálma. Af öðrum ritum Gamla testamentisins eru Ljóðaljóðin meðal þeirra sem talsvert er vitnað í, þar á meðal í hómeliubókunum, íslensku og norsku, en þær eru meðal elstu rita norrænna sem vitna í Biblíuna. Alls finnur Kirby vitnað í tíu staði í Ljóðaljóðunum (suma í fleiri ritum en einu), þar á meðal nokkra sem hér hafa verið tengdir við Helgakviðu: lilja meðal þyrna; vinstri hönd undir höfði; hlaupandi yfir fjöllin; ástin sterk eins og dauðinn.

Þarna gætir áhuga á Ljóðaljóðunum sem kannski er öllu meiri en vænta mætti út frá þeim lútherska kristindómi sem Íslendingar kynnst nú um stundir. En í ritskýringu miðaldakristinnar fór allmikið fyrir þessu sérstæða Biblíuriti.¹⁹ Margir guðfræðingar sömdu um það

¹⁷ Spurninguna um norskan uppruna eða íslenskan, hvort heldur hetjuljóðanna í heild, Helgakviðu sérstaklega eða lokabáttar hennar, leiði ég hér hjá mér. Þó má segja, úr því eddukvæðin eru varðveitt á Íslandi, að norskur uppruni bendi fremur á háan aldur; á hverjum tíma séu eldri nýjungar í kvæðageymdinni líklegri til þess en yngri að hafa borist milli landa. Norskt efni í eddukvæðum þarf þó ekki að vera ævafornt. Til samanburðar má hafa Atlamál, sem Konungsbók kallar grænlenk og er talin ástæða til að trúa að þaðan séu þau komin. Kvæðið hefur þá ekki aðeins mótast eftir að Grænland byggðist heldur borist til Íslands nógu seint til að uppruni þess sé enn í minnum hafður þegar það er fært í letur.

¹⁸ *Biblical quotation in old Icelandic-Norwegian religious literature*, Reykjavík (Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi), I *Text* (Rit 9) 1976; II *Introduction* (Rit 10) 1980. Um Ljóðaljóðin einkum I, bls. 92–94.

¹⁹ E. Ann Matter, *The Voice of My Beloved. The Song of Songs in Western Medieval Christianity* (Middle Ages Series), Philadelphia (Univ. of Pennsylvania Press) 1990.

skýringarrit – m.a. höfundar sem Íslendingar þekktu til, eins og Ísidór frá Sevilla, Gregóríus páfi mikli og Beda prestur fróði – og virðast þau hafa verið mikið lesin, a.m.k. í klaustrum.

Það var að sjálfsgöðu einkum á latínu sem menn þekktu Ljóðaljóðin, bæði úr Biblíunni sjálfri, úr messu- eða tíðatextum (einkum þeim sem tilheyrðu helgidögum Maríu meyjar) og úr skýringarritum, en bæði í þeim og helgisíðatextunum brá fyrir orðalagi úr eldri þýðingum en Vúlgötu.²⁰ Eftir einu skýringarritinu var efni Ljóðaljóðanna snarað á fornháþýsku um miðja 11. öld; annars er það varla fyrr en á 12. öld og síðar sem farið er að skrifa um þau á þjóðtungum og vitna til þeirra í guðrækilegum þjóðtungurítum.²¹

Í latínukveðskap nota menn snemma efni úr Ljóðaljóðunum. Þjóðtunguskáld eiga það til líka, en dæmi, sem bent er á um slíkt, eru annaðhvort miklu yngri en eddukvæðin eða frá svæðum þar sem klausturlíf og kristilegur lærdómur stóð á fornum merg.²² Þar er að vísu átt við eiginlegar tilvitnanir í Ljóðaljóðin eða efni úr þeim sem hlýðendum kvæðanna er ætlað að þekkja. Um orðalagsáhrif af því tagi sem virðist brydda á í Helgakviðu þori ég ekki að fullyrða hve víða þau kunna að eiga sér hliðstæður í þjóðkvæðum eða öðrum þjóðtungukveðskap.

VI

En nú er Helgakviða ekki einungis ort á þjóðtungan og til okkar komin sem þjóðkvæði; hún gerist í hundheiðnu umhverfi, þrungen trú á valkyrjur og afturgöngur, og víkur sögunni bæði til Valhalla og Óðins sjálfs. Skömmu eftir kristnitöku, meðan sjálf hirðskáldin fóru í felur með heiðnar rætur listar sinnar, hefur kveðskap af þessu tagi væntanlega verið sinnt af allt öðru fólki en þeim fáu sem veruleg kynni höfðu af heilagri ritningu.

En eftir því sem lengra leið frá trúskiptunum slaknaði á viðkvæmni fyrir því sem tengdist gömlu trúnni.²³ Skáldin fóru aftur að nota

²⁰ Kirby (*Biblical Quotation ...* I, bls. 93) bendir á slíkt lesbrigði í Maríu sögu þar sem það er ekki ástin sjálf heldur „elskhuginn“ sem „er svo styrkur sem dauði“, þ.e. *dilectus* í stað *dilectio*.

²¹ Matter, *The Voice ...*, bls. 179–186.

²² Matter, *The Voice ...*, bls. 189–193; Peter Dronke, „The Song of Songs and Medieval Love-Lyric“, *The Bible and Medieval Culture* (Mediaevalia Lovaniensia, ritstj. W. Lourdaux og D. Verhelst), Leuven (Leuven Univ. Press) 1979, bls. 237–262.

sínar goðsögulegu kenningar, líka í hirðkvæðum sem ort voru til útflutnings. Rúnirnar urðu nytjaletur á sínu sviði og kom ekki að sök þótt upprunasagnir tengdu þær við Óðin. Með fornmenntavakningu 12. aldar var rómversk heiðni hafin til vegs sem hluti af sögulegum arfi, og gátu þá Norðurlandabúar litið sömu augum á sínar heiðnu minningar. Þekktustu dæmi þess hugsunarháttar eru að vísu ung, um 1200 (Saxi málspaki) eða síðar (Snorri), en upphaf hans er eldra. Allt frá dögum Sæmundar, eða a.m.k. Ara, er hugsanlegt að upplýstir menn á kirkjulega vísu hafi talið sér sæmandi að taka þátt í varðveislu – og þá um leið endurnýjun – eddukvæðanna, einnig þeirra sem gerast á heiðnu sviði.

Ef sá svipur, sem bregður fyrir með orðalagi Ljóðaljóðanna og Helgakviðu, stafar af áhrifum frekar en tilviljun, þá má ætla að farvegur þeirra áhrifa sé einn maður, skáldið mikla sem færði okkur lokakafli kviðunnar í þeim búningi sem fátt fær við jafnast í norrænni orðlist eða íslenskri. En hvað eigum við að ímynda okkur um þann mikla meistara?

Hann stendur sínum fæti í hvorri jötu, kristinna mennta og norræna. Varla þó á tímamótum trúskipanna sjálfra – eins og Nordal hugsar sér t.d. um höfund Völuspár. Því að nái kynni af Ljóðaljóðunum eru ósennileg á því skeiði, og auk þess gæti engrar trúarleggar spennu í Helgakviðu. Hin táknræna túlkun kristinnar á Ljóðaljóðunum er þar víðs fjarri og heiðnin aðeins hlutlaus umgjörð um stórbrotin átök ástar og dauða. Miklu fremur má ætla (*ef gengið er út frá áhrifum Ljóðaljóðanna; allt er þetta með þeim fyrirvara fram sett*) að skáld okkar sé tólfstu aldar maður, mótaður eftir að sárasti ótti trúskiptanna við „gneista heiðninnar“ var liðinn hjá og eftir að þekking á heilagri ritningu varð sæmilega aðgengileg, kannski ekki almenningi en einhverjum verulegum minnihluta.

Sá minnihluti hefur einkum verið karlkyns, þess vegna líklegra að hér eigi karlmaður í hlut en kona. Vel má vera að konur hafi á ein-

²³ Sagan um Jón helga og heiti vikudaganna bendir í gagnstæða átt. En hún er örugglega röng. Heiðnu daganöfnin hafa ekki verið neinn norrænn arfur aftan úr forn-eskju, enda eru þau í eðli sínu þýðing úr latínu (þar sem þau voru reyndar dregin af himintunglum frekar en goðum). Ef eitthvað er til í sögunni af Jóni, þá hefur hann staðið gegn því *nýmæli* að taka upp á íslensku hin klassísku heiti vikudaganna. Þau nutu á dögum Jóns vaxandi hylli á latínu og urðu þýðingar þeirra að mestu ofan á í germönskum málum (þó ekki um laugardaginn – þar sem enskan notar latínuheitið óþýtt – og ekki um miðvikudaginn á þýsku), á íslensku þó aðeins sunnudagur og mánudagur.

hverju stigi átt meginþátt í varðveislu eddukvæðanna,²⁴ eða a.m.k. að þær hafi þar verið jafnokar karla. En í okkar dæmi er karlmaður líklegri til að búa yfir þekkingu á Ljóðaljóðunum, nógu náinni til að spegla orðalag þeirra í eigin verki. Líklegra líka að karlmanni verði gripið til bóklegrar fyrirmyndar þegar hann færist í fang að tjá heitustu tilfinningar syrgjandi valkyrju. Það kann jafnvel að vera honum nokkurt feimnismál að yrkja svo eldheitt fyrir munn konu, og þá viss afsökun að sjá hve feimnislaust sjálf heilög ritning leyfir sér að leika á strengi ástar og girndar, bæði af hálfu karls og konu. Þetta eru líkur, ekki vissa, ekkert útilokað að það sé kona sem með stoð í helgri bók lifir sig inn í hlutskipti valkyrjunnar.


Engin vissa er það heldur að þetta gerist á Íslandi. Kviðan, eða sú gerð hennar sem lokakaflinn var skráður eftir, kynni að hafa borist til Íslands seint, annaðhvort frá Noregi sjálfum eða frá öðrum afbyggðum hans. Varðveislan bendir til Íslands, náttúran til Noregs, og kynnu þær vísbendingar að sameinast í víðförlum Íslendingi²⁵ sem jafnvel hefði sótt sér kristilega menntun til annarra landa, komið heim biblíufastari en títt var, en tekið fagnandi endurfundunum við þjóðlegar menntir. Þetta er ekki kenning eða ályktun, aðeins nordölsk hugsmíð og má bregða upp sem einum möguleika af mörgum. Innanlands gat margur klerklærður maðurinn komist í tæri við Ljóðaljóðin á latínu og orðið þeim texta handgenginn. Jafnvel til í dæminu að maður – og þá alveg hugsanlega kvenmaður – sem ekki var latínulærður sjálfur, hafi stundað félagsskap þar sem sumir báru á borð latneskar menntir og aðrir þjóðlegar. Hugsum til skáldsins og höfðingjans Kolbeins Tumasonar sem (af pólitískum ástæðum, skulum við segja) dvaldi vetrarlangt á Þingeyrum, væntanlega mest í félagsskap munkanna, og má ætla að kveðskapur hans um Jóhannes guðspjallamann sé ávöxtur þess samneytis. Annar maður gat hafa verið í svipuðum sporum sem ekki var dróttkvæðaskáld heldur iðkandi eddukvæða, og hefði Helgakviða þá notið ávaxtanna.

²⁴ Og annarra skyldra fræða; „eddu“-heitið sjálft gæti t.d. verið dregið af heimildar-mönnum úr röðum roskinna kvenna.

²⁵ Sbr. ályktun Einars Ól. Sveinssonar í nmg. 6.

Björn Ingólfsson

Tvær ljóðmyndir





Kristian Guttesen

Stúlkan sem var elskuð í skjóli nætur

Hvar varstu?

Þegar dagurinn kom
varstu hér.

Hvert fórstu í nóttinni?

Hvar vaknaðir þú
þegar dagurinn kom
varstu hér?

Þegar
þú hafðir grátið. Og þegar
þú hafðir legið eins og sært og yfirgefið dýr
varstu hér.

Þegar morgnaði kom dagur.

En hvert fórstu svo. Og *hvað* varstu?

Höfðu hundarnir étið þig. Varstu lífs eða liðin?

Hvernig leið þér í nóttinni?

Hundar mega ekki borða börn, sagðir þú. En þorðir
ekki að gráta.

Hver reið þér í nóttinni?

Bestu ljóðin voru ort til þín. Og þú þorðir bara að gráta
þegar svartnættið kom. Og þú varst horfin en samt
varstu hér.

Svartir hundar glefsa.

Í nóttinni og riðu burt.

Haukur Þorgeirsson

List í Lokrum¹

Aðfararorð

Lokrum eru íslenskar rímur, ef til vill frá því um 1400. Þær eru ortar út af sögunni um för Þórs til Útgarða-Loka sem finna má í Gylfaginningu. Flestir fræðimenn hafa talið að rímnaskáldið hafi ort rímurnar út af texta Gylfaginningar en þó tekið sér nokkru meira sjálfstæði um efnismeðferð en algengast er í rímum. Þetta sjálfstæði á að koma þannig fram að rímnaskáldið bæti við söguna ýkjukennendum lýsingum frá eigin brjósti.

Í þessari rannsókn er munurinn á efnismeðferðinni í Gylfaginningu og rímunum skoðaður nánar og hugmyndir fyrri fræðimanna teknar til endurskoðunar. Stíllinn á Gylfaginningu og Lokrum verður borinn saman með tilliti til hefðbundinna fagurfræðilegra viðmiða fræðimanna í norrænum bókmenntum. Sýnt verður fram á hvernig rímnaskáldið ljær sögunni nýjan ramma til að hún geti betur staðið sjálfstæð og lagar hana til þannig að hún verði rökréttari og meira spennandi. Skoðað verður íronískt misræmi milli atburðarásar rímnanna og kynningar þeirra á aðalpersónum. Reynt er að vinda þessa rannsóknarþætti saman í málsvörn fyrir rímnaskáldið og vinnubrögð þess.

Útgáfusaga

Í riti Jóns Þorkelssonar, *Om Digtingen på Island i det 15. og 16. Århundrede*, sem út kom árið 1888, birtist í fyrsta skipti verulegur hluti af Lokrum á prenti, einar 35 vísur.² Í útgáfu Jóns af vísunum er stafsetning að nokkru samræmd en handritinu annars fylgt nokkuð nákvæm-

¹ Grein þessi hóf feril sinn sem ritgerð í námskeiði hjá Ármanni Jakobssyni. Ármanni þakka ég athugasemdir og hvatningarorð. Ritsjórum Sónar og ónefndum ritryni þakka ég gagnlegar athugasemdir.

² Jón Þorkelsson (1888:158–160).

lega. Jón hefur aðeins fáeinar leiðréttingar, en til vandræða er að þær eru ekki alltaf auðkenndar. Hann skeytir ekki um hljóðvalarlögmálið og prentar til dæmis „Digran hafði stumir staf“ þótt „stum“ væri stutt atkvæði að fornu og því bragfræðilega vafasamt á þessum stað.

Fyrsta heildarútgáfa rímnanna birtist 1896 í riti Finns Jónssonar, *Fernir fornislenskir rímnaflokkar*. Þar hefur Finnur samræmt stafsetningu handritsins að því sem hann taldi sig næst geta komið máli rímnaskáldsins.³ Þar sem honum þykir vafi geta leikið á lestri og þar sem hann hefur leiðrétt handritið prentar hann þó stafrétt texta þess neðanmáls. Finnur gengur miklu lengra í að leiðrétta handritið en Jón gerði átta árum áður, stundum á bragfræðilegum forsendum en stundum merkingarlegum. Til dæmis prentar Jón athugasemdalaust Þórskenninguna „skessu vinr“ sem Finnur leiðréttir í „skessu dólgr“. Stundum yrkir Finnur upp heilu vísuorðin. Þar sem handritið hefur „furdulegann bar fulan þef. er fyke j hellis skuta.“ prentar Finnur „furðu-lángt bar fúlan þef / úr fylki hellis-skúta“.⁴ Útgáfa Finns endurspeglar anda sinnar tíðar en Finnur og samtímamenn hans höfðu mikla trú á getu fræðimanna til að leiðrétta varðveitta texta í átt til betra og upprunalegra horfs.

Finnur gaf rímurnar aftur út í fyrsta bindi *Rímnasafns* (1905–1912). Þar er prentað stafrétt eftir handritinu. Flestum leiðréttingunum úr fyrri útgáfunni er haldið en ekki öllum. Sumum hinna djörfustu er sleppt en þó er mörgum haldið sem mega þykja býsna djarfar, til dæmis verður *vinr* sem fyrr *dólgr*. Á einstaka stað hefur Finnur lesið handritið öðruvísi en áður og munar þar mest um fyrstu vísuna.

Árið 1938 birtist eina handrit rímnanna, Staðarhólsbók, ljósprentað í ritröðinni *Corpus codicum Islandicorum medii aevi*. William Craigie ritaði formála.

Í *Sýnisbók íslenzkra rímna* sem William Craigie gaf út 1952 eru birt 28 erindi úr Lokrum. Þótt Craigie hafi komið að útgáfunni á handriti rímnanna verður ekki betur séð en að texti þeirra í sýnisbókinni sé byggður á útgáfum Finns og fylgi ýmist útgáfunni frá 1896 eða þeirri í *Rímnasafni*. Á einstaka stað hefur Craigie þó leiðrétt textann enn frekar. Þessi útgáfa af úrvali úr rímunum hefur lítið fræðilegt gildi enda ætluð sem lesútgáfa.

Fyrir utan það sem nú hefur verið talið er mér ekki kunnugt um að verulegur hluti úr Lokrum hafi birst á prenti. Nokkrar vísur hafa

³ Finnur Jónsson (1896:v).

⁴ Finnur Jónsson (1896:3).

þó birst á stangli í tengslum við umfjöllun eða rannsóknir. Nýlegt dæmi um slíkt er að Sverrir Tómasson birtir þrjár vísur úr rímunum í grein frá 1996.⁵ Fróðlegt er að bera útgáfu hans á vísu sem vitnað var til hér að framan saman við útgáfur Finns Jónssonar. Í tíundu vísu annarrar rímu er Skrými jöttni lýst.

FJ 1896:3

Bjargi líkt var Bauga nef
bjúgt sem hornið hrúta,
furdú-lángt bar fúlan þef
úr fylki hellis-skúta.

FJ 1905–1912:295

Bjarge líkt var Bauga nef,
bivgt sem hornnit hrvta;
furduligan bar fulan þef
ur fy/ke hellis skuta.

ST 1996:31

Bjargi líkt var Bauga nef
bjúgt sem hornið hrúta;
furduligan bar fúlan þef
er fyki í hellis skúta.

Finnur leiðréttir textann minna í seinni útgáfu sinni en hinn fyrri og Sverrir leiðréttir hann ekki neitt. Þetta er mjög í samræmi við breytta stefnu í útgáfum en í seinni tíð hafa menn heldur glatað trúnni á djarfar leiðréttingar og leyfa fremur ýmsu að standa sem ekki er augljóst hvernig megi fá góða merkingu úr. Sá er þetta ritar er ekki ósnortinn af þessari stefnu.

Rannsóknarsaga

Eins og rakið var í kaflanum hér að framan voru Lokrur gefnar út í ljósprentaðri útgáfu, í stafréttri útgáfu og í útgáfu með samræmdri stafsetningu þegar fyrir miðja síðustu öld. Þær hafa því verið lengur og betur aðgengilegar til rannsókna en flestar íslenskar miðaldarímur. Því miður hafa þær ekki að sama skapi mikið verið rannsakaðar.

⁵ Vésteinn Ólason birtir aðrar þrjár vísur í enn nýrri grein (1999:224).

Raunar hefur lítið verið fjallað um Lokrur á fræðilegum vettvangi, eða á nokkrum vettvangi sem mér er kunnur. Mér er ekki kunnugt um neina fræðilega grein sem helguð er rímunum. Það helsta sem prentað hefur verið um verkið eru a) athugasemdir útgefenda þess, b) athuganir Björns Karels Þórólfssonar í *Rímum fyrir 1600* og c) stuttar umfjallanir í bókmenntasögum og yfirlitsritum. Fyrir utan þetta má hér og hvar finna gagnlegar athugasemdir um Lokrur í umfjöllun um eitthvað annað – þá helst þegar rætt er um aðrar rímur (einkum Þrymlur) og þegar fjallað er um goðsöguna um ferð Þórs til Útgarða-Loka.

Sjálfstæði og ýkjur

Jón Þorkelsson segir að Lokrur fylgi náíð frásögn Snorra-Eddu.⁶ Undir þetta tekur Finnur Jónsson:

Oft og einatt eru höfð alveg sömu orð og setningar í rímunum, sem eru hjá Snorra, enda er saga hans þrædd.⁷

Í hinna miklu bókmenntasögu sinni bendir Finnur þó á að rímnaskáldið sé ekki algjörlega bundið við frásögn Gylfaginningar og tiltekur sérstaklega lýsinguna á Skrými og ýkjur í orðalagi.

Der findes dog enkelte selvstændige udmalinger som den grell-humoristiske beskrivelse af Skrymer (rime II), samt enkelte overdrivelser i udtrykkene hist og her.⁸

Seinni fræðimenn hafa tekið undir að Lokrur hafi að einhverju leyti sjálfstæða efnismeðferð:

[Í] Lokrum og Völsungs rímum er líka unnið á tiltölulega sjálfstæðan hátt með efni úr Snorra Eddu og Völsunga sögu ...⁹

⁶ „fölger nøje beretningen i Snorra-Edda“, Jón Þorkelsson (1888:158).

⁷ Jón Þorkelsson (1896:ii).

⁸ Finnur Jónsson (1924:36). Svipað orðalag hefur Finnur í bókmenntasögu sinni á íslensku. „Í þeim finnast sjálfstæðar lýsingar og eru þær ekki óskemtilegar, þótt nokkuð sjeu orðum auknar.“ (1904–5:427).

⁹ Vésteinn Ólason (2006:323). Í annarri nýútkominni bókmenntasögu kveður Vésteinn svipað að orði: „It shares with other „Eddic“ cycles a tendency to treat its source more freely than do rímur based on Legendary Sagas or romances.“ (2006:58).

Pegar kemur að því að lýsa stíleinkennum rímnanna er einnig samhljómur hjá yngri og eldri fræðimönnum; þær einkennast af ýkjum:

Efnismeðferðin er með svipuðum hætti og í Þrymlum: leikið er með lýsingar á jötnum, ýkjur stórfelldar ... Í Lokrum og Þrymlum er goðsögnum skipað á bekk með ýkjusögum ...¹⁰

Hér er ástæða til að staldra við. Í sögunni eins og hún kemur frá Snorra er svo stór jötunn að Þór og þrír förunautar hans geta gist í þumlunginum á hanska hans. Sami jötunn getur hent á lofti heilu björgin til að verja sig fyrir hamarshöggum Þórs og það án þess að Þór verði nokkurs vísari. Og áfram er öll sagan í takt við þetta. Hvernig getur það síðan verið *rímnaskáldið* sem er sakað um ýkjur? Til að skýra þetta þarf að skoða hvers konar frásagnarstíll það er sem fræðimenn eru vanir að miða við. Mjög gagnlega greinargerð fyrir þessu er að finna hjá Birni Karel Þórólfsyni.

Frásagnarstíll rímna er að ýmsu leyti ólíkur fornum íslenskum sögustíl, og standa rímurnar um alla list langt að baki sögum, sem sá stíll er á. Þegar rímur eru kveðnar eftir sögum eða söguköflum, sem standa á háu stigi listar, verður í höndum rímnaskáldanna lítið eftir af hinni fornu snild, þó að greinileg sjeu áhrif sagnanna á stíll rímnanna. Langt standa Lokrum að baki ferðasögu Þórs í Snorra Eddu ...¹¹

Meðal þess sem einkennir fornan íslenskan sögustíl er að mati Björns Karels *kjarnyrði* en þensla á söguefninu með „orðalengingum“ og „hortittum“ telur hann til lýta rímna, og þó einkum þeirra yngri. Önnur einkenni sem kennd hafa verið við sögustíl eru hlutlægni í frásögn eða að „viðburðirnir sjálfir [séu] látnir tala sínu máli“ eins og Björn Karel orðar það. Einnig er rétt að nefna hér til sögunnar *höfstillingu* og *úrdrátt* sem jafnan hafa verið talin til einkenna sögustílsins.¹²

Nú erum við betur í stakk búin til að bera saman stíllinn á Lokrum og Gylfaginningu og er ekki úr vegi að byrja á lýsingunni á Skrými sem Finnur Jónsson nefnir og Sverrir Tómasson hefur greinilega í huga. Í Gylfaginningu er jötuninum fyrst lýst svo:

¹⁰ Sverrir Tómasson (1996:31).

¹¹ Björn Karel Þórólfsón (1934:221).

¹² Sjá t.d. Vésteinn Ólason (2006:54–5).

[P]á gekk Þór út og sér hvar lá maðr skamt frá honum í skóg-inum, og var sá eigi lítill.¹³

Seinna hefur Skrýmir þessi orð um sjálfan sig:

Heyrt hefi ek at þér hafið kvisat í milli yðvar at ek væra ekki lítill maðr vexti ...¹⁴

Þessar örlitlu athugasemdir eru eina beina lýsingin sem finna má á Skrými í Gylfaginningu. Jötunninn sem á hanska á stærð við skála er „eigi lítill“ og „ekki lítill maður vexti“. Lítum nú á lýsingu rímnanna á sama einstaklingi.

II 9 Firnaljótr og að fæstu vel
er flassi þessi skaptur,
býsna digr og blár sem hel,
berr það enginn aftur.¹⁵

10 Bjargi líkt var Bauga nef,
bjúgt sem hornið hrúta,
furðulegan bar fúlan þef
er fyki í hellisskúta.

11 Augu hans *sem hallar tveir,
höku bar mjóva og langa,
munninn sögðu mestan þeir,
mjög tók út á vanga.

—
* sem] < eru sem. *Fʝ*

12 Allir negl sem arnar klær
á Irpu fáka svelti,
sköguðu úr höfði tennur tvær
tröls sem í villigelti.

¹³ *SnE* (1988:38).

¹⁴ *SnE* (1988:39).

¹⁵ Hér og framvegis þegar vitnað er í Lokrur er byggt á ljósprentaðri útgáfu Staðarhólsbókar. Þegar leiðréttingar Finns Jónssonar eru samþykktar er þess getið.

- 13 Allr var hann um beinin berr
og blár sem hraunsá renni,
höldum leizt hann hræðilegr
heldr en segja nenni.

Nú er þetta óneitanlega skrautleg lýsing. En er hún ýkjukennnd innan veruleika sögunnar? Hlýtur ekki jötunn af þessari stærð að vera ferlegur? Og hvernig líta jötnar á annað borð út? Um það eru ekki mjög greinargóðar heimildir en ljóst er þó að menn hafa talið þá býsna stórskorna löngu áður en rímnaskáldin tóku til starfa. Í Hymiskviðu er til dæmis talað um jötun með níu hundruð höfuð.

Í bókmenntalegu samhengi þar sem „eigi lítill“ er talið eðlilegt orðalag eða fyrirmyndarstíll í lýsingu á risavöxnum jötni kemur ekki á óvart að lýsing rímnaskáldsins þyki afbrigðileg og ýkjukennnd. Ég hef hins vegar efasemdir um að þetta sé heppileg nálgun. Okkur er alls ekki skylt að nota prósasítil Snorra Sturlusonar sem mælistiku á stíl rímnaskálda. Það er ekki nauðsynlegt að líta á kjarnyrði og úrdrátt Snorra og sumra samtímamanna hans sem hinn eðlilega og góða stíl en telja það orðalengingar og ýkjur sem ekki samrýmist þeim viðmiðum. Það eru ekki allar lýsingar ýkjukennndar sem ekki beita úrdrætti.

Raunar má spyrja hversu heppilegt orðið *ýkjur* sé til að greina goðsögur eins og þá sem hér er til umræðu. Með ýkjum er átt við öfgafullar fullyrðingar sem standast ekki í bókstaflegum skilningi en hver getur sagt okkur hvað stenst og hvað ekki í raunveruleika goðsagnarinnar? Eru það ýkjur að Nói hafi komið öllum dýrunum inn í örkina? Er það stórlega orðum aukið að Jesús hafi mettað fimm þúsund manns með nokkrum fiskum og brauðum? Eru það ýkjur að Aþena hafi sprottið úr enni Seifs? Ég held að þeim manni sem færi af stað með bókmenntagreiningu í þessum stíl yrði fljótlega sagt að hann hefði misskilið eðli og gildi þessara sagna.

Ég tel að ekki sé rétt að líta á lýsingu rímnanna á Skrými sem ýkjur heldur sem lið í viðleitni rímnaskáldsins til að fylla á rökréttan hátt út í beinabera þætti í frásögn Gylfaginningar. Skáldinu hefur þótt „eigi lítill“ vera rýr lýsing svo að það reynir að gera sér í hugarlund hvernig gríðarlega stór og ferlegur jötunn gæti litið út. Skáldið hefur vísast talið lýsingu sína standast innan veruleika sögunnar og ég sé ekkert sem mælir gegn því.

Hér hefur verið reynt að halda uppi vörnum fyrir einn þátt í meðferð rímnanna á sögunni en til að fá skýrari hugmynd um vinnu-

brögð skáldsins og fagurfræði verksins er nauðsynlegt að skoða fleiri dæmi. Í köflunum sem á eftir fara verður litið á valda þætti úr rímunum. Mest verður hér dregið úr fyrri hluta þeirra, ekki síst vegna þess að þar er mest um athyglisverðan mun á þeim og Gylfaginningu.

Rétt er að taka fram að ég tel, eins og langflestir sem um Lokrur hafa fjallað, nánast öruggt að rímnaskáldið hafi haft fyrir sér texta af Gylfaginningu líkan þeim sem við höfum í Konungsbók, Ormsbók og Trektarbók. Eftir að hafa ítarlega borið saman rímurnar og frásögnina í Gylfaginningu þykir mér sú hugmynd Sverris Tómassonar að skáldið hafi aðeins þekkt söguna í munnmælum vera ósennileg.¹⁶ Nánari rökstuðningur fyrir þessu verður hins vegar að bíða betri tíma og ekki er fyrir að synja að skáldið hafi haft einhvern fróðleik um goðin úr munnlegri hefð.

Umgjörð sögunnar

Í Gylfaginningu er sagan af ferð Þórs til Útgarða-Loka kynnt sem svar við þessari spurningu Gylfa:

Hvárt hefir Þórr hvergi svá farit at hann hafi hitt fyrir sér svá ríkt eða ramt at honum hafi ofrefli í verit fyrir afls sakar eða fjolkyngi?¹⁷

Hár, Jafnhár og Priðji reyna að víkja sér undan að svara spurningu. Gylfi þráspyr og á endanum gefast viðmælendur hans upp þótt þeim „þykki eigi fagrt at segja“ og segja söguna.¹⁸ Þessi innangangur er skemmtilega skrifaður og vel til þess fallinn að auka forvitni lesandans. Í Lokrum er hins vegar önnur umgjörð um söguna. Ekkert er þar að finna af ramma sögu Gylfaginningar um Gylfa og viðmælendur hans. Í staðinn er komin stutt kynning á Ásum, fyrst á Óðni.

I 2 Óðinn réð fyri Ása þjóð,
öllum veitti Stúma hljóð,
þengill gaf sá þegnum sigr,
þeim er báru að hildi vigr.

¹⁶ Sverrir Tómasson (1996:30–31).

¹⁷ *SnE* (1988:36).

¹⁸ *SnE* (1988:37).

Hér er svo að skilja að Æsir séu sigursælir og ekkert sem gefur í skyn að í hönd fari ein samfelld hrakfallasaga þar sem Æsir bíða sífellt lægri hlut. Athyglisverð er hér gullkenningin Stúma hljóð. Jötunsheitið Stúmi er seinna í rímunum notað um Útgarða-Loka og áður en yfir lýkur fá Æsir einmitt yfir sig nóg af hljóðunum í honum.

Nú er Þór kynntur til sögunnar.

- 3 Fjölnis þótti ferðin sterk,
furðu gjörn við hreystiverk;
alla list bar Þór af þeim,
þengil hvern er sóktu heim.

Þarna er Þór sagður bera af í list. Það er ekki dæmigerð Þórslýsing en þó er ljóst af goðsögum að Þór er margt til lista lagt; í Alvíssmálum beitir hann til dæmis klókindum. Vísan gefur í skyn að Þór leggi stund á að sækja heim konunga og beri sífellt efri hlut. Þarna undirbýr rímnaskáldið áætlun Þórs um að sækja heim Útgarða-Loka og áfram eru vaktar væntingar sem ekki standast um sigurför Ásanna.

Enn er Þór lýst og nú á kunnuglegan hátt.

- 4 Allir hræddust Yggjar nið,
orku neytti hann jafnan við,
*þöglir flýðu þussar land,
þegar hann tók sér Mjöllni í hand.

* þöglir] < þauglar. *Ff*

Töluvert verður stuðst við þetta erindi við túlkun á því sem eftir kemur. Höfundur gefur hér upp skýrt lögmál um það hvernig viðskipti Þórs og jötna eigi að vera: Þór neytir orku og tekur sér Mjöllni í hönd, þá verða jötnarnir hræddir og þöglir og flýja. Þetta lögmál stenst aldrei það sem eftir er sögunnar. Þegar Þór neytir orku eða tekur sér Mjöllni í hönd verða jötnarnir aldrei hræddir og hvað þá þöglir; þeir eru einmitt sífellt talandi. Aldrei flýja þeir heldur fyrir Þór.

Nú er Loki kynntur.

5 Loki var nefndur Þundar þræll,
þróttarlaus en ekki dæll;
hvar sem *Björn til byggða fór,
brá hann sér æ við brögðin stór.

—
* Björn] < bior. *Fʃ*

Hér er skemmst frá því að segja að enn stangast kynningin á við söguna sem á eftir fer. Þór fer einmitt til byggða í sögunni en Loki er þar ráðalaus og „brögðin stór“ er ekki hjá honum að finna heldur nafna hans.

Hvers vegna kynnir rímnaskáldið söguhetjurnar með inngangsvísu sem standast ekki og reynast hinar mestu öfugmælavísur? Einhver gæti stungið upp á að þetta væri einfaldlega klaufaskapur; skáldinu hefði þótt nauðsyn á að kynna Æsi til sögunnar og síðan klaufast til að gera það með upplýsingum sem gætu átt við aðrar godsögur en alls ekki söguna sem á eftir fer. Miklu líklegra hygg ég að skáldið hafi meðvitað ákveðið að láta inngang sinn stangast á við efni sögunnar. Á stöku stað mætti jafnvel halda því fram að skáldið lagi söguna beinlínis í hendi sér þannig að hún stangist meira á við inngangsvísurnar.

Strax í upphafi rímnanna er ljóst að rímnaskáldið fer öðruvísi með efniviðið en gert er í Eddu. Höfundur Gylfaginningar byggir upp væntingar hjá lesendum sínum um neyðarlega hrakfallasögu Þórs. Þessar væntingar standast. Rímnaskáldið byggir hins vegar upp væntingar hjá áheyrendum sínum um sigurför Ásanna gegn jötnum og rífur þessar væntingar skipulega niður eftir því sem sögunni vindur fram. Ekki þykir mér sú aðferð gefa hinni neitt eftir í listfengi.

Samtal Þórs og Loka

Þegar inngangserindunum að ofan sleppir tekur við samtal milli Þórs og Loka sem ekki á sér hliðstæðu í Gylfaginningu. Þar hefst sagan með því að „okupórr fór með hafra sína ok reið“¹⁹ án þess að útskýrt sé hvert hann ætlar að fara eða hvers vegna. Rímnaskáldið hefur ekki viljað una við þetta og gefur sögunni röklegt upphaf. Þór vill fara til Útgarða og hitta hinn dularfulla Útgarða-Loka.

¹⁹ *SnE* (1988:37).

- 6 Þór nam fréttu Nálar nið,
 „nú mun þurfa bragða við,
 niðskan vilda eg nafna þinn
 næsta hitta, kompán minn!
- 7 Útgörðum frá eg að öðling ræðr,
 engi vissi hans föðr né mæðr.
 Fjölnis þjón skal fara með mér,
 flesta kanntu leika þér“.

Þór þekkir Loka að bragðvísi, eins og getið er í fimmtu vísu, og vill liðsinni hans. Hann telur sig þurfa á brögðum að halda til að fást við Útgarða-Loka. Allt er þetta í samræmi við vísurnar á undan. Í Gylfaginningu er hins vegar alls ekki ljóst að Þór hafi lagt af stað til þess að finna Útgarða-Loka og má vel skilja þá frásögn svo að Þór og förunautar hans hafi rambað til Útgarða af tilviljun. Hjá rímnaskáldinu er það hins vegar skýrt að Þór anar af sjálfsdáðum út í ógöngur, og það þrátt fyrir aðvaranir Loka.

- 8 Loka var ekki létt um svör,
 „lítt hentar mér þessi för.
 Hefr þú frétt að hann er tröll?
 Hræðast næri flögðin öll.“
- 9 Yggjar svaraði arfi snar,
 „ef þú kemr í nokkurt skar,
 þá skal eg, bikkjan, bjarga þér.
 Bú þig skjótt og far með mér.“

Skammaryrðið *bikkja* á sérstaklega vel við Loka enda er hann bæði tengdur kynusla og dýraríkinu. Samkvæmt Gylfaginningu brá hann sér í merarlíki til að tæla hestinn Svaðilfara og samkvæmt sömu heimild er hann faðir Fenrisúlfs. Orðið *bikkja* er því vel valið hvort sem það hefur heldur merkt ták eða meri í máli rímnaskáldsins.

Athyglisvert er að bera þetta samtal Þórs og Loka saman við aðdragandann að öðrum ferðum Þórs til Jötunheima. Í sögunni af för Þórs til Geirröðargarða er það Loki sem eignir Þór til fararinnar. Í Gylfaginningu samþykkir Loki að koma Þór í Geirröðargarða „svo at hann hefpi hvarki hamaRiN ne megingiarþar“.²⁰ Í Þórsdrápu Eilífs

²⁰ *SnE* (1931:106).

Goðrúnarsonar, sem er ort út af sömu sögu, hvetur Loki Þór til fararinnar og segir að þangað liggi „grænar brautir“.²¹ Í Þrymskviðu veigrar Þór sér við að klæðast sem brúður og fara til Jötunheima. Þar kemur það einnig í hlut Loka að eggja hann til fararinnar.²²

Í Lokrum er þessu mynstri snúið á haus. Í stað þess að Loki hvetji Þór til ferðar til Jötunheima reynir hann að tala úr honum kjark. Þór ákveður ferðalagið að eigin frumkvæði og sést ekki fyrir. Hann ofmetur eigin styrk og telur sér fært að bjarga Loka lendi þeir í vandræðum. Þegar til kemur verður lítið úr slíkum björgunaraðgerðum.

Samtal Þórs og Loka í rímunum gegnir því hlutverki að gera frásögnina röklegri og sjálfstæðari. Með því að láta Þór tala digurbarkalega um að snúa á Útgarða-Loka gefur það honum einnig hærri söðul að detta úr. Samtalið er auk þess hnyttið og skemmtilegt í sjálfu sér.

Bóndinn og börn hans

Í Gylfaginningu hefst frásögnin svo:

Þat er upphaf þessa máls at Okuþórr fór með hafra sína ok reið, ok með honum sá Áss er Loki er kallaðr. Koma þeir at kveldi til eins búanda ok fá þeir náttstað.²³

Má vera að þeim sem orti rímurnar hafi þótt þetta heldur litlaus frásögn. Rímnaskáldið sviðsetur atburðinn, bætir við smáatriðum og beinni ræðu og gefur okkur hugmynd um viðbrögð bóndans.

10 Þór bjó heiman þeira ferð,
þurfti hvórki skjöld né sverð,
hamarinn tók og hafra tvá,
hvergi mátti slíkan fá.

11 Fyrðar sóttu langa leið,
Loki á göngu, en Þórir reið;

²¹ *SnE* (1931:107).

²² Marteinn H. Sigurðsson (2005) telur að ferðafélagi Þórs í Hymiskviðu sé Loki en ekki Týr. Ef þetta er samþykkt er þar að finna eitt dæmi enn um að Loki hvetji Þór til ferðar til Jötunheima. Sá sem þetta ritar telur að vísu að við túlkun Marteins séu miklir erfðileikar og ekki ljóst að kostir hennar séu meiri en gallarnir.

²³ *SnE* (1988:37).

Lóður kveðst að lyktum sjá
lítið hús og garða smá.

- 12 Þór að garði þessum snýr,
þar stóð úti fleina Týr,
karl er blíðr en kerling glöð,
„kostr er yðr að þiggja löð“.

Björn Karel kemur með athyglisverða ábendingu um þessa lýsingu:

Stundum laga rímnaskáld sögurnar eitthvað í hendi sjer, til þess að færa þær nær lífinu, eins og þau hafa þekt það sjálf. Svo er gert í Lokrum I, 11–12 um ferðasögu Þórs og Loka. Þar segir, að Loki grilti í fjarska lítið hús og garða smá ... Rímnaskáldið hefur í huga ferðalög á Íslandi.²⁴

Þetta er ekki óskynsamlega athugað. Ég er þó ekki viss um að breyting rímnaskáldsins felist í að gera goðsögulegan veruleika að íslenskum veruleika. Fyrst og fremst er hér aftur þensla á ferð – bláþráðótt lýsing Gylfaginningar („Koma þeir at kveldi til eins búanda ok fá þar náttstað“)²⁵ er gædd lífi með snotrum smáatriðum.

Nú eru börn bóndans kynnt til sögunnar. Í Gylfaginningu eru þau nefnd en þeim ekki lýst frekar. Rímnaskáldið hefur um þau nokkuð fleiri orð.

- 13 Börn hefr átt sér bóndinn tvau,
brigðuvæn eru systkin þau,
Þjálfi, nefni eg þrætu bjóð,
þussa kyns er Röskva fljóð.

Mjög athyglisvert er að hérna er Röskva talin af kyni þursa og faðir hennar þá væntanlega líka. Þetta kemur hvergi fram í Gylfaginningu en í Hymiskviðu er sá sem geldur börn sín fyrir hafursbækklunina kallaður „hraunbúi“ og er það alljötunslegt. Vera kann að rímnaskáldið hafi þekkt þessa sögu úr fleiri heimildum en Gylfaginningu og ekkert því til fyrirstöðu að það hafi þekkt Hymiskviðu. Hitt er þó ekki síður mögulegt að skáldið hafi ályktað af hyggjuviti sínu að

²⁴ Björn Karel Þórólfsson (1934:254).

²⁵ *SnE* (1988:37).

bóndinn og börn hans væru þursar eða ákveðið að það hentaði best sögunni eins og það vildi segja hana.

Loki, Þjálfi og hafrarnir

14 Þjálfi gekk og Þór í sal,
þriflegt tóku rekkar tal,
heiðarlaus drap höðnu bræðr
Hænis vin, og kyndu glæðr.

Hænis vinur er kenning notuð um Loka í Haustlöng og eðlilegt er að álykta að hún eigi einnig við Loka hér en ekki Þór. Það væri aukinheldur undarlegt að rímnaskáldið kallaði Þór skyndilega heiðarlausan en miklu eðlilegra að það orð sé haft um Loka. Í öllum handritum Gylfaginningar er hins vegar ljóst að það er Þór sem sker hafrana.

En um kveldit tók Þórr hafra sína ok skar báða. Eptir þat váru þeir flegnir ok bornir til ketils.²⁶

Hvers vegna er það Loki sem slátrar höfrunum meðan Þór situr inni í sal og ræðir við Þjálfu? Ef til vill hefur skáldið viljað draga fram hlutverk Loka sem þjónustumanns Þórs. Í því samhengi má benda á að í elleftu vísu er Loki látinn ganga meðan Þórr ríður en þess er ekki getið í Gylfaginningu. Niðrandi orð Þórs um Loka í samtali þeirra áður benda einnig í sömu átt. Nánari greiningu á undirsátahlutverki Loka í rímunum er að finna hjá Den Hoed.²⁷

Önnur hugsanleg skýring er að skáldið hafi hér kunnað aðra gerð sögunnar en þá í Gylfaginningu eða ef til vill reynt að setta heimildir. Í Hymiskviðu er sagt að „hinn lævísi Loki“ hafi valdið því að hraunbúinn galt tvö börn sín en í hafurssögunni eins og hún er í Gylfaginningu kemur Loki hvergi við sögu. Þekkti rímnaskáldið einhverja gerð sögunnar þar sem Loki olli holti hafursins en narraði Þjálfu eða kom sökinni á hann? Það er að minnsta hugsanlegt að grunsemdir vakni hjá lesandanum við það að Loki slátrar höfrunum og er í sömu andrá kallaður heiðarlaus.

Að Þjálfi og Þór gangi í sal og fari vel á með þeim er ekki heldur að finna í Gylfaginningu. Það undirbýr hins vegar ágætlega að Þór

²⁶ *SnE* (1988:37).

²⁷ Den Hoed (1931:42–49).

sækist síðar eftir Þjálfá sem þjónustumanni og er þannig hluti af viðleitni rímnaskáldsins til að auka röklegt samhengi sögunnar.

- 15 Þegar að fram bar fæðslu skauð
fólki Þór til veizlu bauð;
öflugum var þá eigi leitt
Ullar *mág að snæða feitt.

—
* mág] < maug. Fʃ

- 16 Gestir átu geitar jóð,
gleyptu bæði hold og blóð.
Þjálfí gjörði að ljósta legg,
lysta gjörir til mergjar segg.

Hér bætir skáldið lýsingu á málsverðinum við frásögn Gylfaginningar. Hún er stórkaraleg og kátleg eins og títt er um slíkar lýsingar í rímum og eitt dæmi enn um þenslu í frásögninni.

Þór ógnar bóndanum

Þegar Þór lífgar hafrana við morguninn eftir kemur í ljós að annar þeirra er haltur vegna beinsins sem Þjálfí braut. Þór reiðist við þetta og grípur hamarinn.

- 21 Þór varð ei við þetta frýnn,
þungar lét hann síga brýnn;
garprinn réð með gildan kraft
í greipum þrífa Mjöllnirs skaft.
- 22 Sjónir hvessti Sifjar verr,
svó gengr oft ef illa ferr,
herðir gekk úr hverjum lið,
hvítna tóku hnúarnir við.

Nú er rétt að rifja upp fjórðu vísu rímunnar en þar segir að allir hræddust Þór og að jötnarnir flýðu þöglir land þegar hann tekur sér Mjöllni í hendur. Við höfum nú fengið ávæning af því að bóndinn og heimilisfólk hans sé jötnakyns en ekki verður þó bóndinn þögull. Hinu er erfiðara að svara hvort hann verði hræddur.

- 23 Klókur talaði karl við Þór
 kneypilega með orðum fór,
 „svó vil eg heill að eg sættir býð
 sjálfum þér fyri heimalýð.“

Orðið *kneypilega* mun vera eindæmaorð. Í rímnaorðabók sinni leiðréttir Finnur Jónsson það í *kneyfiliga* og þýðir sem „frygtsomt“ en eftir því sem ég kemst næst mundi kneyfiliga einnig vera eindæmaorð. Jafnvel þótt leiðréttingin væri samþykkt get ég ekki séð að merkingin sem Finnur heldur fram sé einboðin af líklegum orðsifjum. Hann virðist einna helst hafa ráðið hana af samsvarandi stað í Gylfaginningu en þar segir:

Eigi þarf langt frá því at segja, vita megu þat allir hversu hræddr búandinn mundi vera er hann sá at Þórr lét síga brýnnar ofan fyrir augun; en þat er sá augnanna, þá hugðisk hann falla mundu fyrir sjóninni einni samt.²⁸

Ef vafaorðið er sett til hliðar verður ekki séð af rímunum að bóndinn sé viti sínu fjær af hræðslu.

Bóndinn og Þór komast síðan að samkomulagi.

- 24 Sauðungs anzar sifjarblóð,
 síðan týndi öllum móð,
 „Þjálfí vil eg að þjóni oss
 þrýstíligr og seima Hnoss.“
- 25 Karl var eigi í svörunum seinn,
 segir að Þór skuli ráða einn;
 röskur fylgdi bauga Baldr
 Bölverks *syni um allan aldr.

* syni] < sonur. F7

Mér þykir freistandi að túlka þessa senu sem fyrsta merki þess að upplýsingarnar í kynningunni á persónunum standist ekki. Bóndinn er sagður klókur og við gætum jafnvel látið okkur detta í hug að honum hafi vel líkað að senda börn sín í þjónustu þrumuguðsins.

²⁸ *SnE* (1988:37).

Skil milli heima?

Í Gylfaginningu er svo sagt frá ferð Þórs frá bóndanum:

Lét hann þar eptir hafra ok byrjaði ferðina austr í Jötunheima ok allt til hafsins, ok þá fór hann út yfir hafit þat it djúpa. En er hann kom til lands þá gekk hann upp ok með honum Loki ok Þjálfvi ok Röskva.²⁹

Manni kynni að detta í hug að ferð yfir hafið væri gott tækifæri til þenslu á sögunni en rímnaskáldið virðist ekki hafa verið þeirrar skoðunar því að hafsins er að engu getið í rímunum. Þetta kann að þykja óvænt í frásögn sem er, sérstaklega framan af, ítarlegri en sú í Snorra-Eddu. Vitanlega væri hægt að skýra mismuninn þannig að vísa eða vísur hefðu fallið brott úr rímunum eins og þær eru varðveittar. Eins mætti segja að þetta væri einfaldlega yfirsjón skáldsins. Slíkar skýringar hljóta þó alltaf að vera þrautalending eftir að skýrandinn kemst í þrot við að túlka textann eins og hann kemur fyrir.

Til að skýra hvers vegna rímnaskáldið sleppir hafinu tel ég rétt að athuga hvaða tilgangi það gegnir í Gylfaginningu. Þar markar hafið það hið djúpa skörp skil milli heima. Áður en Þór fer yfir hafið er hann í kunnuglegum heimi goðanna en hinum megin, í Jötunheimum og við Útgarða, verður allt stórskorið, undarlegt og óviðráðanlegt.

Sverrir Tómasson setti fram athugasemd sem á vel við hér.

Fyrir rímnaskáldunum er Jötunheimur og Ásgarður ein veröld, kannski eilítið fjarlægari en Bjarmaland.³⁰

Rímnaskáldið hefur ekki sömu þörf fyrir hafið og Snorri í Gylfaginningu. Í rímunum er, eins og hér hefur verið rökstutt, þegar byrjað að vekja efasemdir lesandans um Þór í atburðunum hjá bóndanum. Auk þess virðast bóndinn og heimafolk hans vera jötnar. Í rímunum eru því engin skörp skil milli atburðanna hjá bóndanum og þeirra sem eftir fylgja í sögunni.

²⁹ *SnE* (1988:37).

³⁰ Sverrir Tómasson (1996:31).

Þór hittir Skrými

Þór og förunautar hans sofa eina nótt í hanska Skrýmis en hroturnar í honum halda fyrir þeim vöku. Þór fer á stúfana og finnur jötunninn sofandi.

II 16 Tír bar Þór af tröllum oft,
tók hann Mjöllnir höndum,
hann greip sinn hamar með grimmd á loft,
Glóm vill svipta öndu.

Hér hefur aftur verið sett upp staðan sem lýst er í fjórðu vísu fyrstu rímu; Þór hefur Mjöllni á loft gegn jötni. Sem fyrr verður niðurstaðan ekki Þór í hag og Þór ber ekki tír af þessu trölli.

17 Flagðið á við flærðir skylt,
Flekkur tapaði blundi,
Vignis *fóstra verður bilt
að vega að bjarga lundi.

—
* fóstra] < fostri. *Fʃ*

Athyglisvert er að í Gylfaginningu er ekki tekið fram að Þór hafi hafið hamarinn á loft áður en þursinn vaknar.

Þegar jötunninn vaknar og sér Þór verður hann ekki þögull og hræddur heldur ræðinn og glæðbeittur.

18 Upp réð setjast leiðilegr,
lagliga kvaddi hann drengi:
„eflist heiðr og yðar vegr
Ásgarðs manna lengi.“

19 Þundar arfi þagði viðr.
Þór nam slíks að fréttu,
„höldum skýr þú, Hafla niðr,
heiti þitt af létta“.

Í útgáfu sinni 1896 bætir Finnur orðinu *ei* inn í textann milli *þagði og viðr*. Hann bætir því einnig inn í textann í útgáfu sinni í Rímnasafni,

þar sem hann er almennt varfærnari með leiðréttingar. Honum hefur því fundist leiðréttingin nauðsynleg og ekkert vit í því að fyrst sé sagt að Þór þegi við og svo strax í næsta vísuorði að hann taki til máls.

Ég er ekki viss um að þetta sé nauðsynleg leiðrétting. Að þegja við er að verða þögull sem viðbragð við einhverju sem hefur gerst, sér í lagi getur það þýtt að svara ekki þegar á mann er yrt. Í þessu tilfelli merkir það að Þór tekur ekki undir kveðju Skrýmis. Hitt er samt ekki óeðlilegt að það næsta sem gerist sé að sá sem þagði við taki til máls. Þetta er ekki ósvipað og í þriðju rímu þegar Útgarda-Loki ræðir við Æsina.

III 14 Öðling frá eg svó orðum veik,
 Ásar urðu hljóðir,
 „hafi þér nokkurn listar leik
 langt yfir *aðrar þjóðir?“

—
 * aðrar] < adra, leiðr. Fǫ

15 Svaraði Lóður en sveit var kát,
 sá má fæstu leyna,
 „þreyta mun eg við þegna át,
 ef það vill nokkur reyna.“

Þarna er sagt að Æsir verði hljóðir en þó er það næsta sem gerist að einn þeirra tekur til máls og svarar spurningunni. Ég held að bæði þessi tilfelli megi túlka út frá setningunni „þöglir flýðu þussar land“ í upphafi rímnanna. Þess er aldrei getið í rímunum að jötnarnir verði þöglir en á tveimur stöðum er sagt að Æsir þegi eða verði hljóðir. Þessir staðir eru því hluti af íronísku fjarlægðinni milli upphafs-erindanna og atburðarásar rímnanna. Að breyta öðrum þessara staða þannig að merkingin snúist í hina áttina er ekki til bóta.

Athyglisvert er svar Þórs þegar Skrýmir spyr hann hvert ferðinni sé heitið.

II 21 Þess skal eg sækja fylkirs fund,
 er fyrr vann sigr til dáða,
 fyr Útgörðum með ítra lund
 öðling ætti að ráða.

—
 með ítra] svo Fǫ, ólæsilegt í ljóspr. hdr.

Þarna er Þór farinn að smjaðra fyrir jötnunum. Í sjöttu vísu fyrstu rímu kallar Þór Útgarða-Loka „níðskan“ en nú er hann í munni Þórs kominn „með ítra lund“ og hefur unnið „sigur til dáða“. Ekkert þessu líkt er í Gylfaginningu en þetta er skemmtileg viðbót.

Þrautir Útgarða-Loka og niðurlag rímnanna

Ekki er hér rými til að fjalla ítarlega um seinni hluta rímnanna en þó verður drepíð á örfá atriði. Í höll Útgarða-Loka glíma Þór og félagar hans við ýmsa andstæðinga sem ekki eru allir þar sem þeir eru séðir. Seinna útskýrir Útgarða-Loki hvernig í pottinn var búið. Síðasti andstæðingurinn er kynntur svo til sögunnar:

Kalli mér hingat kerlinguna fóstru mína Elli, ok fáisk Þórr við hana ef hann vill. Felt hefir hon þá menn er mér hafa litizk eigi ósterkligri en Þórr er.³¹

Þór verður að vægja í þessari glímu og það útskýrir Útgarða-Loki seinna svo:

En hitt var ok mikit undr um fangit er þú stótt svá lengi við ok fell eigi meir en á kné oðrum fæti er þú fezk við Elli, fyrir því at engi hefir sá orðit, ok engi mun verða ef svá gamall er at elli bíðr, at eigi komi ellin ǫllum til falls.³²

Þetta hefur rímnaskáldinu ef til vill þótt dálítið klaufalegur samsetningur. Fyrst er Þór látinn glíma við kerlingu sem heitir Elli og síðan kemur í ljós að það er reyndar ellin sjálf. Þetta er kannski einum of augljóst. Í rímunum er farið öðruvísi að; þar er kerlingin kynnt svo:

IV 15 Köppum sýndist kerling stór,
komin þó *sýnt í elli,
rýgur tók og réð á Þór,
Rymr varð laus á velli.

* sýnt] < styntt. *Fj*

³¹ *SnE* (1988:42).

³² *SnE* (1988:43).

6 Bólgin var hon og blánuð öll,
 bognuð sýnt í lendum,
 gómaspjót á grýtipöll
 glíkust broddi strendum.

Ekki er sagt hvert nafn kerlingar er, það gerir hins vegar Útgarða-Loki þegar hann útskýrir blekkingarnar.

18 Þussa kvón var *þeygi fögr,
 þá er hon beit og reytti,
 það var Elli, Yggjar mögr,
 er orku við þig þreytti.

* þeygi] < þeyiu. *FJ*

Þetta þykir mér snyrtilegri lausn en hjá Snorra og til þess fallin að gera söguna meira spennandi. Ég sé enga ástæðu til að álykta með Sverri Tómassyni að rímnaskáldið geri ráð fyrir að áheyrendur þekki efni sögunnar.³³ Þvert á móti virðist skáldið leggja sig í lima til að ramma rímurnar inn sem samfellda rökræna heild sem hægt er að nálgast án fyrri þekkingar á goðsögunni.

Ef fallist er á þessa túlkun má auðvitað spyrja hvers vegna nöfn Huga og Loga komi fram í rímunum á sama stað og í Gylfaginningu en séu ekki flutt til eins og nafn kerlingarinnar. Ég tel það vera vegna þess að þessi nöfn koma fyrir sem mannanöfn annars staðar í forn-sögum (t.d. Heimskringlu og Hrómundar sögu Gripssonar) og eru því ekki „jafngrunsamleg“ og nafnið Elli.

Einnig er rétt að vekja athygli á mismunandi tóni Útgarða-Loka í útskýringum hans á blekkingunum sem Þór og félagar voru beittir. Í Gylfaginningu gerir hann mikið úr verkum Þórs („svá mikinn krapt ... þat undr er ek munda eigi trúa at vera mætti ... hitt var ok mikitt undr“)³⁴ og hlýtur það að vera til þess fallið að draga úr niðurlægingu Þórs í huga lesandans. Í rímunum eimir nánast ekkert eftir af þessu. Í Gylfaginningu er þessari goðsögu auk þess fylgt eftir með því að Þór leitar hefnda og fer til fundar við Miðgarðsorm. Ekki er á þetta minnst í rímunum. Heildaráhrifin af þessum breytingum eru að auka á auðmýkingu Þórs.

³³ Sverrir Tómasson (1996:31).

³⁴ *SnE* (1988:42–43).

Niðurstöður

Hér hefur verið litið á nokkra valda kafla úr rímunum og þeir bornir saman við samsvarandi staði í Gylfaginningu. Munurinn er margvíslegur. Í rímunum er umgjörð sögunnar breytt þannig að hún geti betur staðið sjálfstæð. Sagan er á köflum þanin þannig að gefinn er gaumur smáatriðum sem hlaupið er yfir í Gylfaginningu. Frásögninni er komið í skýrara röklegt samhengi með því að láta Þór ákveða að fara á fund Útgarða-Loka þegar í upphafi og með öðrum breytingum sem láta ekki mikið yfir sér. Leikið er með eftirvæntingu áheyranda með því að láta inngangserindi rímnanna og rödd sögumanns stangast á við innihaldið sjálft. Þór og Æsir eru sífellt lofaðir í orðum en frásögnin sjálf er hreinræktaðri hrakfallasaga en útgáfan í Gylfaginningu.

Fyrri athugendur hafa haldið því fram að munurinn á Gylfaginningu og Lokrum felist einkum í ýkjum rímnanna. Þessari kenningu er hér hafnað. Skoðun þess er þetta ritar er að fyrri fræðimenn hafi beitt hugtakinu *ýkjur* á ónákvæman hátt til greiningar á íslenskum bókmenntum eftir „gullöld“ þeirra á þrettánda öld. Íslenskar rímur og rómönsur hafa iðulega verið vegnar og léttvægar fundnar á mælikvarða hins „klassíska“ íslenska stíls og raunsæislegs smekks fræðimanna á 19. og 20. öld. Einn hluti af þessum smekk er viss óbeit á tröllum og forynjum.³⁵ Það kemur því ekki á óvart að ítarlegar lýsingar Lokra á jötnum skuli vera afgreiddar sem ýkjur á lágu stigi listar. Til þess að fræðimenn 21. aldarinnar geti náð meiri árangri í greiningu á eftirklassískum íslenskum bókmenntum verða þeir að losna við þessa dauðu hönd fortíðarinnar.

HEIMILDASKRÁ

FRUMHEIMILDIR

Early Icelandic rímur. (Corpus codicum Islandicorum medii aevi 11). 1938.

Útg. Craigie, William A. Copenhagen.

Edda Snorra Sturlusonar. 1931. Útg. Finnur Jónsson. København.

Fernir forníslenskir rímnaflokkar. 1896. Útg. Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn.

³⁵ Tolkien (1997) tekur fyrir dæmi um þetta.

- Rímnasafn. Samling af de ældste islandske rimer. I-II. 1905–1922.* Útg. Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn.
- Snorri Sturluson. *Edda. Prologue and Gylfaginning.* 1988. Útg. Faulkes, Anthony. London.
- Sýnisbók íslenzkra rímna I. 1952. Útg. Craigie, William A. London/Reykjavík.

EFTIRHEIMILDIR

- Björn Karel Þórólfsson. 1934. *Rímur fyrir 1600.* (Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga IX). Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson. 1924. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie III.* København.
- Finnur Jónsson. 1926–1928. *Ordbog til de af Samfund til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af Dr. O. Jiriczek udgivne Bósarímur.* København.
- Gras, Elizabeth J. 1931. *De Noordse Loki-Mythen in hun onderling verband.* Haarlem.
- Den Hoed, Petronella M. 1928. *Hemingsrímur.* Inleiding. Haarlem.
- Jón Þorkelsson. 1888. Om Digtingen på Island i det 15. og 16. Århundrede. København.
- Marteinn H. Sigurðsson. 2005. Þórr's travel companion in *Hymiskviða. Gripla XVI:197–208.*
- Sverrir Tómasson. 1996. Nýsköpun eða endurtekning? Íslensk skáldmennt og Snorra Edda fram til 1609. *Guðanýjður og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist.* Ritstjóri: Sverrir Tómasson. Reykjavík:1–64.
- Tolkien, J. R. R. 1997 [1936]. Beowulf: The Monsters and the Critics. *The Monsters and the Critics and Other Essays.* London.
- Vésteinn Ólason. 1999. Rímur og miðaldarómantík. *Heiðin minni.* Ritstjórar: Haraldur Bessason og Baldur Hafstað. Reykjavík:221–239.
- Vésteinn Ólason. 2006a. Kveðskapur frá síðmiðöldum. *Íslensk bókmenntasaga II.* Ritstj. Vésteinn Ólason. Reykjavík:285–378.
- Vésteinn Ólason. 2006b. Old Icelandic Poetry. *A History of Icelandic Literature.* Lincon:1–64.

Kristian Guttesen

Tvö ljóð

Blóð fyrir X

hvernig fannst þér að deyja
þegar morgnarnir komu og eldborgirnar teygðu sig upp
var nóg að segja skál fyrir nýjum degi og öðrum
skál þangað til við hverfum burt
var það af yfirlögðu ráði sem þú
settir í annan heim
og skildir kveikjarann eftir

Svartfugl

Þeir koma og leiða mig burt,
ég fæ engu ráðið.

Þeir koma,
eins og englar að sækja um leyfi fyrir einkasamkvæmi.

Ég fylgi þeim og dreg á eftir mér
stóran og ljótan risavaxinn fugl.

Nú er hann dauður, munu þeir segja.

Helga Kress

Saga mín er sönn en smá

Um ævikvæði kvenna

*Situr hún við gluggann sinn í ágúst
og yrkir lítil ljóð
um litla lífið sitt
sem er alveg eins og dagarnir
á leiðinni út í veturinn
og haustið á næstu grösum ...¹*

Það er viðtekin skoðun í íslenskri bókmenntasögu að svokölluð ævikvæði verði ekki til fyrr en á 17. öld og leggist strax niður á þeirri átjándu. Til marks um það er bent á nokkur karlskáld sem ortu um ævi sína á þessu tímabili.² Hér getur að líta aðferð sem er algeng í jafnt sagnfræðilegum sem bókmenntasögulegum rannsóknum, að taka eingöngu mið af körlum en setja niðurstöðurnar fram sem algildar. Þetta gerir að hin ritaða bókmenntasaga fær á sig slagsíðu þar sem skáldskapur kvenna og sú saga sem í honum felst er gerður ósýnilegur. Það er gengið fram hjá honum eins og hann hafi aldrei verið til.

Ævikvæði eru samkvæmt skilgreiningu „kvæði þar sem höfundur rekur ævi sína, e.k. sjálfsævisaga í ljóðum“.³ Skammstöfunin „e.k.“ er athyglisverð þar sem hún sýnir erfiðleika við skilgreininguna. Skilin milli sjálfsævisagna og endurminninga eru nefnilega ekki skörp, og á það einkum við um konur sem í sjálfsævisögum sínum flétta gjarnan

¹ Steinunn Sigurðardóttir 1971:9. Úr „Haustið á næstu grösum“.

² *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 1983:314, undir uppsláttarorðinu „Ævikvæði“. Höfundar færslunnar er ekki getið. Sjá einnig *Íslenska bókmenntasögu* 1996:117–118, en í kaflanum „Bókmenntir um sjálfið“ viku Matthías Viðar Sæmundsson að ævikvæðum þriggja karlskálda á 17. öld sem eins konar undanfara sjálfsævisagna í óbundnu máli en lítur að öðru leyti á ævikvæði sem úrelta bókmenntategund.

³ Sbr. *Hugtök og heiti* 1983:314.

saman frásögnum af eigin lífi og endurminningum um mannlíf fyrri tíma, oft undir yfirsökni þjóðlegs fróðleiks.⁴

Hver sagði þeirra sinn oftrega

Konur hafa alltaf ort ævikvæði og þær gera það langt fram á tuttugustu öld, ef þær gera það þá ekki enn. Uppruna þeirra má rekja allt til hetjukvæða Eddu þar sem þær Guðrún Gjúkadóttir, Brynhildur og Oddrún eru láttnar rifja upp ævi sína og segja frá henni í fyrstu persónu. Ævikvæði þeirra eru tregróf, í kvæðunum sjálfum kölluð *grátur*.⁵

Mær var eg meyjja,
– móðir mig fæddi, –
þjört í búri,

segir Guðrún í „Guðrúnarkviðu fornu“ og rekur síðan harma sína og sálarstríð fram að þeim degi sem hún flytur kvæðið, nauðungargift í höll Atla Húnakonungs.⁶ Í „Guðrúnarkviðu fyrstu“ minnst hún harmsins mesta og kennir bræðrum sínum um:⁷

Valda megir Gjúka;
valda megir Gjúka
mínu bölví
og systur sinnar
sárum gráti.

⁴ Um hefðbundnar skilgreiningar á sjálfsævisögum og hvernig þær sniðganga sjálfsævisögur kvenna, sjá ágætt rit Ragnhildar Richter 1997:20–25. Með tilvísun til nýrri kenninga ýmissa femínískra fræðimanna bendir hún á að „sjálfið“ sem samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu eigi að vera í miðju frásagnarinnar sé þar ekki, og stundum hvergi, í sjálfsævisögum kvenna. Við þetta má bæta að íslenskar skáldkonur áttu lengi vel í vandræðum með kyn sitt sem ljóðmælanda þar sem ljóðmælandi hefðarinnar er karlkyns. Til þess að ljóð þeirra fengju almenna skírskotun gripu því sumar til þess ráðs tala um sig í karlkyni eða forðast orð sem gætu komið upp um kyn þeirra. Dæmi um þetta má m.a. sjá í riti mínu *Stúlka* 1997:41, 45.

⁵ Sbr. t.a.m. nafnið „Oddrúnargrátur“ á tregrófi Oddrúnar og niðurlag þess kvæðis: „Nú er um genginn / grátur Oddrúnar.“ *Eddukvæði* 1968:421. Um tregróf kvenna í Eddukvæðum og þöggum þeirra í bókmenntasögunni, sjá rit mitt, *Máttugar meyljar* 1993:77–94.

⁶ *Eddukvæði* 1968:394.

⁷ *Eddukvæði* 1968:365.

Hjá henni við líkbörur eiginmannsins sitja grátkonur sem „hver sagði þeirra / sinn ofrega, / þann er bitrastan / um beðið hafði.”⁸ Þannig rekja þær hver fyrir annarri harma ævi sinnar og bera þá saman.

Meinið þungt

Öll ljóð Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum (1804–1836) eru sjálfsævisöguleg, og það er ekki síst þess vegna sem þau á sínum tíma urðu svo vinsæl meðal kvenna og gengu á milli þeirra í ótal uppskriftum. Í ljóðum Guðnýjar fundu konur brot af sinni eigin þöggðu sögu. Eitt þekktasta kvæði sitt, „Endurminningin er svo glögg“, yrkir hún skömmu fyrir dauða sinn langt fyrir aldur fram í útlegð frá heimili og börnum eftir að eiginmaður hennar hefur sagt skilið við hana.⁹ Kvæðið er ljóðabréf sem hún sendir Krístrúnu systur sinni á Grenjaðarstað. Það er trúnaðarmál milli tveggja kvenna, sett fram í röð endurminninga. Í fyrsta erindinu af ellefu ávarpar Guðný systur sína og nefnir sjálfa sig með nafni.¹⁰

Endurminningin er svo glögg
um allt það sem í Klömbrum skeði,
fyrir það augna fellur dög
og felur stundum alla gleði.
Þú getur nærri, gæskan mín,
Guðný hugsar um óhöpp sín.

Kvæði Guðnýjar er sannkallað raunaljóð þar sem hún rekur raunir sínar og grætur. Hún þráir heimili sitt í Klömbrum, „raunabyrgið“ sem hún málar upp í hugarum og staðsetur í stórri landslagsmynd:¹¹

Þegar óyndið þjakar mér,
þá er sem málað væri á spjaldi

⁸ *Eddukvæði* 1968:361.

⁹ „Endurminningin er svo glögg“ er fyrsta veraldlega kvæðið sem birtist á prenti eftir íslenska konu, í *Fjölni* 1837, og er þar tekið sem vitnisburður um gáfur hennar og ævikjör. Þannig heppnaðist henni með kvæðinu að gera sögu sína sýnilega þótt hún hafi á vissan hátt borgað fyrir það með lífinu, en það birtist í kaflanum með eftirmælum um þá sem látist hófðu árið 1836. *Fjölnir* 1837:30–31.

¹⁰ Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum 1951:99. Stafsetning hér og síðar í tilvitnunum er færð til nútímahorfs.

¹¹ Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum 1951:99.

plássið kæra, sem innfrá er,
frá efstu brún að neðsta faldi,
og blessað rauna byrgið mitt,
sem blasir rétt móts við húsið þitt.

Þarna er líka systirin, og húsin horfast svo að segja í augu. Þrátt fyrir þá miklu sorg sem kvæðið lýsir endar það á þakklæti og sáttum. „Guði sé lof, mér líður vel“¹² er niðurstaða þess í hróplegri andstöðu við lýsinguna sem á undan er komin. Þakklætið er þó ekki einhlítt, því að strax í næstu línu er minnt á „meinið þungt, sem gleði rænti“ og muni aldrei batna. Að lýsing á ævi kvenna var meðvitað markmið í ljóðagerð Guðnýjar má sjá af því að þegar hún lést var hún að vinna að löngu kvæði sem átti að vera ævisaga systur hennar í ljóðum.¹³ Aðeins upphaf kvæðisins hefur varðveist, ramminn þar sem Guðný finnur systur sína eina og grátandi „úti á víðavangi“. Hún lýsir útliti hennar, einkum andliti, augum og hári, og viknar sjálf „því straumur tára / hrundi um vanga á hringarós“. En einmitt þar sem systirin byrjar að mæla fram „sinnar ævisögu þátt“ sleppir kvæðinu og þaggar þar með á táknrænan hátt niður í sjálfu sér.¹⁴ Ekkert kvæða Guðnýjar er til í eiginhandarriti. Að mati Helgu Kristjánsdóttur sem sá um útgáfu *Guðnýjarkvers* árið 1951 mun margt hafa glatast af skáldskap hennar „og sumt viljandi eyðilaggt“.¹⁵

Sem ei þýðir allt að skrifa

Með sjálfsævisögulegum kvæðum sínum leitast konur við að gefa lífi sínu merkingu, gera það sýnilegt sem samfélagið ekki sér og finna því stað í sögunni. Í ævikvæði sínu „Eins og straumur“, sem er eitt hreinræktaðasta ævikvæði íslenskra bókmennta, sér Una Jónsdóttir (1878–1962) ævi sína fyrir sér sem sögu, og hún leggur áherslu á sannleiksgildi hennar:¹⁶

Saga mín er sönn en smá,
sem ég ætla hér að lýsa.

¹² Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum 1951:102.

¹³ Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum 1951:116. Skýringar Helgu Kristjánsdóttur.

¹⁴ Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum 1951:106–108.

¹⁵ Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum 1951:112–113. Skýringar Helgu Kristjánsdóttur.

¹⁶ Una Jónsdóttir 1929:39.

Þessi tilfinning smæðar einkennir mjög sjálfsævisöguleg ljóð kvenna, en það sem er smátt er líka satt og réttlætir að frá því sé sagt. Um leið fjallar kvæðið öðrum þræði um sjálft sig, það ferli sem í því felst að yrkja það og skrifa. Kvæði Unu birtist í ljóðabók hennar, *Vestmannaeyjaljóð*, frá árinu 1929. Það er meðvitað raunaljóð, sett fram í fjörutú erindum undir rímnahætti. Í því leitast hún við að ríma ævi sína sem lætur illa að þeirri stjórn, rím og reynsla fara ekki saman.¹⁷ Hún er fimmtú og eins árs þegar hún yrkir kvæðið og tekur það fram sem háan aldur í einu erindinu:¹⁸

Fimmtú og eitt árið út
er ég búin nú að lifa;
ævin blönduð sorg og sút,
sem ei þýðir allt að skrifa.

Hérna rímar hún saman lifa og skrifa og lítur því ekki á lífið aðeins sem sögu, heldur einnig sem ljóð. Hún er mjög nákvæm með tölur og tímasetningar, og einnig nöfn á mönnum og stöðum, eins og til að treysta sannfræðina. Ævikvæðið byrjar hún á tólf erindum um erfða ævi fátækrar móður sinnar sem flosnaði upp eftir að eiginmaður hennar druknaði og lenti eftir það í margra ára hrakningum með dóttur sína. Una vill gera móður sína að samnefnara, tákni fleiri kvenna í sömu stöðu. Hún leggur mikla áherslu á illa meðferð samfélagsins á konum og vill festa þetta á spjöld sögunnar:¹⁹

Þar eitt ár við þröngan kost,
þénaði með dóttur sína.
Þetta skeði áður oft,
ekkjur náðu rétti týna.

¹⁷ Í grein sinni „Að yrkja á íslensku“ veltir Jón Helgason fyrir sér mismunandi notkun Íslendinga á stuðlum og rími og vitnar þar í Unu Jónsdóttur eina kvenna. Hann segir: „Þannig sé ég af ljóðakveri Unu skáldkonu Jónsdóttur í Vestmannaeyjum (sem mér þykir lærdómsríkt) að hún stuðlar jafnan rétt en rímar miður.“ Jón Helgason 1959:28. Hann tekur ekki eftir að Una notast oft við frjálst rím sagnadansa. Sama á við um stuðlasetningu hennar sem lendir oft á áherslulausum atkvæðum, ekki síst í ævikvæðinu sem Jón Helgason virðist ekki taka með í umfjöllun sína, hefur ef til vill ekki komist svo langt í bókinni, en dæmið sem hann tekur er úr fyrsta kvæði hennar.

¹⁸ Una Jónsdóttir 1929:45.

¹⁹ Una Jónsdóttir 1929:41.

Þegar hún segir frá móður sinni yrkir hún dýrt, helst í hringhendum, sem stundum verða nokkuð skothendar eins og sjá má í erindinu hér á undan. Eftirfarandi erindi svipar í orðavali til helgikvæða og hryjandin er mun mýkri:²⁰

Ekkjan blíð, hún móðir mín,
mér sem tíðum ber að virða.
Oft var þýða auðarlín,
angruð kvíða lífsins byrða.

Eftir að Una fer tuttugu og þriggja ára gömul frá móður sinni hrekst hún, eins og móðirin áður, milli staða. Í átta ár er hún trúlofuð manni í sveit undir Eyjafjöllum og með honum eignast hún tvær dætur. En þegar hún á von á þeirri þriðju svíkur kærastinn. Þetta kemur vandlega upp á yfirborð ævikvæðisins, á vægast sagt óhefðbundnu skáldskaparmáli:²¹

Þegar gekk ég þriðju með,
þá kærastinn burtu hleypur.
Aðra fanga ætlar sér,
eg má fara í dauðans greipur.

Barnshafandi er hún rekin burt af heimili hans og verður að skilja eftir dæturnar tvær. Eins og Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum grætur Una burtrekin en er svo heppin að finna sér samastað þar sem henni líður vel.²²

Tveimur börnum tættist frá,
tárin reiknar himnasjóli.
Vestmannaeyjar voru þá
valdar mér að griðaskjóli.

Hún er mjög þakklát Vestmannaeyjum og þá sérstaklega konunum þar sem tóku þátt í raunum hennar og ljóðabók sína kallar hún *Vestmannaeyjaljóð*. Það er hennar staður á jarðríki, sá staður sem tók við henni og hrakti hana ekki burt: „Húspláss alltaf hafði ég, / herbergi

²⁰ Una Jónsdóttir 1929:40.

²¹ Una Jónsdóttir 1929:42.

²² Una Jónsdóttir 1929:43.

hjá fólki góðu.²³ Svo miklu máli skiptir samastaðurinn hana að húnveltir því fyrir sér hvort ævisaga hennar hefði ekki orðið önnur ef hún hefði alltaf átt heima þar:²⁴

Hefði ég dvalið eyju á
 alla mína lífsins daga,
 veit Guð einn, hvort væri þá
 veglegri mín ævisaga.

Í ævikvæðinu lýsir hún veikindum og sjúkrahúsvist, einnig mikilli vinnu fyrir sér og nýfæddu dótturinni: „Víst þá furðu vel mér gekk. / Vakti eg oft fram eftir nóttu.“²⁵ Húsnæði kemur oft við sögu. Unu langar að eignast eigið hús og henni tekst það með því að vinna mikið á vertíðum og selja fæði. Eitt af því sem einkennir ævi Unu er að karlar koma þar vart við sögu nema sem fjarverandi. Þó minnst hún í einu erindi á mann sem guð sendir henni og flyst til hennar í húsið: „Sex nú árin hefur hann / hjá mér búið dyggðum meður.“²⁶ Una hefur eignast það sem hún þráir, öruggan samastað í eigin húsi, góðan mann og dæturnar sem hún fær til sín aftur: „Húsinu í ég hafði þá, / heldur góðar raunabætur.“²⁷

Ævikvæðið yrkir Una árið 1929, það er sama ár og bókin kemur út, og með því telur hún lífi sínu lokið: „Saga mín nú enduð er.“²⁸ Hún hefur skrifað sig frá „raunum“ sínum sem hún segist vilja gleyma og kvæðið endar hún á von um endurfundi við föður og móður sem hún hefur misst, sex systkini og tvær dætur. Í lokaerindinu rímar hún Krist við himnavist og biður um gott húsnæði á himnum.

Ljóð sín yrkir Una fyrir konur og bókina tileinkar hún þeim um leið og hún leggur áherslu á eigin persónu og höfundarnafn:²⁹

Þetta litla ljóðasafn
 legg ég fyrir sprundir,
 held ég það mitt hafi nafn,
 hvar sem fer um grundir.

²³ Una Jónsdóttir 1929:44.

²⁴ Una Jónsdóttir 1929:46.

²⁵ Una Jónsdóttir 1929:44.

²⁶ Una Jónsdóttir 1929:45.

²⁷ Una Jónsdóttir 1929:45.

²⁸ Una Jónsdóttir 1929:46.

²⁹ Una Jónsdóttir 1929:70.

Eigin lýsing frá fyrstu hendi

Ævikvæði Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum (1857–1933), „Til hinna ófæddu“, birtist fyrst með eftirlátnum ritum hennar í *Ritsafni* 1945, en það er ort í janúar árið 1900.³⁰ Þetta er langt ljóðabréf í þuluformi og sex erindum, stílað til ósýnilegra viðtakenda í óraðri framtíð, og er því ætlað að segja sögu hennar sjálfrar sem allt í senn yrkir það, skrifar og sendir. Þessi saga er sönn, komin beint frá henni sjálfri.³¹

Þér, ófædda kynslóð, minn óð ég sendi,
með eigin lýsing frá fyrstu hendi.

Ólöf er fjörutú og tveggja ára þegar hún yrkir kvæðið, fædd í apríl 1857, en henni finnst hún vera eldri. Hún er mjög upptekin af útliti sínu og veikum, öldruðum kvenlíkama sínum sem hún eins og stillir upp til sýnis: „Um hálf fimmtugt konan er, sem þú hér sér, / og svolítill krypplingur var ég og er.“³² Á sama hátt lýsir hún fæðingu sinni af fullkominni neikvæðni.³³

En aldrei ég sköpuð var fríð eða fögur,
var fjarska smábeinótt, veikluð og mögur,
með hrukkur í framan – ég aldrei var ung –
og aðeins níu fjórðunga þung.

Þessa mynd af sjálfri sér endurtekur hún eins og til ítrekunar í upphafi næsta erindis, og kallar aðra til vitnis, hvað þeim þykir og þeim finnst: „Ég fædd þótti lítill og aftaka aum / og ófær að busla út í lífsins straum.“ Af þessum sökum vill hana enginn, „þeim fannst ég svo fráleit, / svo fádæma einþykk og eitthvað svo hjáleit“. Móðir hennar aumkast yfir hana og hún elst upp hjá þeim sem hún þó ekki ann. Allt einkennist af skorti: „Mig vantaði unun, mig vantaði sól, / mig vantaði sjálfstraust og orkunnar skjól.“ Henni tekst að komast burt „frá æskunni ófríðri, snauðri“ og „vildi nú einsömul helst reyna að

³⁰ Þannig dagsett í eiginhandarriti Ólafar. *Lbs 19 NF*.

³¹ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum 1945:61. Smábreytingar hafa verið gerðar í tilvitnunum til samræmis við eiginhandarrit. Sjá *Lbs 19 NF*.

³² Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum 1945:61.

³³ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum 1945:61.

bagsa“.³⁴ En hún er öðruvísi en allir aðrir og á ekki samleið með neinum, ekki heldur þeim konum sem hún leitar samstöðu með. Hún finnur sér hvergi stað og það er skýringin á því að hún giftir sig, skelfingu lostin yfir hjónabandinu og þeirri frelsisskerðingu sem því fylgir.³⁵

En hamingjan góða, hve hrædd var ég þá,
er hjúskaparböndin mig lögð voru á.

Hún er hins vegar svo heppin að eiginmaðurinn gerir ekki kröfu til hennar sem eiginkonu, heldur verður „fóstri“ hennar, og hjá honum finnur hún þann samastað sem hún leitaði að. Hjónabandið er kynlaust og Ólöf eignast ekki börn. Í ævikvæðinu koma ljóðin í staðinn, myndhverfð sem börn, getin og fædd í hugsun. Þannig gerir hún sig á vissan hátt að móður. Þegar hún hefur sagt frá útliti sínu eins og það kemur öðrum fyrir sjónir treystir hún sér ekki til að lýsa sér nánar en segir eins og eftir því sé spurt:³⁶

En svip mínum get ég ei sagt þér frá,
ég setti hann hugsanabörnin mín á.
Á ljóðunum kannski lifir hann,
þar líka þá sérðu minn innra mann.

Útlitið er ekki það sem öllu skiptir, heldur innri maðurinn, hugsanir hennar, tilfinningar og þrár. Það er saga þeirra sem hún vill segja og vonast til að lifi áfram í ljóðum hennar, börnunum, en það verður bara „kannski“. Svo til öll ljóð Ólafar eru sjálfsævisöguleg. Hún veltir mikið fyrir sér lífi sínu sem hún tengir ævinlega skáldskapnum og sjálfri sér að skrifa. Í ljóðinu „Ég hef enga vissu“, einnig frá árinu 1900 og birt löngu eftir hennar dag, rímar hún eins og Una sagnirnar að skrifa og lifa, en bætir við þriðju sögninni: að elska. Líkt og í ævikvæðinu leitar Ólöf upprunans í fæðingunni, en ljóðið fjallar einnig um sjálf sig, um skáldkonuna að yrkja það, og kveikja þess er ævi hennar sjálfrar:³⁷

³⁴ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum 1945:62.

³⁵ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum 1945:63.

³⁶ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum 1945:61.

³⁷ Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum 1945:59–60. Eins og ævikvæðið hefur þetta kvæði verið stytta í útgáfunni, klippt aftan af því, með þeim afleiðingum að fyrirsögnin verður óskiljanleg, kallast ekki á við neitt.

Ég sit hérna hissa og hugsa um það
 í horninu mínu og skrifa,
 því mér í upphafi þeytt var af stað,
 og því ég tók að mér að lifa.

Hvað, tók ég það að mér? Nei, alls ekki það!
 Ég ósjálfráð byrjaði að lifa.
 Án sammings og heitmála hljóp ég af stað
 og helst kaus að elska og skrifa.

Það er athyglisvert að sú mikla og úppfyllta ástarþrá sem gengur eins og rauður þráður um ljóð Ólafar er fullkomlega bæld í ævikvæðinu og er þar ekki til umræðu. Ólöf er þakklát og sátt hjá fóstranum, og þar endar hún í raun ævikvæðið. Í síðustu erindunum tveimur sveigir það nefnilega nokkuð óvænt að eldheitum kvenréttindaboðskap og breytir um stíl:³⁸

Mér gekk til hjarta sú grátleg sjón,
 sem gerir kvenfólkið mannsins þjón.
 Að sjá hvernig þjónslundin – því er miður –
 því þrýst hefur dýpra og dýpra niður.
 Í stað þess að játast jafngild, frjáls,
 sem jafnréttisaðall sérhvers máls,
 hin kúgaða sálin krýpur niður,
 með kjassmálum drottunarann biður, biður.

Það er ekkert samhengi milli þessarar upphöfnu orðræðu og þeirrar lágværu sjálfslýsingar sem á undan er komin. Það er eins og Ólöf hafi komist í þrot með ævisöguna eftir að hún komst í hjónabandið og ekki getað fylgt henni eftir. Hún vísar því frá eigin sögu og fer að tala um annað. Um leið er eins og hún vilji réttlæta kvæðið með boðskap sem eigi annað – og merkilegra – erindi en bara að segja frá henni sjálfri.³⁹ Samt sem áður valdi Ólöf að sleppa þessu kvæði við prentun

³⁸ Tveimur síðustu erindum ævikvæðisins er sleppt í *Rútsafni* og er hér farið eftir eiginhandarriti Ólafar á handritadeild Landsbókasafns.

³⁹ Svipað stílbrot má sjá í smásögu hennar „Hjálpin“ sem lýsir hugarástandi ungrar konu á brúðkaupsdegi hennar og er sögð frá sjónarhorni hennar sjálfar. Þegar hins vegar kemur að lýsingu á hjónabandinu skiptir sagan yfir í hefðbundna þriðju persónu frásögn og almennan siðaboðskap. Sagan er greinilega sjálfsævisöguleg. Hún er skrifuð skömmu eftir giftingu Ólafar sumarið 1888 en birtist fyrst í

síðari ljóðabókar sinnar, *Nokkur smákvæði*, sem kom út árið 1913, hvort sem það var að ráði útgefanda eða hún hefur ekki treyst lesendum, sinni eigin kynslóð, fyrir því.

Allt það sem að upp eg tel

Ævikvæði Herdísar Andrésdóttur (1858–1939), „Kveðið við spuna“, birtist fyrst í þriðju útgáfu *Ljóðmæla* þeirra Ólínu tvíburasystur hennar árið 1976, að skáldkonunni löngu liðinni. Það er þrjátíu erindi undir rímnahætti eins og ævikvæði Unu, en betur kveðið og eins og mælt af munni fram. Í kvæðinu talar hún til barna og er yfirlýstur tilgangur þess að segja þeim hvað gaman sé að vinna. En kvæðið er ekki allt þar sem það er séð. Það lýsir hrikalegri vinnu kvenna sem varir ævilangt, endurtekur sig í sífellu og endar aldrei. Herdís er sjötúu og fimm ára þegar hún yrkir kvæðið og er það allt í senn ævikvæði, vinnukvæði, ellikvæði og afmælskvæði.⁴⁰ Í fyrstu erindunum bregður hún upp mynd af sjálfri sér þar sem hún situr við að spinna á rokk, gömul kona, slitin af erfðisvinnu, og kveður við börn sem hún er sennilega að gæta:⁴¹

Þó mig gigtin þjái grimm
og þunnan beri eg lokkinn,
séð hafi árin sjötúu og fimm,
sit eg enn við rokkinn.

Þið, sem eruð ung og frá
og engu viljið sinna,

kvennatímaritinu *Dropar* árið 1927. Undirfyrirsögn er „Brot úr smásögu“, en sagan mun aldrei hafa verið lengri. Sjá einnig Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum 1945:165–169.

⁴⁰ Afmælsljóð kvenna til sjálfra sín má telja sérkvenlega bókmenntagrein sem á sér ekki samsvarandi hliðstæðu í ljóðum karla. Þær yrkja um sig fimmtugar, sextugar, sjötugar, áttræðar og jafnvel fertugar og þrítugar. Þannig yrkir Ólöf frá Hlöðum um sig bæði fertuga og fimmtuga þar sem hana hryllir mjög við ellinni um leið og hún lítur yfir ónýta ævi sína framan af. Um afmælsljóð sjá nánar grein mína „Í kvöld er ég fimmtug“.

⁴¹ Herdís Andrésdóttir 1976:303. Það kemur ekki beint fram í kvæðinu að hún sé að gæta barnanna en með tilvísun til hefðarinnar má vel sjá það fyrir sér. Sbr. t.a.m. Steinunni Finnsdóttur sem yrkir svo til barna í þriðja mansöng „Hyndlurímna“: „Brag minn eignist börnin góð með bögum téðan, / síðlát, kyrr þau sitji á meðan.“ Steinunn Finnsdóttir 1950:23. Sbr. einnig Theodoru Thoroddsen um þulur sem „örþrifarád“ kvenna til að hafa ofan af fyrir börnum meðan þær bæta flíkur og stoppa í sokka. Theodora Thoroddsen 1914:416.

getið ekki giskað á,
hvað gaman er að vinna.

Eins og þær báðar, Una Jónsdóttir og Ólöf frá Hlöðum, leggur Herdís mikla áherslu á sannleiksgildi frásagnarinnar sem sé komin frá henni milliliðalaust og lýsi eigin reynslu:⁴²

Hreinan ykkur sannleik sel,
svo á þessu stendur,
allt það, sem að upp eg tel,
unnu mínar hendur.

Síðan kemur löng upptalning á hinum ýmsu erfiðisstörfum sem hún reynir að gylla fyrir börnunum: „Ef hafið tíma að hlusta á / og hættið öðru að sinna.“⁴³ Áheyrendur eru sem sagt áhugalitlir og vilja heldur gera eitthvað annað en hlusta á ævisögu gamallar konu. Þetta er heldur engin gamansaga þótt svo eigi að heita því að leiði, þreyta og hryggð sem stundum jaðrar við uppgjöf skjótast hvað efir annað upp á yfirborðið. „Stúrin“ hefur hún „starað í glóð, / steikt af þorski roðið, / bæði vélar við og hlóð / verkað mat og soðið.“⁴⁴ Einnig er vinnan að sliga hana líkamlega:⁴⁵

Lúið hef eg bakið beygt,
bundið stundum heyið,
malað kornið, kjötið steikt,
keflað lín og þvegið.

Þá hefur hún „á bakinu stundum borið torf, / blauta garða stungið“,⁴⁶ „mjólkað kýr og mokað flór, / moð úr básum tekið.“⁴⁷ Á vinnunni er aldrei hlé og hún er fyrir aðra: „Vetur, sumar, vor og haust / varð eg öðrum þjóna.“⁴⁸ Þannig er kvæðið sett saman af orðarunum, einkum sagnorða, í takt við endalaus vinnuna. Kindur hefur hún „sótt og rekið, / mjólkað kýr og mokað flór“, „hespað“ þræði, „spólað, undið“,

⁴² Herdís Andrésdóttir 1976:304.

⁴³ Herdís Andrésdóttir 1976:303.

⁴⁴ Herdís Andrésdóttir 1976:304.

⁴⁵ Herdís Andrésdóttir 1976:305.

⁴⁶ Herdís Andrésdóttir 1976:305.

⁴⁷ Herdís Andrésdóttir 1976:304.

⁴⁸ Herdís Andrésdóttir 1976:306.

„sokka bætt, / saumað, þrjónað, spunnið“.⁴⁹ Meðan „fullt var fjör“⁵⁰ rúði hún fé, sló gras, varði tún, hreinsaði dún, mokaði tað, klauf svörð, tíndi ber, hnýtti net, reri bát, steypiti kert, sneri kveik, herti fisk, reytti fugla, gerði skó, elti þvengi. Hvert starfið tekur við af öðru eins og harmar kvennanna í hetjukvæðum Eddu og þannig má líta á kvæði Herdísar sem dulið tregróf.

Að lokum dregur hún ævi sína saman í eftirfarandi niðurstöðu.⁵¹

Dó gæfist mér ei gull í mund
og grátt mig léki þörfin,
eg hef marga yndisstund
átt við hversdagsstörfin.

Þetta lokaerindi ævikvæðisins, áður en hún kveður börnin og sendir þau burt, hefst á tengingunni *þó*, þeirri sömu og kvæðið byrjar á. Þannig verður það að einni stórri úrdráttarsetningu sem afbyggir eigin staðhæfingar um gæfuna sem felst í erfiðisvinnunni. Hér er einnig óvanalega sterkt til orða tekið þar sem *þörfin* rímar við *störfin* og verður ekki frá þeim slitin. Hvað það er sem Herdís frekar óskar sér kemur hvergi fram beinlínis nema ef vera skyldi í eftirfarandi erindi þar sem hún sleppir ekki bókinni fremur en vinnunni allan ársins hring.⁵²

Vetur, sumar, vor og haust
varð eg öðrum þjóna,
sagnakverið lét ei laust,
las við rokk og þrjóna.

Þá segist hún hafa lagt margt á minnið sem hún hafi heyrt á förnun vegi og „stundum af því sögur sagt / sveinum, meyjum, börnum“⁵³ og á öðrum stað nefnir hún „vers og bænir“.⁵⁴ Hlutverk hennar er að flytja þennan þjóðlega fróðleik milli kynslóða og er kvæðið liður í því. Einnig vísar „sagnakverið“ til slíkra fræða fremur en skáldsagna sem á hennar tíma þóttu ekki heppilegt lestrarefni fyrir

⁴⁹ Herdís Andrésdóttir 1976:304.

⁵⁰ Herdís Andrésdóttir 1976:305.

⁵¹ Herdís Andrésdóttir 1976:308.

⁵² Herdís Andrésdóttir 1976:306.

⁵³ Herdís Andrésdóttir 1976:306.

⁵⁴ Herdís Andrésdóttir 1976:307.

konur.⁵⁵ Þegar hún yrkir kvæðið, 75 ára gömul, árið 1933, hafa komið út eftir hana tvær ljóðabækur.⁵⁶ Þær koma þó hvergi við sögu í kvæðinu né skáldskapur hennar yfirleitt. Hann er þar alveg bældur. Kvæðið sjálft kemur þó upp um hana því að hún stígur þar sjálf fram sem bæði höfundur þess og flytjandi. Það er þó umfram allt ekki um hana sjálfa, heldur minningar um horfna búskaparhætti. Til áréttingar er það nefnt „þjóðháttakvæði“ í efnisyfirliti bókarinnar og sjálfsævisagan sem í því felst þar með þöggud.⁵⁷

Þörfin kvæð með þrumuróm

Kvæði Theodoru Thoroddsen (1861–1955), „Mitt var starfið“ er sett fram sem ævikvæði þar sem kona, sem reynist í senn skáldkona og húsmóðir, lítur yfir líf sitt og ævistarf. Kvæðið birtist fyrst í vísnaþættinum „Að vestan“ í handskrifuðu „Mánaðarriti Lestrarfélags kvenna Reykjavíkur“ árið 1914⁵⁸ og ekki á prenti fyrr en í ritsafni Theodoru árið 1960. Í langri rammafrásögn segist hún hafa veitt þessar vísur, sem hún einnig kallar stökur, upp úr æskuvinkonu sinni fyrir vestan sem hafi sent sér þær í bréfi. Þessa æskuvinkonu kynnir hún síðan fyrir lesendum Mánaðarritsins. Hún er í góðum efnum og á mörg börn á misjöfnum aldri. „Ekki hefur hún þótt mikil búskýslukona“ þótt allt hafi verið „vansalaust á hennar heimili að útliti til“, og segist Theodora vita að „fremur myndi hún hafa kosið sér annan starfa en

⁵⁵ Í æviminningum sínum, *Ef hátt lét í straumnið Héradsvatna*, segir Ólína Jónasdóttir frá því þegar hún ung stúlka á Laxamýri er beinlínis vörud við skáldsögunni *Upp við fossa* eftir Þorgils gjallanda:

Jónas Stefánsson náði einhvers staðar í hana. Þórdís, kona Jóhannesar, varaði okkur stúlkurnar við að lesa hana, sagði að hún væri siðspillandi og háskaleg ungu fólki og sér væri illa við hana í sínum húsum. Auðvitað varð það til þess, að við sóttumst eftir að ná í hana, og man ég, að mér að minnsta kosti tókst það og varð ekki meint af, síður en svo.“ Ólína Jónasdóttir 1981:82.

Þessi frásögn birtist fyrst eftir hennar dag og hefur verið sleppt úr samsvarandi kafla í fyrri útgáfu æviminninganna, *Ég víja þín, æska*, frá 1946.

⁵⁶ Ljóðmæli þeirra Herdísar og Ólínu Andrésdætra komu fyrst út árið 1924 og í annarri útgáfu aukinni 1930. Tæplega hálfri öld síðar, eða árið 1976, komu ljóðmælin út í þriðja sinn, stóraukin. Útgefandi og kostnaðarmaður var dóttursonur Herdísar, Jón Thorarensen. Kvæði Herdísar sem varðveist hafa eru mun færri en Ólínu systur hennar. Í afmælskvæði til sjálfrar sín áttæðrar segir hún um skáldskap sinn: „Hraktist út á sónar sjó, / sá af straum og skerjum nóg, / þar til inn í þagnar kró / þulsins bátinn minn ég dró.“ Herdís Andrésdóttir 1976:291.

⁵⁷ Ömögulegt er að sjá hvort skýringin „þjóðháttakvæði“ sem sett er í sviga aftan við heiti kvæðisins í efnisyfirliti er frá skáldinu eða útgefanda komin.

⁵⁸ Sbr. „Mánaðarrit Lestrarfélags kvenna Reykjavíkur“, 3. ár, 8. tbl., desember 1914. Eiginhandarrit.

þann, er lýtur að heimilissjórn og barnaupveldi“.⁵⁹ Æskuvinkonan er sem sagt skáldkona þótt ekki sé hún kölluð það. Eins og aðrar skáldkonur fer hún bæði í felur með skáldskap sinn og gerir lítið úr honum, enda ekkert á því að láta frá sér vísurnar:

„Þú vilt fá stökur, nei hægán, hjá mér er nú ekkert að hafa af því taginu, og þó eitthvað hrykki upp úr mér, ætti ég síst að trúa þér fyrir því, sem ert til með að prenta allt saman, mér til angurs og skollanum og misjöfnu fólki til skemmtunar.“⁶⁰

Theodora hefur nefnilega fengið hjá henni vísur áður og stolist til að birta. Það gerði hún í vísnaþættinum „Ofan úr sveitum“ sem birtist í *Skírni* árið 1913 með undirfyrirsögninni „Nokkrar stökur kveðnar af sveitakonum“. Þar segir hún í eftirmála að vísurnar sem hún hafi þarna „skráð“ séu allar vestfirskar að uppruna en höfunda hafi hún ekki getið því að bæði geri hún ráð fyrir „að mönnum þyki sem svona stökur hafi lítið bókmenntalegt gildi“ og einnig að „þær af höf.“ sem enn séu á lífi myndu kunna sér óþökk eina ef hún nefndi nöfn þeirra. „Eg býst við, að þeim þyki það meira en nóg dirfska að hafa sett stökur þeirra á prent, þó eigi fylgi nöfnin með.“⁶¹

Það er athyglisvert að Theodora vísar til kvennanna sem „höf.“, og það með írónskri skammstöfun,⁶² ekki sem skálda, og afsakar „stökur“ þeirra fyrirfram eins og þegar með ritdómara yfir höfði sér. Á hennar tíma voru konur nefnilega ekki skáld, þótt þær væru það, heldur í hæsta lagi hagarðingar, og skáldskapur þeirra hagamælska. Eins og æskuvinkonan í þætti Theodoru fóru þær í felur með skáldskap sinn og ef þær birtu eitthvað af honum komu þær helst ekki fram undir nafni.

Pátturinn er mjög írónskur. Æskuvinkonan er augljóslega Theodora sjálf, enda báðar skáld, og svo undrast vinkonan líka að Theodora skuli geta veitt upp úr henni allt „sem annars er vant að liggja ólaust fyrir öðrum“.⁶³ Að því kemur líka að hún gefst upp og „snarar“ í Theodoru nokkrum stökum sem hún segist hafa kveðið „í reiði“, og dregur þar með á vissan hátt úr merkingu þeirra. Tilfnið er að hún hafði komist yfir bók sem hún ætlaði að geyma sér til sunnudags,

⁵⁹ Theodora Thoroddsen 1960:121.

⁶⁰ Theodora Thoroddsen 1960:121.

⁶¹ Theodora Thoroddsen 1913:334. Sjá einnig Theodora Thoroddsen 1960:120.

⁶² Í útgáfu Sigurðar Nordals á þættinum er leyst úr skammstöfuninni og íróíanin því þurrkuð út. Sjá Theodora Thoroddsen 1960:120.

⁶³ Theodora Thoroddsen 1960:122.

„rúmhelgu dögnum má sveitakonan ekki ræna.“⁶⁴ Sunnudagsmorguninn drífur hún af búverkin og sendir krakkana út að leika sér í snjónum. Hún hugsar sér gott til glóðarinnar og seilist eftir bókinni sem hún geymir undir koddanum:

„En hvað skeður – fyrir mér verða sokkarnir hans Nonna með stærðar glompu á hælnum, aðra átti hann ekki hreina, og í þurrt varð hann að fara, tækist svo illa til, að hann yrði votur, og svo hékk kjóllinn hennar Stínu á rúmstólpanum með olnbogana út úr. Það, sem vantaði í brækurnar hans Gvendar, nefni ég ekki, en sitt var að hverjum garminum, sem krakkarnir áttu að fara í næsta morgun.“⁶⁵

Þessi inngangur að vísunum er tregróf í lausu máli þar sem hvert óhjákvæmlega skyldustarfið rekur annað. Henni dettur fyrst í hug að láta þetta eiga sig en „bannsett skylduræknin“ gefur henni engan frið fyrr en hún hefur lokað bókinni og er farin að „staga garmana“. „Þá var illt í mér,“ segir hún, „og eg tók að kveða um mig og stagið.“⁶⁶

Vísurnar sem spretta úr stiginu eru fimm og minna um margt á kvæði Herdísar, sem einnig þráði að lesa, en þær eru mun gagnrýnni og í þeim er engra sátta að vænta. Kvæðið er í senn ævikvæði og vinnukvæði. Í því er litið til baka yfir endalaus kvennastörfin sem felast í því að taka til, hreinsa og gera við, og það upp á hvern einasta dag. Til áréttingar tilbreytingarlausri vinnunni endar hvert erindi á sögninni að *staga* sem Theodora hefur strikað undir í handriti. Í fyrsta erindi er brugðið upp nokkuð óhefðbundinni, en þeim mun nýstárlegri, heimilismynd af móður og börnum:⁶⁷

Mitt var starfið hér í heim
heita og kalda daga
að skeina krakka og kemma þeim
og keppast við að *staga*.

Eins og í fleiri ævikvæðum kvenna eru þráin og þörfin settar fram sem andstæður, þar sem þráin lýtur ævinlega í lægra haldi fyrir þörfinni. Hér kveðast þær beinlínis á. „Eg þráði að leika lausu við,“ segir skáld-

⁶⁴ Theodora Thoroddsen 1960:122.

⁶⁵ Theodora Thoroddsen 1960:123.

⁶⁶ Theodora Thoroddsen 1960:123.

⁶⁷ Theodora Thoroddsen 1960:123.

konan í kvæðinu, en þráin beinist þó ekki að því sem var tilefni þess, þ.e. að lesa í bók, heldur að því er ætla mætti viðurkennda athæfi kvenna að fara út í náttúruna um vor, fylgjast með lömbum og tína blóm. En jafnvel það er of mikið og „þörfin kvað með þrumuróm: / „Þér er nær að *staga*.“

Hér er þörfin persónugerð sem valdsmannsleg en ósýnileg rödd sem kemur einhvers staðar frá, eins og yfirvofandi ritdómarinn um stökur sveitakvennanna, og skipar í beinni ræðu. Þráin hefur hins vegar ekki aðra rödd en þá sem brýst í gegnum kvæðið sjálft. Eins og mörg önnur ævikvæði kvenna endar einnig þetta á ævilokum og því sem þá tekur við:⁶⁸

Komi hel með kutann sinn
og korti mína daga,
eg held það verði hlutur minn
í *helvíti* að *staga*.

Fyrir skáldkonur er um tvo staði að ræða, heiminn og helvíti, og hlutverk þeirra það sama á þeim báðum. Til himna komast þær ekki. Þetta frumlega tregróf er ekki alveg einhlítt því að bréf sitt endar vinkonan á því að taka það skýrt fram að bókina hafi hún „samt“ lesið. Síðan segist hún ekki muni senda Theodoru meira af þessu tagi og „reyndu að þegja um það.“⁶⁹

Theodora lofar að þegja um vísurnar um leið og hún gerir uppskált um þær, að vísu með því að birta þær aðeins í handskrifuðu kvennablaði og leggja þær í munn ónafngreindrar konu. Sigurður Nordal komst þó í vísurnar og birti í *Ritsafni*. Í inngangi finnst honum vissara að láta þeim fylgja skýringar svo að enginn skyldi nú halda að „frú Theodora“ væri að yrkja um sjálfa sig. Að hans áliti eru vísurnar „ópolinmæðisorð“, kveðnar „í gamni“ og í orðastað annarra, sennilega þá æskuvinkonunnar! Þá snýr hann út úr stefi vísunnanna og segir að hefði frú Theodoru langað til að verða „mikilvirkur og vandvirkur rithöfundur“, undanskilið að hún varð hvorugt, hefði hún orðið að „sitja við að *staga*“ á pappír“ og „hætta að leika lausu við“,⁷⁰ eins og hún hafi nú gert það. Með þessu ómerkir hann ævisöguna í kvæðinu með þeim sama þrumuróm og þar kvað þrána í kútinn.

⁶⁸ Theodora Thoroddsen 1960:124.

⁶⁹ Theodora Thoroddsen 1960:124.

⁷⁰ Theodora Thoroddsen 1960:78.

Nokkrar stökur, minnisvarðinn

Í bréfi til Theodoru Thoroddsen, dagsettu á Sauðárkróki 11. febrúar 1946, þakkar Ólína Jónasdóttir (1885–1956) henni fyrir bréf og afsakar að hún skuli ekki hafa skrifað fyrir:

Fegin hefði ég viljað skrifa yður eitthvað sem þér hefðuð ánægju af, en þar stendur hnífurinn í kúnni, því að ég hef ekkert að segja nema eitthvað um sjálfa mig, og það er lítill ánægjuauki að því.⁷¹

Það er ljóst að Theodora hefur haft frumkvæði að bréfaskiptunum, ef til vill í því augnamiði að fá frá Ólínu stökur, en hún var á þessum tíma orðin landsþekktur hagræðingur, þótt lítið hefði birst eftir hana á prenti.⁷² Eftir að hafa tekið fram að hún hafi ekkert að segja nema eitthvað um sjálfa sig vitnar Ólína í bréf Theodoru sem þar hefur sagt að sér væru „stökur kærkomnar“. Sjálf segist hún hafa yndi af þeim, „og reyndar öllum góðum ljóðum,“ bætir hún við. Hún ætli því að senda Theodoru nokkrar stökur sem hún hafi sett saman, en „ekki megið þér nú samt hugsa ég sendi þær af því mér þyki þær svo ágæt- ar, ónei, ég geri það aðeins til að láta eitthvað á blaðið.“

Kringumstæðurnar eru þær sömu og í vísnaþættinum „Að vestan“ mannsaldri fyrir: Bréfaskipti milli kvenna þar sem önnur biður hina um stökur og fær þær með alls kyns undanslætti og semingi. „Ein er þessi,“ skrifar Ólína og sendir stöku um sjálfa sig, minningarnar, þögnina og skáldskapinn á frumlegu búskaparmyndmáli:⁷³

⁷¹ *Lbs 5025, 4to*. Bréfasafn Theodoru Thoroddsen.

⁷² Í tilefni af sextugsafmæli Ólínu árið 1945 birtu kvænnaáttarritið *Embla* í 1. árgangi sínum grein um hana með vísun sem Broddi Jóhannesson hafði lesið í úvarp. Sjá „Ólína Jónasdóttir sextug“ 1945:38–42. Má vera að þessi grein hafi vakið athygli Theodoru á Ólínu og orðið til þess að hún skrifaði henni bréf. Í 2. árgangi *Emblu* birtist kvæðið „Lækurinn“ og „Síldin“ í 3. og síðasta árgangi. Sjá Ólína Jónasdóttir 1946:53 og 1949:95–96. Mörgum árum áður höfðu birst nokkrar stökur eftir Ólínu ásamt kynningu á henni í *Stuðlamálum* 1928:80–82. Í þessu bindi *Stuðlamála* eru alls 22 skáld, þar af tvær konur, þær Herdís Andrésdóttir og Ólína Jónasdóttir.

⁷³ Stakan er sett hérna upp eins og gert er í bréfinu, í tveimur láréttum, löngum línunum, en þannig setur Ólína sjálf upp stökur sínar, alltaf í bréfum og stundum í öðrum eiginhandarritum.

Ekki eru lokuð öll mín búr, opna ég þau í hljóði,
meðan get ég moðað úr minninganna sjóði.

„Svo set ég hér vísur,“ segir hún, „sem eru gerðar um gamlar stöðvar, og áttu einu sinni að verða fleiri.“ Vísurnar eru fimm. Í þeim lýsir hún hverju landslaginu á fætur öðru í sveitinni sinni heima, nánar tiltekið Blönduhlíð og Norðurárdal. Þannig verður kvæðið að tregrófi um samastað sem hún hefur misst. Einnig minnir aðferðin á kvæði Guðnýjar frá Klömbrum sem framkallar myndir af landslaginu sem hún þráir. Munurinn er sá að Ólína staðsetur sig í landslaginu, en Guðný er utan þess. Annað sem Ólína á sameiginlegt með Guðnýju er tilfinningin um að vera ekki á réttum stað. Í kvæði sem hún nefnir „Á götunni“ og hún yrkir nýflutt úr sveitinni á mölina á Sauðárkróki segir:⁷⁴

Í ryki og ragi dagsins ég rölti hér um bæinn,
en þrái heimahaga með hreina fjallablæinn.

Vísurnar um gömlu stöðvarnar lýsa ferðalagi í huganum. Ferðafélaginn er lesandinn, í þessu tilviki Theodora, sem Ólína talar við og ekki bara sýnir landslagið heldur segir einnig frá sögu sinni í því:

Fossar hlæja, hrönnin kvik, huldu fægir pilið.
Við skulum æja augnablik upp við bæjargilið.

Klettaskeið og troðin tröð, tæp í heiðarrana.
Þessar leiðir gekk ég glöð gömlu sneiðingana.

Pegar hún hefur skrifað vísurnar segir hún: „Svo mörg voru þau orð. Nú er komið meir en nóg af slíku.“ Með þessu þaggar hún í annað skipti niður í sjálfri sér, bæði áttu vísurnar að verða fleiri, sem ekki varð, og síðan er meir en nóg komið.

Um það leyti sem Ólína skrifar þetta bréf er hún að ganga frá bók sinni, *Ég víja þín, æska*, til prentunar, en það gerði hún fyrir áeggjan og með aðstoð Brodda Jóhannessonar, sem ættaður var frá Silfrastöðum í hennar sveit. Bókin sem ber undirtitilinn „Minningar og stökur“ kom út haustið 1946 og fékk afar góða dóma, þó ekki alltaf á réttum forsendum. Hún seldist strax upp og var gefin út aftur ári síðar. Bókin er að mestum hluta bernskuminningar Ólínu í lausu

⁷⁴ *Lbs 3932, 4to*. Í handriti er kvæðið árssett 1932.

máli, en aftan við eru nokkrar stökur, aðallega dýrt kveðnar hringhendur, sem sumar raða sér í samfelld kvæði. Bókin er sjálfævisaga Ólínu fram að tvítugsaldri en einnig þjóðlegur fróðleikur sem hún bæði skýlir sér á bak við og réttlætir útgáfuna með. Þetta heppnast því að ritdómarar taka bókinni nær eingöngu sem þjóðlegum fróðleik og hrósa henni sem slíkri. Í yfirlitsgrein Jakobs Benediktssonar, „Minningabækur og þjóðleg fræði“, sem birtist í fyrsta hefti *Tímarits Máls og menningar* 1947 leggur hann áherslu á gildi minningabóka fyrir „vitneskju og fróðleik um liðna tíma, sögu þeirra og menningu, lifnaðarhætti og lífsviðhorf“.⁷⁵ Af minningabókum ársins 1946 er hann hrifnastur af bók Ólínu með ógleymanlegum myndum „af heimilisháttum og sérkennilegum persónum, lifandi fulltrúum liðinnar aldar“ og telur hana með bestu minningabókum sem Íslendingar hafa eignast.⁷⁶ „Þó er hún engin ævisaga,“ bætir hann við eins og bókinni til hróss. Þá hefði hann viljað „sleppa vísunum aftan við“ og fá meira af minningum, þar sem vísurnar beri ekki eins af öðrum „af sama toga“ og minningarnar af miklum hluta íslenskra minningabóka.⁷⁷ Á sömu skoðun eru flestir ritdómarar sem um bókina skrifuðu. Þeir hrósa Ólínu réttilega fyrir mannlýsingar á öðru fólki, einkum Krístrúnu fósturu hennar á Kúskerpi, en sjá ekki hana sjálfa.⁷⁸

Í síðari gerð bókarrinnar sem Ólína byrjaði strax að vinna að eftir útkomu þeirrar fyrri sleppti hún vísunum en bætti við löngum köflum um mannlýsingar, þar á meðal um Krístrúnu. Í bréfi til bróður síns, Frímans Jónassonar, dagsettu á Sauðárkróki 22. febrúar 1948, segir hún: „Þú ert að spyrja um þættina mína, allt gengur það hægt ... Ég býst við að Broddi eigi einhvern þátt í að gefa það út, þegar þar að kemur, en það verður ólíklega á meðan ég er á lífi, enda heppilegast að sumu leyti.“⁷⁹ Um framvinduna skrifar hún svo í bréfi til hans sjö árum síðar, dagsettu á Sauðárkróki 7. mars 1955: „Nú er búið að vél-

⁷⁵ Jakob Benediktsson 1947:65.

⁷⁶ Jakob Benediktsson 1947:66.

⁷⁷ Jakob Benediktsson 1947:70.

⁷⁸ Sjá t.a.m. Brynleif Tóbiasson 1946 og Þorstein Jónsson 1946. Undantekning er Eiríkur Hreinn Finnbogason sem – eftir að hafa hrósað lýsingunni á Krístrúnu – gefur einnig gaum að Ólínu sjálfri og segir: „Lýti finnst mér, að tillit hefur verið tekið til þeirra, sem ekki vilja annað sjá en þurran fróðleik, og er frásögnin helzt til víða sundurslitin af alltof nákvæmum og þurrum lýsingum á ýmsum háttum á bernskuheimili skáldkonunnar.“ Síðan lýsir hann eftir „glettnisvísium“ sem hann hefur heyrt að hún hafi gert. „Ennfremur er mér sagt,“ segir hann, „að eftir hana séu ágæt kvæði, og leyfi ég mér að vona að almenningur fái að sjá þau áður en langt um liður.“ Eiríkur Hreinn Finnbogason 1946.

⁷⁹ *HŠk* 354, *fol.*

rita mestan hluta af handriti mínu, og það komið til mín, hvað sem um það verður, þetta er töluvert langt mál, og sumstaðar ekki svo leiðinlegt, og hver veit nema það komi einhverntíma fyrir allra augu.⁸⁰ Um skáldskap sinn í bundnu máli segir hún hins vegar í sama bréfi, rituðu undir ævilok: „Enn þá er ég oft að strita við vísna og kvæðagerð, en hreyfi því lítið opinberlega, finn að það fer best á því.“

Bæði í bréfum sínum og kvæðum kemur Ólína aftur og aftur að eigin skáldskap sem hún leggur áherslu á að sé eingöngu fyrir hana sjálfa, ef einhver skuli halda annað. „Ég yrki mér ekki til frægðar, / né álitis hjá stórum mönnum, / en aðeins til hugarhægðar / í hávaða dags og önnum,“ segir hún í nafnlausu kvæði,⁸¹ eins konar samtali við sam-sýslung sinn, Jakob Benediktsson, sem vildi þurrka út vísurnar í bók hennar. Í eftirfarandi vísu tekur hún enn skýrar til orða og tekur fram að hún viti þetta vel:⁸²

Finn ég glögg og fullvel skil
fábreytt er mitt ljóða sáld.
Aldrei heldur ætlast til
að ég væri kölluð skáld.

Hún birtir því sama og ekkert af vísnum sínum á prenti en sendir þær gjarnan sem trúnaðarmál í ljóðabréfum, einkum til bróður síns Frímanns, en einnig til vinkvenna. Í tilefni af sjötugsafmæli hennar árið 1955 birtust eftir hana „Nokkrar stökur“ í kvennatímaritinu *19. júní*, „gripnar í bessaleyfi úr sendibréfi til vinkonu hennar í Reykjavík“. Vinkonan er ekki nafngreind, en eins og Theodora í vísnaþættinum „Að vestan“ hefur hún stolist til að láta prenta vísur sem hún hefur fengið í bréfi frá vinkonu sinni.⁸³

Ljóð Ólínu verða til úr minningum. „Ýmsa þræði upp ég rek frá

⁸⁰ *Hsk 354, fol.* Bókin sem fékk nafnið *Ef hátt lét í straumnið Héraðsvatna* kom ekki út fyrr en árið 1981, að Ólínu löngu liðinni.

⁸¹ *Lbs 3932, 4to.* Hér vísar Ólína í fleygar ljóðlínur Páls Ólafssonar í „Kvæðalaunum“: „Kveð ég mér til hugarhægðar, / en hvorki mér til lofs né frægðar.“ Sbr. Páll Ólafsson 1899:55. Þessar ljóðlínur hafa orðið skáldkonum hugleiknar og vitna þær oft til þeirra í ljóðum sínum, eins og sér til stuðnings. Sjá einnig *Stúlka* 1997:85nm.

⁸² *Lbs 3932, 4to.*

⁸³ Stökurnar sem sumar mynda kvæði eru: „Nýr minnisvarði“, „Júnímorgunn“, „Hugsað heim“ og „Án nafns“ sem er afmælisljóð Ólínu til sjálfrar sín sjötugrar: „Kyrrast þrjár og þyngist brá, / þunn á hár og vanga. / Oft var sár og sælufá / sjötú ára ganga.“ Ólína Jónasdóttir 1955:44.

ævi minni, / gefa mér hin gömlu kynni / geislablik í útlegðinni,“ segir hún í nafnlausu kvæði frá árinu 1953 með tilvísun í kvennavinnu þar sem hún rekur upp þrjónaða ævi sína, telur hana niður þar til ekkert verður eftir af henni.⁸⁴ Svipað kemur fyrir í ævikvæðinu „Yfirlit“ sem í handriti er dagsett 11. janúar 1956,⁸⁵ og er með því síðasta sem hún orti. Kvæðið er átján erindi og minnir mjög á „Kveðið við spuna“ eftir Herdísí Andrésdóttur, þótt ólíklegt sé að nokkurt beint samband sé á milli. Kvæðið hefst á orðinu „ég“ sem leggur áherslu á sjálfsævisöguna í því og það sé hún sjálf sem segi frá. Samstundis er þó þessi ég smækkuð með því sem hún var ekki en átti að vera, og minnir þetta á smæðarmyndmálið í ævikvæðum þeirra Unu og Ólafar þótt ólíkt sé með það farið:

Ég var hvorki stór né sterk,
stundum leið því бага,
hef þó unnið ótal verk
ævi minnar daga.

Síðan telur hún upp verkin sem hún hefur unnið og byrjar á sér sem barni:

Var í æsku vanin á
vinnusemi að þjóna.
fjögra ára fingrasmá
fyrst ég lærði að þjóna.

Eins og í kvæði Herdísar er vinnan endalaus, þar sem eitt tekur við af öðru. Hún „kembdi, spann og voðir vatt“, ber skarn á tún, ristir torf, tínir grös, hirðir hey, mjólkar, saumar og situr hjá. Eins og líka kvæði Herdísar einkennist þetta af úrdrætti þar sem dregið er úr yfirlýstri vinnugleði með orðunum *þó* og *samt* og svo þreytunni sem kemur jafnvel á undan vinnunni, eins og í þessu erindi:

Ég með gleði verk mín vann,
vissi samt af þreytu,
þæfði voðir, þráðinn spann,
þvoði ull úr keytu.

⁸⁴ Lbs 3932, 4to.

⁸⁵ Lbs 3932, 4to.

Hún líður бага en vinnur þó, hún veit af þreytu en vinnur samt. Í síðustu erindunum verða þáttaskil og kvæðið hverfist úr vinnukvæði í ellikvæði. Ævin er vinna, og þegar vinnunni er lokið er ævinni það líka:

Allt er líf mitt orðið breytt
– ekki snerti á verki –
þetta er eins og ekki neitt,
enginn sér þess merki.

Ei þó sýnist að því not
er ég helst í rónni,
þegar ég gömul glerjabrot
gref úr öskustónni.

Hér hefur Ólína rakið líf sitt niður í ekkert. Minningunum líkir hún við glerbrot sem hún grefur úr ösku, en úr sprettur skáldskapurinn, að vísu og að hennar mati einskis virði.

Í „Eftirmælum“ sem eru um hana sjálfa rekur Ólína ævi sína frá vöggu til grafar.⁸⁶ Í stíl við þá „fábreyttu ævisögu“ sem það lýsir er kvæðið aðeins nú erindi og hefst svo:

Á fyrri öldinni frammi í dalnum
fæddist veikburða stelputetur.
Þá var kyrrð yfir köldu landi,
komið langt yfir miðjan vetur.

Fæðingin var talin „lítill viðburður“, foreldrarnir vinnuhjú og barnið óvelkomið af öðrum en þeim. „Spurningin vakti á vörum margra: / Verður nú þetta hreppsómagi?“ Í framhaldinu líkir Ólína ævi sinni við ferðalag eða göngu, en sú hefðbundna samlíking hentar ekki vel því að hún fer varla neitt, rétt á milli bæja, og í samræmi við það verður sagan:

Hún fór ei víða á ferðum lífsins
og fábreytt var hennar ævisaga.

Ólíkt öðrum kvæðum Ólínu sem eru flest í fyrstu persónu er þetta í þriðju persónu, enda eftirmæli. Kvæðið verður því nokkuð óper-

⁸⁶ Í eiginhandarriti er kvæðið árssett 1950. *Lbs* 3932, *4to*. Í vélriti með kvæðum Ólínu á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga heitir það „Eftirmæli eftir mig“. *HSt* 354, *fol*.

sónulegt og lýsingar almennar. Það kemur til dæmis hvergi fram í hverju draumarnir felast. Um þá er þagað í kvæðinu eins og einnig í lífinu. Kannski vildi hún ekki láta vita meira um sig. Skáldkonan sem hér yrkir um sjálfa sig dána er sjálf dáin, og kvæðið er því á vissan hátt kveðið úr gröf. Það endar líka á kirkjugarðsmynd en í kirkjugarðinn var ferðinni heitið:

Loks var hún flutt á fornar slóðir,
í frjóa mold og kirkjugarðinn.
Barn var hún ætíð, ung og gömul,
örfáar stökur minnisvarðinn.

Þetta er sami endir og í „Yfirliti“. Það eina sem hún lætur eftir sig og á hana minnir er skáldskapurinn, þótt í smáu sé, aðeins „örfáar stökur“. Þessar stökur minnst hún á í bréfi til Frímanns bróður síns, dagsettu á Sauðárkróki 14. október 1952:

Ég á hér heima hjá mér nokkurt samsafn af stökum o.fl. sem ég vil sameina sem mest. Þó allt sé þetta samsull mitt lítilsvirði vildi ég ganga frá því, svo að það væri ekki aðeins á lausum blöðum, því ekki er óhugsandi að einhver hefði stundargaman af að fara yfir það.⁸⁷

Þetta er sá minnisvarði sem hún reisir sér sjálf og er hennar síðasta æviverk. Minnisvarðinn í eftirmælunum er írónískur því að hann er ekki í kirkjugarðinum, heldur ósýnilegur og annars staðar. Hann er í tungumálinu og skáldskapnum og fallega skrifuðu stílabókunum sem Ólína lét eftir sig og varðveittar eru á Landsbókasafni Íslands.

HEIMILDIR

ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR

Hsk 2116, 4o. Bréf til Frímanns Jónassonar frá Ólínu Jónasdóttur.

Hsk 354, fol. Draumar og vísur Ólínu Jónasdóttur. Kalkerað vérlit með nokkrum leiðréttingum og viðbótum m.h. Ólínu sjálfar.

Lbs 3932, 4to. Ólína Jónasdóttir. Ljóðasýrpur.

⁸⁷ *Hsk 2116, 4to.*

- Lbs 4765, 4to. Mánaðarrit Lestrarfélags kvenna Reykjavíkur.
 Lbs 5025, 4to. Bréf til Theodoru Thoroddsen frá Ólínu Jónasdóttur.
 Bréfasafn Theodoru Thoroddsen.
 Lbs 19 NF. Ólöf Sigurðardóttir. Bréfa- og handritasafn.

PRENTAÐAR HEIMILDIR

- Brynleifur Tóbiásson. 1946. „Ólína Jónasdóttir, *Ég vitja þín, æska*.“ Ritdómur. *Morgunblaðið*, 7. desember. Bls.10.
 Eddukvæði. 1968. Ólafur Briem annaðist útgáfuna. Reykjavík: Skálholt.
 Eiríkur Hreinn Finnbogason. 1946. „Ólína Jónasdóttir, *Ég vitja þín, æska*.“ Ritdómur. *Þjóðviljinn*, 13. október. Bls. 3.
Fjölnir. 1837. Þriðja ár. Kaupmannahöfn.
 Guðný Jónsdóttir frá Klömburum. 1951. *Guðmjarkver*. Helga Kristjánsdóttir sá um útgáfuna. Reykjavík: Helgafell.
 Helga Kress. 1993. *Máttugar meyar. Íslensk fornbókmenntasaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
 Helga Kress. 2000. „Í kvöld verð ég fimmtug.“ Afmælisljóð kvenna til sjálfra sín.“ *Speglanir. Konur í íslenskri bókmenntahefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum. Bls. 365–382.
 Herdís Andrésdóttir. Sjá *Ljóðmæli eftir Ólínu og Herdísí Andrésdætur*.
Hugtök og heiti í bókmenntafræði. 1983. Ritsstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning.
Hyndlurímur og Snækóngrímur. 1950. Rit Rímnafélagsins III. Bjarni Vilhjálmsson bjó til prentunar. Reykjavík: Rímnafélagið.
Íslensk bókmenntasaga III. 1996. Ritsstj. Halldór Guðmundsson. Reykjavík: Mál og menning.
 Jakob Benediktsson. 1947. „Minningabækur og þjóðleg fræði.“ *Tímarit Máls og menningar*. 1. hefti. Bls. 65–77.
 Jón Helgason. 1959. „Að yrkja á íslensku.“ *Ritgerðakorn og ræðustúfar*. Reykjavík: Félag íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn. Bls. 1–38.
Ljóðmæli eftir Ólínu og Herdísí Andrésdætur. 1976. Þriðja útgáfa. Reykjavík: Jón Thorarensen.
 Ólína Jónasdóttir. 1946. *Ég vitja þín, æska. Minningar og stökur*. Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar.
 Ólína Jónasdóttir. 1946. „Lækurinn.“ *Embla*, 2. ár. Bls. 53.
 Ólína Jónasdóttir. 1949. „Síldin.“ *Embla*, 3. ár. Bls. 95–96.
 Ólína Jónasdóttir. 1955. „Nokkrar stökur.“ *19. júní*. Bls. 44.
 Ólína Jónasdóttir. 1981. *Ef hátt lét í straumnið Héraðsvatna. Minningar, þættir og brot*. Broddi Jóhannesson og Frimann Jónasson önnuðust útgáfunna. Reykjavík: Iðunn.
 „Ólína Jónasdóttir sextug.“ 1945. *Embla*, 1. ár. Bls. 38–42.

- Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum. 1945. *Ritsafn*. Jón Auðuns sá um útgáfuna. Reykjavík: Helgafell.
- Páll Ólafsson. 1899. *Ljóðmæli*. 1. bindi. Reykjavík: Jón Ólafsson.
- Ragnhildur Richter. 1997. *Lafað í röndinni á mannfélaginu: Um sjálfsvævisögur kvenna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurður Nordal. 1960. „Theodora Thoroddsen.“ Theodora Thoroddsen, *Ritsafn*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Bls. 9–41.
- Steinunn Finnsdóttir. Sjá *Hyndlurímur og Snækóngrímur*.
- Steinunn Sigurðardóttir. 1971. *Þar og þá*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Stuðlamál*. 1928. Ritsstjóri Margeir Jónsson. 2. hefti. Akureyri.
- Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*. 1997. Helga Kress valdi efnið og bjó til prentunar. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Önnur útgáfa 2001.
- Sölvi Sveinsson. 1982. „Ólína Jónasdóttir: *Ef hátt lét í straumnið Héraðsvatna*.“ Ritdómur. *Saga*.
- Theodora Thoroddsen. 1913. „Ofan úr sveitum. Nokkrar stökur kveðnar af sveitakonum.“ *Skírnir*. 87. ár. Bls. 326–334.
- Theodora Thoroddsen. 1914. „Þulur.“ *Skírnir*. 88. ár. Bls. 415–420.
- Theodora Thoroddsen. 1960. *Ritsafn*. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Theodora Thoroddsen. 1960. „Að vestan.“ *Ritsafn*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Bls. 121–125.
- Una Jónsdóttir. 1929. *Vestmannaeyjaljóð*. Reykjavík: höfundur.
- Þorsteinn Jónsson. 1946. „Ólína Jónasdóttir, *Ég vitja þín, æska*.“ Ritdómur. *Vísir*, 8. nóvember. Bls. 2.

Ólína Jónasdóttir

Þrjú áður óbirt ljóð

Í hvamminum

Í hvamminum inn með ánni
er enn þá gaman að finnast,
líta yfir langa ævi
og liðinna daga minnast.

Á eyrunum áin niðar
í ótal kvíslum og taumum
og ósjálfrátt enn við finnum
áhrif frá gömlum draumum.

Þó farið sé æskufjórið
og færst hafi margt úr skorðum
göngum við gömul og lúin
göturnar sömu og forðum.

Við tölum um æskuástir
okkar, og lífsins gildi,
en lítum nú öðrum augum
á allt sem að leiðir skildi.

Við málin í rósemd ræðum
og rökin til mergjar brjótum,
við lifum upp liðna daga
og líðandi stundar njótum.

Það sígur að sólarlagið
og síðdegis skuggar lengjast.
Í kveldblænum hlýjum, hljóðum,
hugsanir okkar tengjast.

(1951)

Heima

Húmið á landið aðeins tánnum tyllir,
 titrar á öldum glit frá mánaskini.
 Er sem mér berist boð frá horfnum vini,
 blíðróma minning hjartað löngun fyllir.

Skrjáfar í laufi léttur goluþytur,
 lyngmóinn hlustar eftir kunnnum rómi,
 ilmurinn berst frá litlu lautarblómi,
 lækur í nálægð milda söngva flytur.

Hljóðláta nótt, frá helgilindum þínum
 heilnæman kraft ég finn um brjóst mitt streyma.
 Langt er nú síðan hjá þér átti ég heima.
 Hér sleit ég fyrstu æskuskónum mínum.

(Í ágúst 1949)

Stökur

Það er gott að geta enn þá glaðst og hlegið,
 upp í gaman angri slegið,
 yl frá sólargeislum þegið.

Hlæ ég oft þó hugur minn sé hljóður, gljúpur,
 yfir tárurum huliðshjúpur.
 Hláturinn er sjaldan djúpur.

Mér finnst allt svo ömurlegt og einskis virði,
 dagar langir, döpur byrði,
 dvelji ég ekki í Skagafirði.

Þar er allt sem er mér kærst og ei má gleyma.
 Þangað ætíð þrárnar streyma,
 þó á ég reyndar hvergi heima.

(1950)

Hannes Pétursson

Gleymd þýðing

1

Ég hef fyrir framan mig snotra vasasöngbók sem nú mun orðin sjaldséður prentgripur. Hún var gefin út í Reykjavík árið 1936 af Karlakór verkamanna, heitir *Vakna þú Ísland* og ber undirtitilinn Söngvar alþýðu.

Samkvæmt efnisskrá eru textar kversins 52 að tölu (en réttilega 53, því tvær sjálfstæðar stökur frá gömlum tíma voru settar undir einu og sömu fyrirsögn), ýmist frumortir eða þýddir.

Heiti söngbókarinnar er sótt í Vorhvöt, hið rómaða þjóðfrelsisljóð Steingríms Thorsteinssonar, og er erindum úr því ljóði skipað fremst.

Frið fylking manna á efni í söngbókinni. Höfundar úr flokki hinna eldri skálda, aðrir en Steingrímur, eru þessir, taldir upp í stafrófsröð: Bólu-Hjálmar, Einar Benediktsson, Gestur Pálsson, Guðmundur Guðmundsson (skólaskáld), Guðmundur Magnússon (Jón Trausti), Jón Thoroddsen, Jón Þorkelsson (Fornólfur), Sigurður Breiðfjörð, Þorsteinn Erlingsson. En höfundar úr röð yngri manna, taldir upp með sama móti, eru meðal annarra þessir: Ásgeir Bjarnþórsson, Halldór Stefánsson, Jóhannes úr Kötlum, Jón Rafnsson, Jón Thoroddsen (yngri), Sigurður Einarsson, Steinn Steinarr, Sveinbjörn Sigurjónsson.

Flesta söngtexta í kverinu eiga Þorsteinn Erlingsson og Jóhannes úr Kötlum, fimm hvor.

Formáli er fyrir textasafninu, saminn í nafni Karlakórs verkamanna (undirritun: Karlakór Verkamanna). Lítil vafi leikur á því að formáli þessi er ritaður af Hallgrími Jakobssyni (1908–1976) sem stjórnaði kórnum á árabílinu 1933–1940, var söngkennari í Austurbæjarskólanum í Reykjavík frá 1945 til dauðadags og fékkst við sönglagagerð.

Vasasöngbækur eru sérstök tegund ljóðasafna, settar saman út frá mjög mismunandi sjónarmiðum. Ég hef ekki kannað hvenær þær koma fyrst upp hérlandis, en víst er að þær urðu vinsælar meðal

Íslendinga á 20. öld. Hlutverk þeirra, hvað sem efnisvali leið hverju sinni, var að efla sönggleði fólks og samhug. Pólitískar voru þær sjaldnast og má mikið vera ef Vakna þú Ísland er ekki fyrsta hápólitíska vasa söngbókin sem við eigum. Til skýringar þeim orðum tek ég upp glefsur úr formálanum, því greinilegra finnst mér að láta hann tala sínu máli sjálfan heldur en að stytta efnið í endursögn:

„Nú á seinni árum hefir komið í ljós mjög tilfinnanleg vöntun á söngbók handa alþýðu, þar sem dregin væru saman í eina heild ljóð og söngvar, sem til eru orðin í baráttu alþýðunnar og hæf mega kallast til söngs.“

Með útgáfu þessarar bókar er reynt að bæta úr brýnni þörf. Þó verða menn að hafa hugfast, er þeir dæma um þetta söngvasafn, að ekki ber að líta á það sem úrval hinna beztu ljóða, er túlkað hafa baráttu íslenzkrar alþýðu fyrr og síðar. Því að val kvæðanna varð að takmarka við sönghæfni þeirra.“

Og áfram:

„Mörg af eldri kvæðunum í þessu safni eru flestum kunn áður. Þau eru ort á þeim tíma, er íslenzka þjóðin háði baráttu sína við erlenda áþjám og kúgun. Þau spegla hugprýði þjóðarinnar, vonir hennar og frelsisþrá, og hafa verið alþýðu landsins hvatning og beitt vopn í baráttunni fyrir frelsi og sjálfstæði. Og þessi ljóð eru jafn lifandi hjá alþýðunni enn í dag, og hafa ef til vill aldrei verið henni hjartfólgnari né sungin af dýpri skilningi. Þau hvetja enn til árvekni og baráttu, vekja að nýju eldmóð og kraft alþýðunnar til að vinna loks fullnaðarsigur á öllum kúgurum sínum.“

Hin nýju ljóð, úr frelsisbaráttu alþýðunnar á síðustu árum, eru beint framhald hinna eldri kvæða. Samhengið hefir þar aldrei slitnað. Meginhlutinn af öllum þeim ljóðum, sem dýpstar eiga vinsældir hjá alþýðunni, tendrast enn af sömu glóð og áður. Enn er frelsisbaráttan hið ríkasta jafnt í lífi hennar og ljóðum.“

Einnig segir:

„Meðal yngri söngvanna eru nokkrir þýddir. Þeir eru orðnir til við lík skilyrði hjá kúgaðri alþýðu í öðrum löndum og hafa fundið sterkt bergmál hjá íslenzku alþýðunni.“

Útgefandi þessara söngva – Karlakór verkamanna í Reykjavík – hefir frá því að hann hóf starfsemi sína unnið að því að fá þýdda ýmsa erlenda verkalýðssöngva. Hann hefir ennfremur lagt kapp á að fá samin ný lög og ljóð og þar með átt drjúgan þátt í að skapa marga nýja söngva, sem orðið hafa á skömmum tíma eign alþýðunnar.“

Formálanum lýkur á þeim orðum að tilgangi útgefenda sé náð ef

„söngvar og lög þessarar bókar gefa nýjan kraft frelsishugsjónum Íslendinga, kveikja eldmóð í brjósti íslenzku alþýðunnar, glæða vonir hennar, hugprýði og kjark í hinni miklu lokabaráttu fyrir algerðu frelsi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar“.

Vel má skipa kjarnanum í þessum formála undir óopinbera menningarstefnuskrá róttækrar verkalýðsstéttar síns tíma hér á landi. Ljós eru tengslin við þjóðfrelsisbaráttu 19. aldar. Sókn íslenzkrar alþýðu á 20. öld eftir fullum réttindum er þjóðfrelsisbaráttan gamla endurvakin. Af þeirri ástæðu vekur enga furðu hversu mörgum ættjarðarljóðum og öðrum brýningarljóðum hinna eldri skálda er fléttað innan um og saman við nýja söngva þar sem hæst blaktir logarauður fáni verkalýðsbyltingar.

2

Sú viðleitni Karla­kórs verkamanna í Reykjavík „að fá þýdda ýmsa erlenda verkalýðssöngva“ skýrir það efalaust að Steinn Steinarr settist niður og íslenzkaði söngtexta handa kórnum. Þýðing hans, *Budjonny-marsinn*, var tekin upp í Vakna þú Ísland og engin önnur ljóð eftir hann, enda fannst sönglagasmiðum ekki fyrr en síðar neinn almenni­legur matur í verkum skáldsins.

Ég hygg að þýðing Steins á Budjonny-marsinum sé nú öllum gleymd nema kannski stöku manni sem enn er uppi og kynntist af eigin raun verkalýðsbaráttunni á Íslandi milli 1930 og 1940.

Viðlag fylgir hverju erindi þýðingarinnar. Það er prentað í söng­bókinni fullum stöfum á eftir fyrsta erindi, en aðeins upphafsorð þess á eftir seinni erindunum svo sem alsíða er þegar líkt stendur á. Hér verða erindin tekin upp óskert eins og þau hafa hljómað úr munn­ni kórmanna:

Sjá, birta dagsins bjarma slær á blóðrauð ský.
 Heyr hófadyn, heyr sigursöng, heyr vopnagný.
 Þeir biðja um náð, þeir biðja um grið,
 er brunar gegnum eld og hríð
 vort rauða, vort rauða, hrausta hetjulið.
 Fram, fram, í stríð, í stríð með styrksins móð,
 þú unga blóð, þú öreiganna þjóð.
 Lát fánann rauða rísa um fjall og dal.
 Vort föðurland er international.

Nú hrynur senn til grunna heimsins auðvaldsstétt.
 Nú byrjar öld, sem býður hverjum þræl sinn rétt.
 Við berjumst hart með hamri og sigð,
 unz hlekkur þrældóms brotinn er.
 Vort ríki, vort ríki er heimsins borg og byggð.
 Fram, fram, í stríð, í stríð með styrksins móð,
 þú unga blóð, þú öreiganna þjóð.
 Lát fánann rauða rísa um fjall og dal.
 Vort föðurland er international.

Sjá, bygging okkar þjóðfélags mun byrja senn.
 Við erum ekki þrælsins þý, við erum menn.
 Við þekkjum lífsins rök og rétt,
 vor reynsla er blóðug, löng og dýr.
 Hún sigrar, hún sigrar loks, hin snauða stétt.
 Fram, fram, í stríð, í stríð með styrksins móð,
 þú unga blóð, þú öreiganna þjóð.
 Lát fánann rauða rísa um fjall og dal.
 Vort föðurland er international.

Þetta ljóð er sömu ættar og aðrir baráttusöngvar róttæktrar alþýðu sem valdir voru til birtingar í Vakna þú Ísland. Langfrægust af slíkum herhvötum er Internationalinn (Fram, þjáðir menn í þúsund löndum) sem Sveinbjörn Sigurjónsson þýddi á íslensku og vitaskuld var prentuð í söngbókinni.

3

Höfundur lagsins sem sungið var við Budjonny-marsinn er í Vakna þú Ísland sagður heita Davidenko. Þar er trúlegast átt við Alexandre Davidenko (1899–1934). Hann var kunnur lagasmiður í Sovétríkjunum, beitti sér í byltingunni 1917 og samdi þekkta verkalýðs-söngva. Þetta getur að lesa í almennum uppfletiritum. En einnig hitt, að Dmitri J. Pokrass (1899–1978), sovézkur tónlistarmaður og tónskáld, hafi samið Budjonny-marsinn árið 1920 við texta eftir A. D'Aktil (1890–1942) og sé hann einn hinna fyrstu sovézkú söngva sem náðu hylli um landið allt. Pokrass þjónaði í Rauða hernum þegar hann samdi marsinn, var í 1. riddaraliðssveitinni, en fyrir henni fór einmitt sá frækni foringi, Semjon M. Budjonny (1883–1973). Budjonny barðist af hreysti gegn óvinaherjum Sovétríkjanna í þeirri

borgarastyrjöld sem háð var í kjölfar byltingarinnar, varð marskálkur í Rauða hernum, sem hann átti þátt í að koma á stofn, og stýrði herfylkjum í Úkraínu þegar Þjóðverjar sóttu þar fram með ofurefli liðs sumarið 1941. Budjonny var þrívegis sæmdur heiðursnafnbótinni Hetja Sovétríkjanna.

Ekki er á mínu valdi að greina nánara en hér var gert frá sovézkum baráttusöngvum að því leyti sem þeir tengjast texta Budjonny-marsins; og sel í hendur tónmenntamönnum að greiða betur úr þeim hlutum, ef ástæða þykir til.

Ég tel víst að sá texti sem Steinn Steinarr hafði fyrir sér þegar hann sneri Budjonny-marsinum á íslenzku hafi verið á skandinavísku máli, aðrar erlendar tungur gat hann lítið nýtt sér, sízt árin 1930–1940. En þar sem hvort tveggja er óljóst, hver textinn var og eftir hvaða leiðum hann rataði til Norðurlanda, verður ekki um það dæmt hversu trúr Steinn var því ljóði sem hann studdist við. Kannski tókst honum vel að þýða eftir þýðingunni og sú þýðing verið bærileg, það geta þeir einir úrskurðað sem læsir eru á rússnesku og hafa upprunalega söngtextann til hliðsjónar. Hér er það aftur á móti fyrir öllu að eiga þennan eldheita baráttusöng í íslenskum búningi Steins Steinars.

4

Þýðing Steins á Budjonny-marsinum á að sjálfsögðu heima á því skeiði í skáldskap hans sem miðast við Rauður loginn brann (1934), fyrstu ljóðabók skáldsins. Þar stígur hann fram sem verkalýðsskáld – eða öreigaskáld eins og stundum er kallað – einnig sem skáld í borg, allt samkvæmt vissu rítúali sem þekkt var á Norðurlöndum frá því um 1920. Til að mynda tóku þá dönsk skáld að gera sér Kaupmannahöfn að yrkisefni. Í Noregi söng Nordahl Grieg um aðalstræti Óslóar, Karl Johan, í ljóðabók árið 1925, og þar í borg óx upp í verkamannahverfi mikið verkalýðsskáld, Rudolf Nilsen (1901–1929), blaðamaður að atvinnu og rakinn kommúnisti, Moskvukommúnisti, haldinn sigurvímu byltingarinnar 1917. Frá hans hendi komu þrjár bækur. Ljóðagerð þessa snillings, sem dó langt fyrir aldur fram, er klassísk í norskum bókmenntum. Hún er að mörgu leyti rígskorðuð pólitískum aðstæðum, en næm innlifun, gædd snjallri myndvísi, lyftir henni yfir stund og stað. Ég hef dálæti á þessu skáldi, og Rudolf Nilsen er sannur fulltrúi þess skóla í ljóðagerð á Norðurlöndum sem kenna má við byltingarsinnaða verkalýðsbaráttu.

Eftir Rudolf Nilsen er í Vakna þú Ísland eitt ljóð, „Revolusjonens røst“, úr annarri ljóðabók hans (1926), þýtt af Aðalbirni Péturssyni, kunnnum baráttumanni verkalyðs á þessum árum. Þýðingin er læsileg, en sums staðar skortir nákvæmni. Magnús Ásgeirsson og Helgi Hálf-danarson hafa einnig þýtt ljóð eftir Nilsen, og vera má að fleiri hafi leitast við að kynna verk hans fyrir Íslendingum, hef ekki athugað það að svo stöddu.

Rudolf Nilsen var vopnabróðir Steins Steinars og allra þeirra ís-lenzku vinstrianna sem lögðu fram stéttabaráttutexta til söngbók-arinnar margnefndu. Fyrir því, meðal annars, er hans getið sérstak-lega hér á þessum stað.

5

Þýðingu Budjonny-marsins lét Steinn liggja í þagnargildi eins og sum önnur ljóð frá hinum fyrri dögum á skáldferli sínum þegar til þess dró að safna efni til útgáfu. Í sjálfu sér fellur hún illa að skáldskap hans eftir 1934, slíkum breytingum sem hann tók og skýrt sjást í Ljóðum (1938), annarri bók hans. Raunar er efnið í Rauður loginn brann orðið Steini fjarlægt í mörgu þegar hann leggur lokahönd á verk sín árið 1956 í safnútgáfunni Ferð án fyrirheits, sem hefur að undirtitli: Ljóð 1934–1954. Sú bók kom út á vegum Menningar- og fræðslusam-bands alþýðu og geymir safn þeirra ljóða sem skáldið sjálf kaus að lægi eftir sig fyrir augum komandi kynslóða. Þar úthýsti hann stórum hluta þess skáldskapar sem birtist í Rauður loginn brann; eftir standa 15 ljóð, en 14 eru felld undan, þeirra á meðal hið langa upphafsljóð, Öreiga-æska.

Valdimar Tómasson

Tvær sonnettur

Við kræklótt tré

Um sumarkvöld ég sit við kræklótt tré
og sólfarsvindar strjúka rjóða vanga.
Mig undar sífellt óræð lífsins ganga
og allt það sem hún lætur manni í té.

Ég þreyttur stari á gisnar gróðurvinjar
og gleymdar myndir birtast ein og ein.
Í minni sálu er engin hugsun hrein
og hjartakenndir tærar aðeins minjar.

Því allt var selt á lostans torgi og tál
og taumlaus girndin drekkir þínu sjálfi.
Í senn þú líkist kjölturakka og kálfi
sem kvoðan sökuvir langt upp fyrir háls.

Þér bjargar engin andakt, von né trú
því allir breyttu á sama hátt og þú.

Sonnetta um haust

Nú sefur allt í svölum næturskugga,
minn sálareldur veikur logi á skari.
Ég vonlaus út í vetrarmyrkrið stari.
Válynda nótt, hví byrgir þú minn glugga?

Og haustið breiðir hendur yfir jörðu
og heimtar feigan allan sumarblóma
og kyrrlát rökkrið drepur allt í dróma
sem dagsins birta og sólin áður vörðu.

Mín sál er lauf sem leitar fölt til jarðar
og lætur aðeins vinda ráða för
en ekki skip sem líður létt úr vör
og lyftir segli er rísa öldugarðar.

Dimmhærða nótt, ó, deyf þú mína kvöl,
ó, dvel þú hjá mér, kyrrlát, þýð og svöl.

Kendra J. Willson

Á mörkum lausamáls

Þýðingar Sverris Hólmarssonar á ljóðum T. S. Eliots

Eyðilandið (*The Waste Land*) eftir T.S. Eliot (1922) er eitt frægasta ljóð 20. aldar og mikilvægur áfangi í þróun mórernisma. Ljóðið hefur sett mark sitt á þróun ljóðlistar á Íslandi jafnt og annars staðar, ekki síst sem innblástur að *Dymbilvöku* Hannesar Sigfússonar,¹ en Eliots er getið á 21 stað í *Atómskáldum* Eysteins Þorvaldssonar skv. nafnaskrá.² Samt birtist íslensk þýðing á ljóðinu öllu ekki fyrr en 1990, tæpum sjötíu árum eftir að ljóðið kom út á ensku árið 1922. Í millitíðinni hafði átt sér stað „ljóðbylting“, að hluta til vegna áhrifa Eliots, sem breytti forsendum ljóðlistar og þar með ljóðabýðinga.

Íslenskum lesendum er kunnara en frá þurfi að segja að Steinn Steinarr skoraði á Hannes Sigfússon að þýða *Eyðilandið*. Hannes glímdi við kvæðið í þrjár vikur áður en hann gafst upp, lánaði þýðingarslitrin einhverjum manni og sá þau aldrei aftur.³ En útúrsnúningur hans „Svona upp með þig það er glas“ á setningu Eliots „HURRY UP PLEASE IT'S TIME“ kemur fyrir tvisvar í *Dymbilvöku*. Því hefur jafnvel verið haldið fram að „misskilningur“ Hannesar á Eliot og þessi misheppnaða þýðingartilraun hafi verið kveikjan að *Dymbilvöku*⁴ eða jafnvel að „Dymbilvaka sé stæling á *The Waste Land*“.⁵ *Dymbilvaka* myndi þá tilheyra þýðingarsögu Eyðilandsins á íslensku – án þess að *Eyðilandið* sjálft hafi verið þýtt fyrr en fjörutíu árum seinna.⁶

¹ Hannes Sigfússon (1949).

² Eysteinn Þorvaldsson (1980:292).

³ Hannes Sigfússon (1985:36).

⁴ Matthías Johannessen (2006:34).

⁵ Jóhann Hjálmarsson (1971:137).

⁶ Í þýðingu Sverris verður viðkomandi setning fremur gegnsæ og hlutlaus: „KLÁR-
IÐ ÚR GLÖSUM, VIÐ LOKUM“ (Eliot 1990:17) og glatar hinni almennu tilvísan. Ursula Lindqvist (2005:25) bendir á að viðkomandi setning verði í samskiptum þýðingu Eriks Mesterton og Karin Boye (Eliot 1932) „DET ÄR STÄNG-
NINGSDAGS VI SLÄCKER NU“ þar sem önnur aukamerking bætist við í staðinn: „it also forewarns specifically of a coming darkness in a way the English original does not“ (Lindqvist 2005:25) og tengist ríkri táknfræði ljóss og myrkurs.

Þýðing Sverris Hólmarssonar á *Eyðilandinu*⁷ kom út í tvítyngdri útgáfu hjá Íðunni árið 1990 ásamt skýringum (þýðingum á skýringum Eliots og viðbótarskýringum þýðanda) en fyrsti kaflinn, „Greftrun hinna dauðu“ hafði birst í *Ljóðormi* árið 1988.⁸ Helgi Hálfðanarson⁹ og Stefán Sigurkarlsson¹⁰ hafa hvor um sig þýtt stutta kaflann „Sjódauða“ úr *Eyðilandinu* og þýðing Magnúsar Ásgeirssonar á upphafi ljóðsins birtist í *Síðustu þýddum ljóðum*.¹¹ Þýðing Sverris er, mér vitanlega, eina íslenska þýðingin á ljóðinu í heild sem birst hefur. Þýðing Sverris á The Love song of J. Alfred Prufrock¹² birtist í *Skírni* skömmu seinna ásamt grein um ljóðið.¹³ Titill þýðingarinnar, Mansöngur J. Alfred Prufrocks, tengir kvæðið við íslenska ljóðhefð á skemmtilegan hátt. Ég kannast ekki við aðrar íslenskar þýðingar á Prufrock.

Þótt Eliot hafi verið mikilvægur gerandi í ljóðbyltingunni svokölluðu er hann einnig þekktur fyrir mótstöðu eða tortryggni gagnvart fríljóðum, sbr. hinar frægu setningar hans „*Vers libre* does not exist“¹⁴ og „No verse is free for a man who wants to do a good job“.¹⁵ Mjög mismunandi greiningar eru á bragfræði Eliots og umdeilt hvenær, hvernig og að hvaða leyti hann víkur frá hefðbundnum bragarháttum. Eliot skrifaði: „The most interesting verse that has yet been written in our language has been done either by taking a very simple form, like the iambic pentameter, and constantly withdrawing from it, or taking no form at all, and constantly approximating to a very simple one“;¹⁶ á mörgum stöðum er óljóst hvora þessara aðferða Eliot notaði sjálfur. Til dæmis kemst M. Martin Barry að þeirri niðurstöðu að bragfræði Eliots sé í raun mjög hefðbundin.¹⁷ Samkvæmt því sem Sven Bäckman segir hafa flestir haldið að hrynjandi í ljóðum Eliots fram að *Eyðilandinu* og að því meðtöldu, sé yfirleitt jambísk.¹⁸ Bäckman færir aftur á móti rök fyrir því að eldri ljóð Eliots sameini kafla orta undir áhersluháttum („strong-stress metres“), þ.e.a.s. með

⁷ Eliot (1990).

⁸ Eliot (1988).

⁹ Helgi Hálfðanarson (1982:193).

¹⁰ Eliot (2004).

¹¹ Magnús Ásgeirsson (1961:36), sbr. Eysteinn Þorvaldsson (1980:72–73).

¹² Eliot (1917).

¹³ Eliot (1991) og Sverrir Hólmarsson (1991).

¹⁴ Eliot (1975:31).

¹⁵ Eliot (1957:31).

¹⁶ Eliot (1975:33).

¹⁷ Barry (1969).

¹⁸ Sbr. Gardner (1949:184).

orðahrynjandi (þar sem fjöldi áhersluatkvæða er fastur en fjöldi áherslulausra breytilegur), og kafla með jambískri hrynjandi, þar sem bæði fjöldi atkvæða og áhersla skiptir máli. Inn á milli séu grá svæði þar sem skáldið kemst hvað næst frljóðum: „the transitional passages often having no underlying pattern that is at all easily analysable ... it is in these passages that Eliot comes closest to writing real free verse.“¹⁹ Í stað þess að sleppa bragarháttum alveg sækir hann innblástur til fortíðarinnar og veitir sjálfum sér frelsi til að blanda saman mismunandi tegundum af hrynjandi, allt eftir þörfum textans.

Hluti af töfrum Eliots er lipurt málfar og leikur hans að bragnum með fyrirvaralitlum breytingum í háttum og hrynjandi. Skáldið lætur hrynjandi tungunnar leiða sig á milli skírskotana til ýmissa bragarháttanna. Hættirnir eru sjálfir tilvísanir í hefðina,²⁰ en skáldið eigrar um þá á svipaðan hátt og hann leiðir saman tilvitnanir úr ýmsum áttum. Þegar endarím kemur fyrir á það á mörgum stöðum að hljóma „tilviljunarkennt“, eins og þegar mælandi verður allt í einu var við, að það sem hann segir, rímar. Eliot hefur lýst hlutverki þess sem hann kallar „auditory imagination“ eða hljóðrænt hugmyndaflug skáldsins sem „penetrating far below the conscious levels of thought and feeling, invigorating every word“²¹ en þessi lýsing á vel við hlutverk hljóðmunstra í ljóðum Eliots sjálfs.²²

„Hálfbundið“ mál Eliots er sérstök áskorun fyrir þýðanda. Ríkjandi venja á Íslandi er að þýða bundið mál „bragrétt“ að viðbættum ljóðstöfum (en prósaþýðingar njóta meiri vinsælda í Bandaríkjunum, a.m.k. hjá fræðimönnum). Þýðandi sem á annað borð ætlar að herma eftir bragfræðilegu formi verksins neyðist til að ákveða hvenær t.d. rím „skiptir máli“ þegar hann þýðir. Íslenska ljóðstafahefðin – þar sem ljóðstafir eru enn „skyldubundnir“ í bundnu máli²³ – bætir enn einni áskoruninni við þær bragfræðilegu ákvarðanir sem þýðandi verður að taka.

Sverrir leitast við að hafa þýðingarnar á mörkum bundins máls og lausamáls eins og frumtextinn er. Hér bætist ljóðstafaviddin við hrynjandi og endarím sem merki um bundið mál. „Breyturnar“ fara stundum saman en geta einnig sýnt tilbrigði hver fyrir sig. Samkvæmt flokkun Nigels Fabb tilheyrir endarím „expressed form“ (tjádri mynd)

¹⁹ Bäckman (1993:186).

²⁰ Sbr. umfjöllun Grünthal (1993) um finnska ljóðið Balladi eftir Tuomas Anhava.

²¹ Eliot (1933:118); tilvitnað eftir Bäckman (1993:182).

²² Bäckman (1993:182-183).

²³ Sbr. Willson (2008).

ljóðs, þ.e.a.s. bragfræðilegum víddum sem skáld taka meðvitaðar ákvarðanir um að nota eða ekki og eiga tiltölulega auðvelt með að tjá sig um, en hrynjandi textans (t.d. teygjanleiki ákveðins bragarháttar) tilheyrir „inherent form“ (innbyggðri mynd) sem er nær því að vera hluti af málkunnáttunni. Fabb kemst að þeirri niðurstöðu að stuðlun tilheyrir „tjáðri mynd“ ljóðs en svarið liggur ekki í augum uppi.²⁴ Greinilegt er að stuðlun liggur einhvers staðar á milli ríms og hrynjandi á þessum skala en staða hennar getur verið breytileg. Lýsing Eysteins Þorvaldssonar á formtilraunum atómskáldanna gefur til kynna svipað stigveldi: til eru ljóð með ljóðstöfum en án ríms, ljóð „sem vantar annað hvort ljóðstafi eða hrynjandi“²⁵ en „ekki hafa verið birt rímuð ljóð án hrynjandi“.²⁶ Hjá öllum atómskáldunum „finnast ljóð með reglubundinni hrynjandi en laus við önnur megin-einkenni formhefðarinnar“.²⁷

Þegar Eliot notar mikið en óreglulegt rím gerir þýðandi það líka en leyfir sér að víkja frá nákvæmu „rímmunstri“ frumtextans. Í *Prufrock* verður²⁸

Do I dare
Disturb the universe?
In a minute there is time
For decisions and revisions which a minute will reverse.

Þori ég
að trufla alheiminn?
Á mínútu gefst tóm
fyrir hundrað skoðanir og endurskoðanir sem á mínútu
verða hjóm.

Rímmunstrið breytist úr aba í abb. Hið mikilvæga er, eins og Sverrir hefur skynjað, að langa vísuorðið rímar við eitthvað sem kemur á undan en kemur samt svolítið á óvart. Að þessu leyti finnst mér jákvætt að stuðlun skuli ekki vera notuð hér til að merkja vísuorðið sem seinni hluta vísuorðapars. Hins vegar sakna ég sléttar hrynjandi frumtextans í þýðingunni.

²⁴ Fabb (1999).

²⁵ Eysteinn Þorvaldsson (1980:201).

²⁶ Eysteinn Þorvaldsson (1980:207).

²⁷ Eysteinn Þorvaldsson (1980:208).

²⁸ Eliot (1936:13), Eliot (1991:430).

Sumsstaðar má segja að Sverrir endurgeri rím sem fylgir setninga-gerð (hliðstæð viðskeyti vegna hliðskipanar lýsingarorða) með nokkrum hætti:²⁹

It's so elegant
So intelligent

hann er svo glæsilegur
og svo gáfulegur.

Aðeins neðar á sömu síðu er dæmi þar sem Sverrir hefur ekki reynt að endurgera rímið.³⁰

And if it rains, a closed car at four.
And we shall play a game of chess,
Pressing lidless eyes and waiting for a knock upon the door.

verður á íslensku:

Og ef það rignir, lokaður vagn klukkan fjögur.
Og svo teflum við eina skák,
þírum lokalaus augu og bíðum eftir banki á dyrnar.

Viðkomandi kafli samanstendur af „hleruðu“ samtalsbroti. Sverrir hefur ákveðið (skynsamlega) að fara með þetta sem laust mál eins og sést einnig í stuðlunarleysi þýðingarinnar.

Sverrir notar mikla en mjög óreglulega stuðlun. Þessi aðferð minnir á köflum á miðensk ljóð, eða enskar nútímaþýðingar á fornenskum eða íslenskum ljóðum, þar sem þýðandi reynir að gefa til kynna að stuðlun skipti máli fyrir frumtextann án þess að ganga fram af ensku-mælandi lesendum.³¹ Yfirleitt er meiri stuðlun í köflum þar sem hrynjandi er sterkari og rím algengara en þessi fylgni er ekki nákvæm heldur breytist hver bragbreytan að hluta til sjálfstætt eftir því sem textinn eigir á milli lauss og bundins máls.

Sem dæmi má taka upphaf *Eyðilandsins*, sem hljómar svona á frum-málinu:³²

²⁹ Eliot (1990:14–15).

³⁰ Eliot (1990:14–15).

³¹ Sbr. Raffel (1989:41).

³² Eliot (1990:6–7).

April is the cruellest month, breeding
 Lilacs out of the dead land, mixing
 Memory and desire, stirring
 Dull roots with spring rain.
 Winter kept us warm, covering
 Earth in forgetful snow, feeding
 A little life with dried tubers.
 Summer surprised us, coming over the Starnbergersee
 With a shower of rain; we stopped in the colonnade,
 And went on in sunlight, into the Hofgarten,
 And drank coffee, and talked for an hour.

en í þýðingu Sverris:

Apríl er grimmastur mánaða, græðir
 grös upp úr dauðri moldinni, hrærir
 girndum saman við minningar, glæðir
 vorregni visnaðar rætur.
 Veturinn veitti okkur yl, þakti
 grundina gleyskusnjó, nærði
 máttvana líf í morknum rótum.
 Sumarið kom að óvörum yfir Starnbergersee
 með hellidambu, við biðum í súlnagöngunum.
 röltum í sólskini út í Hofgarten
 drukkum kaffi og röbbuðum stundarkorn.

Fyrstu tvö vísuorð sýna „stuðlanna þrískipta grein“. Eins og Kristján Árnason bendir á verða „lilacs“ einfaldlega „grös“ í öðru vísuorði vegna stuðlunarþrýstings.³³ Næstu fimm vísuorð (öll jafnlöng) sýna hvert fyrir sig innbyrðis stuðlun; í þriðja vísuorði er of langt á milli stuðlanna skv. ríkjandi reglum. Eftir sjöunda vísuorð verða kaflaskil í hrynjandi ljóðsins; áttunda og níunda vísuorð hafa prósakennda hrynjandi (en minna einnig á jambískan fimmlíðahátt); en það tíunda og ellefta nálgast aftur trókaískan fjórliðahátt, eins og fyrstu sjö vísuorðin, fyrir utan það að hrynjandin er mun óreglulegri, e.t.v. nær orðahrynjandi en atkvæðahrynjandi. Þessi vísuorð eru alveg stuðlun-
 arlaus.

Í frumtextanum er „létt“ endarím (sama beygingarending *-ing* sem

³³ Kristján Árnason (1993:158).

er áherslulaus) í fyrsta, öðru, þriðja, fimmta og sjötta vísuorði sem undirstrikar hliðstæðu setningagerðina. Eitt merki þess að þetta sé móðernt ljóð er að lesanda finnst setningagerðin „ríkjandi“ og rímið fylgja henni frekar en öfugt. Í þýðingunni er einhvers konar hálfím (áherslusérhljóð *æ* í næstsíðasta atkvæði, á eftir tannmælt samhljóð, þá sérhljóð og *r*) í fyrsta, öðru, þriðja, fjórða og sjötta vísuorði. Hliðstæð setningagerð fæðir ekki af sér hliðstæð hljóð að sama leyti og í enska textanum þar sem í íslensku eru hliðskipaðar sagnir í persónuhætti sem eru ýmist í nútíð eða þátíð. Hrynjandi frumtextans er sléttari en í þýðingunni en Eliot stjórnar hraða textans mjög nákvæmlega með dreifingu tví- og þríliða; þessi vídd glatast að hluta til í þýðingunni.

Í báðum þýðingum koma sums staðar fyrir kaflar með endarími en án reglulegra ljóðstafa, t.d. í upphafi Prufrocks, sem hljómar svona á frummálinu:³⁴

Let us go then, you and I,
 When the evening is spread out against the sky
 Like a patient etherised upon a table;
 Let us go, through certain half-deserted streets,
 The muttering retreats
 Of restless nights in one-night cheap hotels
 And sawdust restaurants with oyster-shells:
 Streets that follow like a tedious argument
 Of insidious intent
 To lead you to an overwhelming question...
 Oh, do not ask, “What is it?”
 Let us go and make our visit.

Á íslensku verður þetta svona:³⁵

Förum út að ganga, góði minn
 þegar kvöldið er breitt yfir himininn
 eins og sjúklingur svæfður uppi á borði.
 Út að ganga eftir götum nærri mannaudum
 hvískrandi skúmaskotum
 óværra nóttu á ódýrum skyndihótelum
 og krám með sagi á gólfi og ostruskeljum,

³⁴ Eliot (1936:11).

³⁵ Eliot (1991:429).

eftir götum sem koma eins og leiðigjörn röksemd
 sem af lymsku og sviksemd
 leiðir þig að spurningu ógnarstórri...
 Æ, spyrðu ekki hver hún sé um sinn,
 fyrst skulum við fara og líta inn.

Hér taka annað, sjöunda, níunda og tólfta vísuorð þátt í rími án þess
 að hafa ljóðstafi. Svipuð dæmi má finna í *Eyðilandinu*.³⁶

The time is now propitious, as he guesses,
 The meal is ended, she is bored and tired,
 Endeavours to engage her in caresses
 Which still are unreproved, if undesired.
 Flushed and decided, he assaults at once;
 Exploring hands encounter no defence;
 His vanity requires no response,
 And makes a welcome of indifference.
 (And I Tiresias have foresuffered all
 Enacted on this same divan or bed;
 I who have sat by Thebes below the wall
 And walked among the lowest of the dead.)
 Bestows one final patronising kiss,
 And gropes his way, finding the stairs unlit ...

Nú er að sjá sem stundin sé honum í vil,
 máltíð er lokið, hún er sljó og þreytt;
 hann reynir með kjassi að koma henni til,
 hún hafnar því ekki, vill samt ekki neitt.
 Inn ryðst hann, rauður og þrúttinn, án fyrirvara,
 fálmandi fingrum eru engar varnir til ama.
 Í hégómleik sínum krefst hann engra svara
 en fagnar því að henni er alveg sama.
 (Og ég, Tiresias, hef fyrir löngu kvalist
 yfir því sem gerist í þessu sama rúmi;
 ég sem undir Þebumúr hef dvalist
 og stigið niður til dauðra í heljarhúmi.)
 Hann kyssir hana af náð í kveðjuskyni
 og klöngrast niður tröppurnar í myrkri ...

³⁶ Eliot (1990:20–23).

Hér eru mörg vísuorð án ljóðstafa þótt endarím sé til staðar. Í síðasta vísuorðapari notar Sverrir þó þríþætta stuðlun til að undirstrika kaflalok á svipaðan hátt og vísuorðapar með áberandi endarími er oft notað í leikritum Shakespeares til að merkja lok atriðis. Mér finnst þessi kafla skila sér vel í þýðingunni hvað varðar hljóm. Merkingunni er stundum breytt vegna krafna rímsins; þegar „and walked among the lowest of the dead“ verður „og stigið niður til dauðra í heljarhúmi“ glatast hugmyndin um að sumir dauðir séu lægri en aðrir og tvíræðnin um það hvar þessir dauðu eru. Þrátt fyrir rímið er ekki regluleg stuðlun í þessum vísuorðum.

Eins og Peter Carleton fjallar um áttu íslenskir módernistar auðveldara með að sleppa endarími en ljóðstöfum vegna þess að ljóðstafir voru táknrætt ígildi bæði ljóðlistar og þjóðernis. „Alliteration was not a limit on poetic expression, it *was* poetic expression“.³⁷ Önnur möguleg ástæða er sú að þar sem engin önnur þjóð á Vesturlöndum hafði sams konar ljóðstafahefð og Íslendingar á fyrri hluta 20. aldar vantaði einnig fordæmi til að sýna hvaða afstöðu módernistar „ættu“ að taka til ljóðstafa.

Ljóð með ljóðstöfum en án endaríms eru tiltölulega algeng í íslensku (í fornum kveðskap auk margra ljóða 20. aldar), en ljóð með endarími og án ljóðstafa eru mjög sjaldgæf (burtséð frá dægurlagatextum), og enn umdeild frá sjónarhorni hreintungustefnunnar.³⁸ Með því að hafa kafla með endarími en án stuðlunar í Eliot-þýðingum sínum dregur Sverrir e.t.v. upp mynd af „hliðstæðum alheimi“ þar sem ljóðbyltingin hefði tekið á sig aðra mynd og reynir með þessum hætti að koma nútímalesendum á óvart eða rugla þá í ríminu á svipaðan hátt og frumljóðið gerði á sínum tíma.

Því miður er mál Sverris ekki alltaf alveg nógu þjált til að búast megi við að mörg önnur skáld heillist af þessari aðferð í þýðingunni og fari að yrkja eftir dæmi hans. Eins og Kristján Árnason gefur í skyn takmarkast gæði þýðingarinnar ekki af enskukunnáttu Sverris³⁹ heldur e.t.v. af tilfinningu hans fyrir hrynjandi og brag og fimi í að sam-eina merkingu og form.

Endarím og ljóðstafir hjá Sverri verka stundum þvingaðir. Þetta er meira áberandi í Prufrock, þar sem rím er mikilvægur þáttur í hljómi ljóðsins og kímni.⁴⁰

³⁷ Carleton (1967:152).

³⁸ Sbr. Willson (2008).

³⁹ Kristján Árnason (1993:158).

⁴⁰ Eliot (1936:11).

In the room the women come and go
Talking of Michelangelo.

verður á íslensku⁴¹

Í stofunni koma frúrnar og fara, og þó
fjasa þær allar um Michelangelo.

Hér verður hið hlutlausa og einfalda „talking“ að „fjasa“ (sem Sverrir og félagar þýða sem „chatter away“)⁴² sakir ljóðstafa en orðið er ekki alveg í samræmi við þá mynd sem setningin kallar fram í huga þessa lesanda. Í frumtextanum er rímið eins og tilviljunarkennt og svolítið fyndið einkum þar sem „Michelangelo“ tilheyrir allt öðru sviði en þau einföldu og hversdagslegu orð sem koma á undan. Orðið „þó“ í þýðingunni er greinilega til staðar eingöngu vegna rímsins. Merkingin líður stundum fyrir það þegar Sverrir ákveður að ríma og stuðla, eins og í dæmum úr *Eyðilandinu* sem rædd eru að ofan.

Tilraun Sverris til að endurgera „hálfform“ ljóðsins er aðdáunarverð og athyglisverð frá sjónarhorni þróunar ljóðlistar á Íslandi. Það var löngu orðið tímabært að fá *Eyðilandið* á íslensku og Sverrir á hrós skilið fyrir að hafa komist í gegnum allt kvæðið og skilað því svo samilega. Eliot gagnrýndi skáldið Matthew Arnold fyrir að skorta „auditory imagination“⁴³ en fáir búa yfir jafn miklu hljóðrænu hugmyndaflugi og Eliot sjálfur. Þýðanda má ekki lasta þótt honum hafi ekki alveg tekist það ógerningsverk að endurskapa ólýsanlega, gáskafulla lipurð frumtextans.

HEIMILDIR

- Barry, M. Martin. 1969. *An analysis of the prosodic structure of selected poems of T.S. Eliot*. The Catholic University of America Press, Washington.
- Bäckman, Sven. 1993. „The metres in T.S. Eliot’s early poetry.“ *Metrik och modernism. Rapport från Tredje nordiska metrikkonferensen på Hana-holmens kulturcentrum den 10–12 oktober 1991*:181–192. Redigerad av

⁴¹ Eliot (1991:429).

⁴² Sverrir Hólmarsson, Christopher Sanders og John Tucker (1989).

⁴³ Bäckman (1993:182).

- Lars Huldén och Helena Solstrand-Pipping. (Studier i nordisk filologi, 72). Svenska litteratursällskapet i Finland, Helsingfors.
- Carleton, Peter. 1967. Tradition and innovation in twentieth century Icelandic poetry. Doktorsritgerð, University of California at Berkeley.
- Eliot, T.S. 1917. *Prufrock and other observations*. The Egoist, London.
- Eliot, T.S. 1922. *The Waste Land*. Boni and Liveright, New York.
- Eliot, T.S. 1932. Det öde landet. Erik Mesterton og Karin Boye, þýð. *Spektrum* 2:25–44.
- Eliot, T.S. 1933. *The use of poetry and the use of criticism*. Faber and Faber, London.
- Eliot, T.S. 1936. *Collected poems 1909–1935*. Harcourt, Brace and Company, New York.
- Eliot, T.S. 1957. *On poetry and poets*. Farrar, Straus, New York.
- Eliot, T.S. 1975. *Selected prose of T. S. Eliot*. Edited with an introd. by Frank Kermode. Faber and Faber, London.
- Eliot, T.S. 1988. „Greftrun hinna dauðu.“ Sverrir Hólmarsson, þýð. *Ljóðormur* 8:11–12.
- Eliot, T.S. 1990. *Eyðlandið = The waste land*. Sverrir Hólmarsson þýddi og annaðist útgáfuna. Iðunn, Reykjavík.
- Eliot, T.S. 1991. „Mansöngur J. Alfred Prufrocks.“ Sverrir Hólmarsson, þýð. *Skírnir* 165. ár (haust):429-433.
- Eliot, T.S. 2004. „Sjódaudi.“ Stefán Sigurkarlsson, þýð. *Jón á Bægisá* 8:72.
- Eysteinn Þorvaldsson. 1980. *Atómskáldin. Aðdragandi og upphaf módernisma í íslenskri ljóðagerð*. (Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, fræðirit, 5). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Fabb, Nigel. 1999. „Verse constituency and the locality of alliteration.“ *Lingua* 108:223-245.
- Gardner, Helen. 1949. *The art of T.S. Eliot*. Faber and Faber, London.
- Grünthal, Satu. 1993. „Ballad metrics and modernism.“ *Metrik och modernism. Rapport från Tredje nordiska metrikkonferensen på Hanaholmens kulturcentrum den 10-12 oktober 1991*:173-179. Redigerad av Lars Huldén och Helena Solstrand-Pipping. (Studier i nordisk filologi, 72). Svenska litteratursällskapet i Finland, Helsingfors.
- Hannes Sigfússon. 1949. *Dymbilvaka*. [Án forlags.] Reykjavík.
- Hannes Sigfússon. 1985. *Framhaldslíf förumanns*. Iðunn, Reykjavík.
- Helgi Hálfðanarson [þýddi.] 1982. *Erlend ljód frá liðnum tímum*. Mál og menning, Reykjavík.
- Jóhann Hjálmarsson. 1971. *Íslensk nútímaljóðlist*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

- Kristján Árnason. 1993. „Tveim tungum. T. S. Eliot og Saint-John Perse á Íslandi.“ *Andvari* 188. ár (n.fl. 35):150-165.
- Lindqvist, Ursula. 2005. *The Politics of Form: Imagination and Ideology in 1930s Transnational Exhibitions and Socially Engaged Poetry*. Doktorsritgerð, University of Oregon.
- Magnús Ásgeirsson [þýddi.] 1961. *Síðustu þýdd ljóð*. Guðmundur Böðvarsson bjó til prentunar. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Matthías Johannessen. 2006. *Hrunadans og heimaslóð*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Raffel, Burton. 1989. „Translating Medieval European Poetry.“ *The Craft of Translation*: 28-53. Edited by John Biguenet and Rainer Schulte. University of Chicago Press, Chicago.
- Sverrir Hólmarsson, Christopher Sanders og John Tucker. 1989. *Íslensk-ensk orðabók = Concise Icelandic-English Dictionary*. Iðunn, Reykjavík.
- Sverrir Hólmarsson. 1991. „Enginn snýr aftur frá dauðum. Um Mansöng J. Alfred Prufrocks.“ *Skírnir* 165. ár (haust):134-137.
- Willson, Kendra. 2008. „Jónas og hlébarðinn. Ljóðstafir og viðtökur ljóðabýðinga.“ *Jón á Bægisá* 12:72-100.

Pär Lagerkvist

Kvöldheimar

IV

Pär Lagerkvist er í hópi þekktustu rithöfunda Svía og árið 1951 voru honum veitt Nóbelsverðlaunin fyrir skáldsöguna *Barrabas*. Rit hans eru vel kunn á Vesturlöndum og á íslensku hafa skáldsögurnar *Böðullinn*, *Sibillan*, *Barrabas* og *Dvegurinn* verið þýddar og gefnar út auk þess sem nokkur ljóða hans hafa verið þýdd og birst á prenti.

Í upphafi spegluðu verk skáldsins angist mannsins, kvíða og einsemd og leit hans að sönnum verðmætum og markmiðum í lífinu. Á 4. áratug 20. aldar snýst Lagerkvist gegn nasisma og boðar mannúðarstefnu. Eftir síðari heimsstyrjöldina verður leitin að æðra mætti, guði, áberandi.

Í Svíþjóð er Lagerkvist ekki síður virtur sem ljóðskald en höfundur skáldsagna. Árið 1953 kom út ljóðabálkurinn *Aftonland* (Kvöldheimar) sem gagnrýnendur flestir kölluðu snilldarverk og lýstu yfir að í því næði hann sínum hæstu hæðum sem skáld. Áður hafði Lagerkvist fylgt hefðbundnum reglum skáldskapar og klassískum bragarháttum en í *Aftonland* kastar hann slíku fyrir róða að mestu. Lagerkvist skiptir ljóðabálinum í fimm kafla (eða sex þar sem fimmti kafli er í raun tvískiptur).

Eins og nafn bálksins gefur til kynna er efni ljóðanna að stórum hluta hugleiðingar og vangaveltur um vegferð mannsins og tilveru hans þegar líður að ævikvöldi. Fyrsti kafliinn fjallar beinlínis um ævikvöldið og viðskilnaðinn þar sem samfélagið horfir á einstaklinginn afskiptalaust og án hluttekningar.

Margt ber á góma í hinum köflunum. Í öðrum kafla gæti ljóðmælandi verið á ferð í dánarheimum og þar minnir efnið oft á Opinberunarbókina. Í þriðja kafla er tekin til athugunar óslökkvandi þrá mannsins eftir visku. Í fjórða kafla er lýst löngun mannsins til að geta ráðið dularrúnir tilverunnar og guðs. Þar sjáum við einnig endurminningar frá bernskuheimilinu sem eru skáldinu ofarlega í huga.

Fimmti kafli er lýsing dýrðardaga æskunna sem eru höfundir sem hin týnda paradís mannsins.

Rauði þráðurinn í öllum köflunum er þó spurningin um guð og mann, tilvist guðs og erindi hans við manninn og mannsins við guð. Og við sjáum manninn villuráfandi án tilgangs og markmiðs.

Skáldið er jafnan sá sem spyr og efast en í lok bóksins er engu líkara en það tali máli hins almáttuga. Ritskýrendur hafa líkt þessu verki Lagerkvists við glímu Jakobs við Jahve eins og fyrsta Mósebók greinir frá. Hér á eftir fer þýðing á fjórða kafla verksins.

Tryggvi Þorsteinsson

Annar vildi ég vera
en veit þó ekki hver
Í mig snýr baki ókunnur maður
hans enni mót bragandi stjarna her.
Aldrei hans andlitsdrættir
né augu mér sýnileg.

Annar vildi ég vera,
vera annar en ég.

Ég er hann sem áfram heldur,
er þú nemur staðar
sem stígur út í nóttina
er stefnir þú til hvílu
sem opnar dyrnar út í myrkrið
og áfram heldur
til myrkursins og stjarnanna
og áfram heldur.
Á óvissum stig
stig sem kannski er ekki til
yfirgef ég þig.

Þú sem kominn varst á undan fjöllunum og skýjunum
á undan hafinu og vindunum.
Þú sem varst til á undan öllu öðru
og gleði þín og sorg eldri en stjörnurnar.
Þú sem síungur gengur vetrarbrautir
og myrkrið svarta á milli þeirra.
Þú sem varst einmana á undan einsemdinni
og með geig í hjarta áður en hjörtu mannanna birtust –
gleym mér ei.

En hvernig ættir þú að muna mig.
Hvernig ætti hafið að muna kuðunginn
sem það streymdi um eitthvert sinn.

Af hendingu líkt og hagablóm, líkt og felling í klæðum
hins óþekkta förumanns
í óvissuferð.

Hver er ég?

Eins og strá svigni í stormi.
Þegar það réttir úr sér aftur hefur ekkert breyst,
alls ekki neitt.

En hver er hann, förumaðurinn?
Hann sem ekki er hér af hendingu eins og ég.
Mér er spurn. En hvernig ætti hann að geta skýrt það út fyrir mér?

Óskiljanlegt er mér allt
undir himni þéttletruðum stjörnum.

Hver kom hér á undan mér og risti öll þessi tákni á himininn?
Ekki skil ekki letrið en kannski vill hann að ég fylgi sér.
En hvert?

Um geiminn get ég ei ferðast
eins og hann.
Ég hlýt a dvelja hér þar sem ég á vísast heima
– um það getur maður þó ekki verið viss.
Ég verð að dveljast undir táknum sem hann af tilviljun risti
einmitt hér.

á ferð sinni um fjærstu geimsins víddir,
táknum sem tæpast segja neitt um það hvort honum beri að fylgja.
Maður getur aldrei verið alveg viss.

Þar sem hann tjaldaði til einnar nætur
mun ég búa mér og mínum hreysi
og lifa þar og deyja,
og líklega var það okkur búið.
Og óskiljanleg tákni hans á hvelfingunni skulu blessa hreysið.
Sú er von okkar: Að eirðarleysi förumannsins verði friður vor.
En um það vitum við jú ekki neitt.

Skuggi hans lagðist yfir jörðina.
Fór hann hérna framhjá í stjörnuskininu?
Framhjá bústað okkar, en langt frá okkar leiðum?
Skuggi hans lagðist yfir tjöld okkar
og við vöknudum um nóttina eins og af skæru ljósi.

Skuggi hans er ekki hann,
en bjart varð í tjaldinu.

Þessa nótt gátum við ekki sofið lengur.

Hver gekk framhjá glugga bernsku minnar
og andaði á hann.
Hver gekk framhjá í hinni djúpu nótt bernskunnar,
sem enn ber engar stjörnur.

Með fingri sínum dró hann tákni á rúðuna,
á gufumóðu rúðunnar,
með grönnum fingurgómi,
og gekk áfram í þungum þönkum.
Og skildi mig eftir einan og yfirgefinn
að eilífu.

Hvernig átti ég að ráða í táknið,
dregið í móðu frá andardrætti hans.
Skýrt var það stutta stund, en styttri en svo, að gæti ég ráðið í það.
Eilífðanna eilífð hefði aldrei hrokkið til að ráða í það.

Þegar ég að morgni reis úr rekkju var gluggarúðan tandurhrein
og skír
og ég horfði bara á heiminn eins og hann er.
Í honum var allt svo framandi
og sál mín var full einsemdar og ótta bak við rúðuna.

Hver gekk framhjá,
framhjá í hinni djúpu nótt bernskunnar
og lét mig eftir einan og yfirgefinn
um eilífð.

Alls staðar, í öllum himninum finnur þú spor hans,
allir himingeimar eru fullir af leynitáknum hans,
fjöllin öll og hafdjúpin af lettri hans sem einungis hann getur ráðið.

Ó, völdugi herra, hví kennir þú okkur ekki að lesa bók þína.
Því lætur þú ekki fingur þinn fylgja lettrinu
og kennir okkur að stafa og skilja eins og börn.

Nei, þetta gerir þú ekki. Enginn kennari ert þú.
Þú lætur það vera eins og það er, óskiljanlegt eins og það er.

Og þar kemur á tímans kvöldi, að þú afmáir allt aftur
og myrkvar, eins og það var áður en þú reist upp
úr hugsunum þínum
og gekkst á braut til að lettra þær á leið þína með glóandi kolið
í greip þinni?

Hvað henti mig þetta kvöld,
haustkvöldið sem ég fór að sækja sprek fyrir mömmu?
Ég man það svo vel, ekkert kvöld man ég betur.
Það var þá sem ég sá stjörnurnar fyrsta sinni.

Með viðarbúta í fanginu horfði ég upp til himins
og sá þær þar uppi, umluktar endalausur myrkrinu.
Alls staðar yfir höfði mér skinu þær í endalausri auðninni.

Ég stóð alveg kyrr. Og allt hvarf mér.
Allt sem til var áður og allt sem ég hafði átt.
Litli þrífætti hesturinn minn, gúmmíboltinn minn,
gleði mín yfir að vakna á morgnana,
sólskinið, steinvölurnar og stóra glerkúlan,
öll barnagullin mín.

Þegar ég kom aftur inn til mömmu og lagði viðarbútana
frá mér við eldstóna
var áreiðanlega ekkert sérstakt á mér að sjá, ábyggilega ekki.
En þegar ég fór og settist einn á pallinn fjarri öðrum
var ég ekki lengur barn.

Gömlum augum lít ég til genginna daga.
Allt er löngu liðið.
Grýttur stígur,
lúnir uxar sem leita heim á kvöldin,
kerruhlass og gamalt hjólfar, hússins grái stafn
með ljós í einum glugga.
Engin meðfram ánni
með þoku yfir skyggðu vatni –

Hví minnst ég þessa? Kemur mér það annars eitthvað við?
Ég lifði mínu lífi óralangt í burtu
í öðrum heimi. Eins og í öðrum heimi.
Og senn er öllu lokið
og skiptir engu máli.
Hvar manneskjan fæðist,
hvar hún vex úr grasi,
til að enda ævina bak við dauðans dyr,
hvað þýðir það?

Grýttur stígur,
kerruhlass, gamalt hjólfar –

*

Sál mín er altekin af fátækt kvöldsins
og skini gömlu luktarinnar
sem borin er milli básanna
þar sem kýrnar sofa þungum svefni.

Síðan er hún borin heim að bænum
og bjarma slær á garðstíginn sem ekki er lengur til
og fótatak heyrir löngu dáins manns.
Allt er svo löngu um liðið.

Sál mín er altekin af fátækt kvöldsins
og skini gömlu luktarinnar
á garðstíginn sem liggur upp að gráum bænum
sem ekki er lengur til.

Sál mín? Kemur þetta sál minni eitthvað við? Með engin við ána
þokuslungið kvöld, og luktartíruskin –

Sál mín var kjörin til að kanna fjarskann,
leynardóma, að reika undir stjörnum.

Grýttur stígur, kerruhlass, gamalt hjólfar. –

*

Með greipar spenntar hlýða þau á orð,
á orð of torræð og stór fyrir mannssálina,
með greipar spenntar við hrörlegt borð
þar sem kvöldverðurinn er borinn burt og gömul bók
tekin fram í kyrrðinni, í himneskri kyrrð.
Stjarna frá fjarlægu landi skín yfir torfbaki hússins,
húsi hinna dauðu
á síðhaustsins kvöldi.
Nú gengur einhver inn þungum skrefum
og leggur frá sér luktina við dyrnar
og stígur inn í stjarnanna skin.
Nú vantar engan.
En öll eru þau dáin.

*

Þau bjuggu einnig undir stjörnu skini
eftir langan strangan vinnudag.
Saman hljóð þau sátu í stjörnu skini,
sinnar stjörnu – ekki allra, allra.

Saman ...

Við hrörlegt borð.

Með stórar, þreyttar vinnuhendur.

Hví sækir þetta á mig? Hvað kemur mér þetta við?

Ó, sál mín, brenn þú ein í þínum dimma loga! – –

*

Gestur er ég, gestur kom ég í heiminn.

Gestur enn á hausti ævi minnar.

Gömlum augum lít ég til liðinna daga.

Hvaðan komum við? Hvað er sál vor?

Þoka yfir skyggðu vatni, luktartíruskin,
stjörnublik?

Hendinni bregð ég yfir mín gömlu augu, sem eitt sinn voru
augu barns –

... hús hinna dauðu
á síðhaustsins kvöldi.

Nú kemur einhver inn með þungum skrefum

og leggur frá sér luktina við dyrnar

og stígur inn í stjörnunnar skin.

Nú vatar engan ...

Hví sækir þetta á mig?

Inn þú mér, eilífa stjarna,
hví ákaft þú starir á mig
Sem óvinur illur úr fjarska,
þú einatt njósnar um mig.

Augu þín á mig stara
einblína djúpt mér í sál.
Þú, spjótsoddur eilífðarinnar,
ég óttast þitt kalda stál.

Líf mitt er hverfult og hratt það
hverfur í tímans fljót.
Hví skal á hol mig stinga
þitt hvassa logandi spjót?

Fæst hefur nokkra merkingu.
En svo birtist eitthvað óskiljanlegt sem leitar upp sem
logandi ský á himni

og leggur allt í auðn.
Þá breytist allt
og þú breytist sjálfur
og það sem fyrr var þér verðmætast alls
er þér nú einskis virði.
Og þú gengur brott gegnum rjúkandi ösku
og ert sjálfur aska.

Fæst hefur nokkra merkingu.

Líkt og skýið,
líkt og fiðrildið,
líkt andað sé létt á spegil –

Af tilviljun,
breytilegt,
afmáð á örskotsstundu.

Ó, herra allra himna, allra heima og allra örlaga,
hvað hyggstu fyrir með mig?

Ókunnan mann, sem ég þekki ekki, á ég að vini,
ókunnugur hér og langt langt í burtu.
Af hans sökum er hjarta mitt í nauðum statt.
Af því að hann er ekki hjá mér.
Af því að hann er ef til vill ekki til?

Hver ert þú sem fyllir hjarta mitt fjarveru þinni?
Sem fyllir allan heiminn fjarveru þinni?

Hvað ristir dýpra en söknuður.
Hvað fyllir hjartað sem tómið.
Hvað fyllir sálina sem þráin eftir því sem ekki er til,
sem hún veit að ekki er til.

Aðrir finna hjá þér frið.
Aðrir brenna í eldi þínum, hvíla í logandi örmum þínum.
En hvers virði er hamingja þeirra
hjá tómi mínu,
þeirra brennandi samruni við þig
hjá einsemd minni.

Guðinn sem ekki er til,
það er hann sem kveikir mér eld í sál.
Sem sál minni breytir í eyðimörk,
í rjúkandi jörð, sviðna jörð rjúkandi eftir eld.
Því að hann er ekki til.
Það er hann sem færir sál minni frelsi er hann mergsýgur hana
og brennir.
Guðinn sem ekki er til.
Hinn ógnvekjandi guð.

Það er ekki guð sem elskar okkur, það erum við sem elskum hann.
Sem leitum hans af þrá eftir einhverju öðru,
eins og ástinni er tamt. einhverju æðra okkur sjálfum
Og þráin verður því heitari sem við bíðum lengur eftir svári,
örvænting okkar dýpri, því betur sem okkur skilst að við
erum yfirgefin.
Að enginn elskar okkur.
Hvað er eins djúpt og söknuður, eða ást sem enga fær á móti.

Ef þú trúir á guð, og enginn guð er til,
þá er trú þín enn meira undur.
Þá er hún í sannleika sagt óskiljanlega stórfengleg.

Hvers vegna liggur mannvera niðri í myrkrinu og hrópar
á eitthvað sem er ekki til?
Hvers vegna er því svo farið?
Enginn heyrir til hans sem hrópar í myrkrinu. En hvers vegna
er hrópað?

Kastað er spjóti sem kemur aldrei til baka.
Glóandi mun það gegnum myrkrið smjúga
í sínum heilaga boga.

Í eitt skipti fyrir öll hefur því verið varpað
með sinn logandi odd
og hjörtu hinna óbornu bíða þess að verða stungin í gegn
af því.

Í eitt skipti fyrir öll hefur spjótinu verið varpað.

*

Hver á höndina sem spjótinu varpaði,
hver er spjótkastarinn?

Einhver hlýtur að hafa kastað því
og af kraftinum má ætla að öflug hönd hafi verið að verki.

Hver varpaði spjótsoðdi anda síns gegnum myrkrið,
hver er spjótkastarinn?

Það er ég, hinn gegnumstungni, sem spyr.

*

Líttu um öxl og reyndu að finna hann.
Líttu um öxl, þú sem ekki fékkst spjótið í brjóstið,
þú sem á flótta varst gegnumstunginn af því,
á flótta undan honum.

Af hverju talar þú um spjótkastara?
Þú trúðir alls ekki á tilveru spjótsins fyrr en það hitti þig,
þú greindir ei heldur í myrkrinu heilagan boga þess.
Þú trúðir ekki því sem þú flýðir frá
og spjótsoddurinn laust hjarta þitt að óvörum sem elding.

Spjótkastarann þekkir enginn.
En eld hans þekkir þú.
Af hverju er það þér ekki nóg?
Af hverju horfir þú út í bláinn
er spjótsoddur hans brennur í hjarta þér?

Opna mér hús þitt
Opna mér allar dyr og gáttir
sem kem eins og stormsveipur.

Þegar ég kem í hús þitt mun þér fljótlega ofaukið verða,
þú skalt búa í eyðimörkinni sem úrhak.
Ég skal hrekja þig í eyðimörkina,
þú skalt liggja nakinn í eyðimörkinni undir stjörnunum.

En í húsinu sem þú áttir ætla ég að búa,
það verður uppfyllt af mér.

Aðeins hið glóandi
verður að ösku.
Askan er heilög.

Þú hreyfðir við mér
og ég varð að ösku.
Verund mín og sjálf mitt varð að ösku sem þú neyttir.

Þannig kemst elskhuginn og hinn trúaði að orði.
Þú hreyfðir við mér. Ég er heilagur.
Ekki ég, en askan mín er heilög.

Lát skugga minn hverfa í þinn.
Lát mig týna sjálfum mér
undir stóru trjánum.
Þeim sem sjálf týna krónum sínum í kvöldhúminu,
fela sig himninum og nóttinni.

Leið mig með þinni ókunnu hendi
og slepptu mér ekki.
Leið mig á morgunljósar brýr
yfir svimandi djúpin
þar sem þú heldur myrkrinu föngnu.

En enginn heldur myrkrinu föngnu til lengdar.
Brátt kemur kvöld á brúm þínum
og nótt.
Og ef til vill verð ég fjarskalega einmana.

Að eirðaleysi hjartans megi aldrei víkja

Að ég fái aldrei frið.

Að ég megi aldrei setta mig við lífið, ekki heldur við dauðann.

Að vegur minn verði óendanlegur, og tamarkið óþekkt.

Valdimar Tómasson

Jakob Hallgrímsson

Nú ertu horfinn, hjartavinur kæri,
hinsta kveðja þín er veröld flutt.
Þú hafðir mig til dáða djarfur stutt
og drengilega sem ég barn þitt væri.

Hlátur þinn, minn hrokalaus vinur,
hljóðnaði veröld allt of skyndilega,
olli mér harmi, táraflóði og trega.
Tómlegt og sært mitt hjarta þungan stynur.

Ó, að þú heyrðir hinstu kveðju mína
þá hjarta sárin myndu frekar gróa.
Minning þín er sem sólelsk lítil lóa
er lætur himinn rofa og sólu skína.

Vinur kær, hvert sem minn fótur fer
þín fagra minning býr í hjarta mér.

Helga Birgisdóttir

Ljóð sem bíta, öskra, strjúka og hvísla

Ljóðaútgáfa ársins 2007

Fjall
kona
karl
er allt
sem
þarf
í arf.

Það er sú þrenning
sem rímar á móti menning.¹

Þetta þrennt er allt sem við þurfum til að halda uppi almennilegri menningu hér á landi. Höfum við fjall, (fjall)konu og karl ættum við að hafa nóg að yrkja um enda hömuðust skáldin við skriftirnar og ortu um þetta og ýmislegt annað á árinu 2007. Áberandi yrkisefni er þessi þrenning sem rímar á móti menningu en annað kemur líka til eins og sorgin, missirinn, pólitíkin og nútímasamfélagið. Það er meira að segja ráðist á virkjanir í ljóðunum og ungskáldin vega að öllu sem þeim dettur í hug.

Staða ljóðsins, eðli þess og form leitaði á skáldin árið 2007 og sum virðast hafa áhyggjur af blessuðu ljóðinu og stöðu þess. Ungskáldið Sverrir Norland orti stutta áminningu um nauðsyn þess að vanda til verks:²

Einhvers staðar einsog stóð
og ætti að vera á hreinu
eru tilgangslaus þau ljóð
sem lýsa ekki neinu.

¹ Þórarinn Eldjárn (2007:69).

² Sverrir Norland (2007a).

Annars mega ljóð svo sem vera um hvað sem er, segir Ingólfur Gíslason, „líka drasl sem maður trúir ekki á / ég las það á netinu“.³ Þórarinn Eldjárn brýnir hins vegar fyrir okkur að festast ekki í klisjunum og virkja ímyndunaraflíð og segir að til að geta ort sé nauðsynlegt að hafa „heilafylli hugvits / sálarfylli siðvits“ og fáeina aska af bókviti.⁴

Önnur skáld skilgreindu ljóðið, t.d. Stefanía G. Gísladóttir sem segir ljóðið vera „grágrýti / hjúpað glitvef / margvíslegra lita“⁵, að það skjótist „inn í töttralegan / hvunndaginn“⁶ þar sem það skrýðir hann gliti en hverfi síðan sporlaust. Sjórinn sjálfur er hins vegar „ljóðakista / falin á / hafsbotni“.⁷

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson hefur engar áhyggjur af stöðu ljóðsins ef marka má „Ljóðaflóð“ þar sem ljóðið hreinlega iðar af lífi.⁸

Dungbúin hafa ljóðin hlaðist upp, tímanum ekki tekist að vinna á þeim. Í myrkrinu byrja þau að bóligna, tútna út, draga í sig kjark, hallast að næsta ljóði, fallast í faðma, kallast á við hvert annað. Saggafull ljóð í rökkvuðum kjallarakompum. Hver veit hvað gerist þegar ljóð heimta annað líf? Þau skríða af stað eftir köldum gólfum, þukla á þvölum og hrjúfum veggjum, staulast undir stigaop og stöndugar tröppur, tilbúin að lyfta sér á kreik, full af hugrekki, vilja til að ferðast, fljúga af stað, úr sneisafullum kjallaranum.

Fyrir utan ljóð um skáldskap og stöðu ljóðsins ortu skáldin á því herrans ári 2007 bæði um nýja hluti og gamla, á gamalkunna og nýstárlegan máta. Reynd skáld á borð við Þórarin Eldjárn, Steinunni Sigurðardóttur og Sjón sendu frá sér bækur á árinu en líka aðrir og yngri sem stigu sín fyrstu og önnur skref í útgáfuheiminum. Þessi skáld tipluðu þó alls ekki á tánum heldur stöppuðu niður fótum og komu öskrandi fram á leiksviðið.

³ Ingólfur Gíslason (2007:71).

⁴ Þórarinn Eldjárn (2007:14).

⁵ Stefanía G. Gísladóttir (2007:30).

⁶ Stefanía G. Gísladóttir (2007:17).

⁷ Stefanía G. Gísladóttir (2007:54).

⁸ Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (2007:63).

Um land

Landið og landslag er skáldum yrkisefni, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Ort er um feegurð landsins, tengingu þess við menningu og bókmenntir, hætturnar sem leynast á hverju strái og þá ógn sem að landinu sjálfu steðjar. Margvísleg gildi náttúrunnar virðast skáldunum hugleikin og þótt Þórarinn Eldjárn skopist að þeirri hneigð íslenskra skálda að gera fjallið að virðulegu tákni gerir hann það líka sjálfur. Náttúruljóð er að finna í fjölmörgum ljóðabókum ársins 2007 en mest áberandi eru þau í bókum Þórarins Eldjárns, Steinunnar Sigurðardóttur og Gerðar Kristnýjar.

Fjöllin verða að duga eftir Þórarin Eldjárn skiptist í sjö hluta með sjö ljóðum í hverjum, bæði hefðbundnum að formi og fjálsum, en í síðasta hlutanum er aðeins að finna prósaljóð. Öll helstu og bestu einkenni Þórarins sem skálds koma fram í bókinni: orðfimi hans, vald hans á tungunni og formi – bæði bundnu og óbundnu. Í bókinni spinnast saman ljóð um land, ljóð, orð og bókmenntir svo fátt eitt sé nefnt.

Í ljóðinu „Spegln“ kemur það fram að fjöllin verði að duga og með þessum orðum afhelgar Þórarinn Eldjárn vissulega eitthvað tignasta (og ofnotaðasta) tákni íslenskrar menningar. Þórarinn er býsna skondinn en um leið sér hann hið skáldlega og rómantíska í hversdagslegustu hlutum, meira að segja Edduhótelunum þar sem „enn er keimur / af yddi og nöguðum eplum / í öllum hornum / og loftið þykkt / af uppsafnaðri heimþrá“.⁹

Fjöllin koma víða við sögu, t.d. í „Tröllaskaga“ þar sem hlátra-sköll tröllanna eru hljóðnuð og „Landslagi textans“¹⁰ þar sem ljóðmælandi fer yfir söguvið „eigi allfárna / Íslendingasagna“. Í „Skuggum“¹¹ kvöldar snemma undir fjallinu og ekkert dugar til að hindra skuggana, „hvorki garðar / né gaddavír“ en þess er þó getið að skugginn fellur aldrei á „nema í sól“. Það eru rómantískar stemningar í þessum ljóðum, svolítið gamaldags, og virðist mér Þórarinn vera að leita að stað handa manningu og málinu í „málóðum heimi“. Annað ljóð um land, og öllu nútímalegri stemningu, er „Akstur“¹² sem er lýsing á þægilegum akstri um landið en mál, orð og bókmenntir koma

⁹ Þórarinn Eldjárn (2007:26).

¹⁰ Þórarinn Eldjárn (2007:27–28).

¹¹ Þórarinn Eldjárn (2007:54–55).

¹² Þórarinn Eldjárn (2007:21–22).

við sögu því ljóðmælandi líkir ferðalaginu við það að sitja heima „með góða bók / nema hvað / lófarnir snúa niður“. Sjötti hluti bókarinnar inniheldur öðruvísi ljóð og þar blasa við annars konar staðir. Í „Angelica Versallica“¹³ er ljóðmælandi staddur í Versölum þar sem hann vökvar garðana „með ölkelduvatni frá Evian“ sem endar á því að höllin sekkur í „óvinnandi hánorrænt / ætíhvannarþykkní svo sólkonungar sáu ekki til / sólar“.

Vor fósturjörð kemur líka við sögu í *Höggstað*, þriðju ljóðabók Gerðar Kristnýjar. Aðdráttarafl Íslands virðist fyrst og fremst felast í ís og kulda sem ljóðmælandi getur ekki slitið sig frá og leggst til hvílu á svæfil úr „dúnmjúkri drífu“. Það er engu líkara en ljóðmælandi frjósi fastur við landið og hafi engan möguleika á öðru landi, öðrum stað:¹⁴

Ísinn sleppir engum

Landið mitt
útbreidd banasæng
nafn mitt saumað
í hélað ver

Landið er hvítt og svart og sortinn gefur ekkert eftir, ekki einu sinni þegar bíll ekur í gegn. Hann „gefur aðeins eftir / eina stiku í einu“ sem síðan leiftra í örskamma stund, „eins og eldspýtur / litlu stúlkunnar í ævintýrinu“.¹⁵ Landið er hvítt og svart, þungt og kalt en um leið fullt af tilfinningum, kunnuglegt og á einhvern napurlegan hátt „okkar“.

Steinunn Sigurðardóttir yrkir einnig um ást sína á landi okkar í *Ástarljóð af landi*. Bókin skiptist í þrjá hluta og eru tveir síðari hlutarnir óður til landsins. „Framlengdur sumardans fyrir austan fjall“¹⁶ inniheldur myndræn, ljúf og rómantísk ljóð frá fyrstu sumardögum til haustsins, alveg frá því sumarið læðist yfir grindverk til einnar konu og þar til það verður „of þungt að róta unaðsdögum / fram í dagsljósið“ og ekkert annað er að gera „en setjast á þá. Þjappa þeim í rammgerða glatkistuna“. Það eru fallegar og ljúfar stemningar í þessum ljóðum, krakkar á hjólum á flóttu undan rigningunni, krakkar að klifra í gömlu tré, „konan í sumrinu dansar“ og við uppskerum eins og við sáum:

¹³ Þórarinn Eldjárn (2007:87).

¹⁴ Gerður Kristný (2007:5).

¹⁵ Gerður Kristný (2007:7).

¹⁶ Steinunn Sigurðardóttir (2007:58–65).

Að hausti, milli september og október
uppsker ég regnboga í fjalli við fjall.

Uppsker ég feitan rugguþröst
í gisnandi birkitré
milli september og október.

Uppsker ég hvíta jörð og heiðblátt hyldýpi.

Það er öðruvísi andi yfir ljóðunum í „Einu-sinni-var-landið“, síðasta hluta bókarinnar. Ljóðin í þessum hluta birtust fyrst í tveimur hlutum í Lesbók Morgunblaðsins og duldust þá engum að þarna var á ferðinni gagnrýni á virkjanastefnu stjórnvalda. Ljóðin í þessum hluta bókarinnar eru, eins og í hinum tveimur fyrri, ákaflega falleg, nostur-samlega unnin og stundum glaðleg, þrátt fyrir sorglegt umfjöllunar-efnið.

Hér segir frá fyrsta Íslendingnum, einsetumanni frá Írlandi sem hingað kemur á litlum báti, löngu á undan Ingólfi og hans slekti. Hann ferðast á milli fjalla og fjarða, blessar landið og er [a]llra sælla sælastur. / Sælastur allra sælla“.¹⁷ Landið er fagurt og frítt og rómantísk náttúrusýn áberandi. Ótinn við endalokin og nútíminn taka síðan við þegar einsetumaðurinn vaknar til lífsins árið 2006 í ljóðunum „Endurvakningin“ og „Eyðilandið“.¹⁸ Þá blasir við „brennimerkt land“ og örvænting mannsins breiðir úr sér:

Ekki aðeins sjálfum sér sviptur, svörðurinn græni.
Fjöllin afbökuð, húðflett. Fossar í fjötrum. Gryfjur og skurðir. Eyðilagt land.

Engin brennandi plága. Heldur tröllahendur höfðu
tætt það sundur. Stór-Vandalar? Kýklópar? Lagt það
undir sem vígvöll í stórstríði. Haft svörðinn til átu.

Einsetumaðurinn er ósköp hnugginn og veltir því fyrir sér hvaðan svona voðaleg hugmynd, að eyðileggja landið, komi. Í lokin þakkar hann þó heilagri þrenningu fyrir að eiga ekki afkomendur, „[s]érstaklega ekki á þessu landi“.

¹⁷ Steinunn Sigurðardóttir (2007:78).

¹⁸ Steinunn Sigurðardóttir (2007:84-88).

Um ást og aðrar hættur

„Framlengdur sumardans“ og „Einu-sinni-var-land“ fjalla um landið og náttúruna og eru vissulega ástarljóð af landi og til lands en fyrsti hluti bókar Steinunnar Sigurðardóttur, „Ástarljóð“ fjallar um ástina frá upphafi hennar til enda. Í „Upphafsljóði fyrir eilífa byrjendur“¹⁹ erum við minnt á endalokin sem ávallt eru framundan því í „upphafi var kossinn / smákoss en alveg ákveðinn koss, / sá sem var upphafið að endalokum kossanna“. Þannig er ástin alltaf ofurseld endalokunum sem alltaf eru „rétt hjá, eða langt undan, / en umfram allt vís“. Óttinn er áberandi og þannig tvinnast þrír hlutar bókarinnar saman: þeir fjalla allir um ástina og óttann við endalokin þótt viðföngin séu ólík. Ástin er þó ekki aðeins fyrir unga fólkið því ástir miðaldra fólks fá líka sinn skerf í „Haust-ástir“²⁰ þar sem greint er frá að í „staðgóðu blíðviðri á haustin / er miðaldra fólk ósköp varnarlaust gegn ástinni“ og það er ekki aðeins gagnvart ástinni sem er, heldur einnig þeirri „sem ekki varð. / Líka þeirri sem var og varð“.

Í *Blysförum* yrkir Sigurbjörg Þrastardóttir líkt og Steinunn um ást en þetta er stórhættuleg ást, bæði andlega og líkamlega. Hér er um að ræða heilan ljóðabálk sem segir af ástarsambandi karls og konu sem er truflað af óvelkomnum þriðja aðila: eiturlyfjum. Konan og maðurinn elska hvort annað en maðurinn elskar eiturlyfin meira. Svik og söknuður, sársauki og niðurlæging, missir og von koma við sögu í þessari mögnuðu bók.

Í *Blysförum* spilar saman sú tilfinning að vera háður einhverju og því að vera háður einhverjum. Stúlkan virðist á stundum engu minna háð manninum en hann er eitrinu. Hún er háð honum af því hún elskar hann, af því hún nýtur ekki athygli hans að fullnustu og af því hana dreymir um að frelsa hann. Hún þorir ekki að styggja hann af ótta við að fæla hann frá sér og spilar með honum.²¹

þeim finnst þú
vond hugmynd

hverjum segir hann og ég segi öllum
og þá verða augun í honum stór eins og hann sé

¹⁹ Steinunn Sigurðardóttir (2007:9-15).

²⁰ Steinunn Sigurðardóttir (2007:48-49).

²¹ Sigurbjörg Þrastardóttir (2007:29).

innbrotspjófur / díler / kattavinur, af því þú ert
svo þunglyndur segi ég en það er ekki fallett að dömpa
sjúklingum segi ég til öryggis, ég kem honum
aldrei
viljandi í uppnám

Hvíti liturinn er ráðandi í bókinni og margvíslegar merkingar hans og vísanirnar spanna allt frá Íslendingasögunum til kínverskra orðasambanda. Eiturlyfin sjálf eru myndhverfð í hinum hvíta dreka sem er bæði stórhættulegur og lokkandi.²²

hann ítrekar að drekinn lækni einsemdina, ég
segi: ég er hér
en
drekinn gerir hann heyrnardaufan og málstola
og sjúklegan í sumarbirthunni, ég er með tálkn sem
víbra eins og dauðateygjur, ég sá það fyrir
því pabbi minn segir að allt fallett sé
spillandi eða

kannski sagði hann það aldrei

Ljóðmælandi er í sífelldri samkeppni við hvíta drekann um ástir mannsins. Þetta hefur í för með sér niðurlægingu sem birtist í sársauka og þörf. Hún minnst þess gamla og góða og reynir að banda hinu slæma, núinu, frá sér og hefur „mikla þjálfun í að hemja sorg“.²³ Stúlkan speglar sig í Kristsmýnd, sér sjálfa sig bæði sem bjargvætti og fórnarlamb, þar sem hún stendur með gataða lófa, útrétta handleggi og telur sig geta mettað fimm þúsund munna.

Ljóðmælandi *Nóvembernótt* Eyglóar Idu Gunnarsdóttur á líka í stórhættulegu ástarsambandi, er háð elskhuga sínum og ástinni en getur ekki látið hann vera.²⁴

Mig langar að
anda þér að mér;
sjúga orku þína
niður í lungu mín

²² Sigurbjörg Prastardóttir (2007:52).

²³ Sigurbjörg Prastardóttir (2007:139).

²⁴ Eygló Iða Gunnarsdóttir (2007:án bls.).

og reykja þig
 upp til agna
 jafnvel þó
 þú étir mig að innan
 og ég hafi fengið ítarlega
 fræðslu um það
 hversu skaðlegur þú sért mér

Líkt og í *Blysförum* er ástin einmanaleg, þrúgandi og sár. Ljóðin eru flest stutt og bera enga yfirskrift og fanga lesandann, þótt þar sé ekki á ferðinni jafn leikið skáld og Sigurbjörg.

Önnur bók, myrk og drungaleg, þar sem tekist er á við ástina og alls kyns drauga er *Í felum bak við gluggatjöldin* eftir Þórdísi Björnsdóttur. Þetta er mikil stemningabók og eru ljóðin ansi mögnuð, eins og sjá má í ljóði sem fjallar um ástina sem hvarf í sumarhitunum en þar segir:²⁵

Ég klemmi saman augun,
 sé hana fyrir mér með eld í hárinu
 þar sem hún situr og strýkur mér
 svo blíðlega um vangann.
 „Og mundu bara að opna ekki augun
 því annars geta þeir blindað þig,
 annars geta þeir blindað þig, elskan mín,“
 sagði hún í eyra mitt hvíslandi
 áður en hún hvarf.

Ástin virðist skeinuhætt í ljóðum skálda ársins 2007. Í *Höggstað* Gerðar Kristnýjar eru ekki aðeins ísköld náttúruljóð heldur einnig hjarta-skerandi ljóð um ást og sorgir. Þarna er á ferðinni nístandi sorg sem kallast á við ískaldar náttúrustemningarnar. Þetta á m.a. við um ljóðin „Nótt“²⁶ þar sem ljóðmælandi sekkur „um þúsund faðma / án þess að nokkur þeirra / ná á mér taki“ og „Brottför“²⁷ þar sem flugvélin bíður flugtaks og sú sem talar finnur að „flugbeittir hreyflarnir / eru komnir inn að hjarta“ hennar. Öflugastar eru samt myndirnar í titilljóði bókarrinnar²⁸ þar sem ljóðmælandi hyggst hefna þess sem eyðir því

²⁵ Þórdís Björnsdóttir (2007:16).

²⁶ Gerður Kristný (2007:13).

²⁷ Gerður Kristný (2007:23).

²⁸ Gerður Kristný (2007:21).

sem hann ann og „með hófadyn í hjartastað“ stingur hann sér í strauminn og ætlar engum að þyrma.

Mannfólkið getur þráð annað en ást á landi og ást á öðru fólki. Það getur meðal annars ginst steina, og eins og ástin geta þeir ýmist verið sárasaklausir eða lífshættulegir. Um þetta yrkir Sjón í *Söng steinasafnarans* sem tilnefnd var til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fagurbókmennta. Bókin skiptist í fjóra hluta, alls 22 ljóð, þar á meðal örstutt náttúrulejð og aðrar smáperlur en mest áhersla er lögð á steinasafnarann sem þekkir ekkert betra en steina.²⁹

steininn bar hann á sér alla tíð síðan.
 á ferðalögum tók hann fram gripinn og
 andaði á hann, pússaði með jakkaerminni,
 starði sem fastast í gljáandi yfirborðið.
 í vinnunni brá hann sér afsíðis með hann
 og andaði á hann, pússaði á skyrtuerminni,
 starði sem fastast í gljáandi yfirborðið.
 þar var allt, dýpra náði sjón hans ekki

Steinarnir eru mjúkir og harðir, ávalir og oddhvassir og þeir lenda í höfðinu á eiginkonunni fyrirverandi, drykkjufélaga, nauti, hundi og fleiri kvikindum. En steinasafnarinn sjálfur er einn og vinalaus en virðist þó finna hamingjuna, eða að minnsta kosti fegurðina, í steinunum: „brennisteinn – pýrit – ópall / og jaspis – kærur vinir! / engu ykkar hefi ég / gleymt“³⁰. Steinar eru til margs nýtilegir, bæði góðs og ills, og bókinni lýkur á ljóðinu „tilraun til endurlífgunar dúu khalil aswad“,³¹ þar sem segir frá því að „hnullungurinn ann sér ekki hvíldar fyrir en hann / hafnar í líkama ástfanginnar sautján ára stúlku“ og skáldið býður „guði trúbræðra hinnar grýttu“ ljóð sitt í skiptum fyrir líf hennar. Nú boða steinarnir hvorki hamingju né fegurð heldur hefur verið breytt í morðvopn.

Margir hrósuðu þessari bók og gagnrýnendur lofuðu hana í hástert, t.d. Ása Helga Hjörleifsdóttir sem rýndi í bókina fyrir Víðsjá og hafði þetta að segja um textann.³²

²⁹ Sjón (2007:12).

³⁰ Sjón (2007:36).

³¹ Sjón (2007:44-45).

³² Ása Helga Hjörleifsdóttir (2007:18).

Bókin svífur eins og hvít fjöður um skammdegishiminninn [svo] til minnis um það sem er ónefnt, í merkingunni handan orða; efni textans er náttúran, gildi lífs sem og óumflýjanlegur dauði, heimur ljóss og skugga, það sem ekki er hægt að útskýra, og ekki síst takmarkanir og fallvaltleiki tungumálsins sem höfundurinn kannar í gamni og alvöru, líkt og orðasmiður sem ýmist hlær eða grætur vegna ófullkomleika efniviðsins sem hann vinnur með. Textinn er gerður úr fínlegum, nánast ósýnilegum orðum.

Samkvæmt því sem skáldið sjálf segir er í bókinni að finna steinasafnara á villigötum sem á enga vini lengur, nema sína eigin steinsmugu, en þar finnur hann líka fegurðina. Sjón segir jafnframt að bókin sjálf sé upprifjun á ákveðnum ljóðrænum gildum og aðferðum sem og viss leit hans sjálfs að rótum sínum sem rithöfundur. Einhverja neðanjarðarstafsemi er að finna í bókinni, viðurkennir Sjón, og ákveðinn „nýhlískan anda“. Þar er undirstrikað að „maðurinn skiptir minnstu máli“ og að jörðin muni halda sínu striki þótt maðurinn hverfi.³³ Það kallast á við viðfangsefni ungskáldanna sem mörg hafa eflaust Sjón að fyrirmynd.

Um söknuð og sorg

Söknuður og sorg setja svip sinn á ljóðabækur ársins 2007 og að öðrum ólöstuðum tekst Aðalsteini Ásbergi Sigurðssyni best upp. Bók hans *Hjartaborg* er í senn saknaðaróður skáldsins til eiginkonu sinnar, sem lést úr krabbameini, og uppgjör þess við lífið, örlögin og guð sinn.

Bókin skiptist í sex hluta og er einn þeirra, „Til þín“, ljóð ort til eiginkonunnar, Önnu Pálinu. Til hennar eru „ljóðin sveigð að tónum“ og skáldið þyrstir í söng af hennar vörum.³⁴ Ljóðmælandi er sorgmæddur og þráir það sem var og óskar þess að hafa getað lagt eitthvað af mörkum eða tekið hluta sársaukans á sjálfan sig. Þetta kemur skýrt fram í ljóðinu „Borg“:³⁵

Lengi vel
hlaut ég að verjast
þeirri tilhugsun

³³ Sjón í viðtali hjá Ásgeiri H. Ingólfssyni (2007a).

³⁴ Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (2007:57).

³⁵ Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (2007:55).

að hönd dauðans
 drægi sverð úr slíðrum.

Lengi vel
 vildi ég berjast
 vísa óttanum
 þannig á bug
 þreyja harðan vetur.

Fyrir þig
 sem heyrir hjartanu til
 var ég fús að falla.

Kveðjuljóð Aðalsteins, „Það var skip“,³⁶ er texti við lag eftir Sigurð Flosason og endar á þessum orðum: „Hvern dag, hverja nótt / rata orð þín aftur til mín“.

Til að takast á við sorgina yrkir skáldið meðal annars um börnin, ættina og guð og er „Í gömlu húsi“³⁷ gott dæmi því í það hús er „hægt að hverfa / dvelja þar daga og nætur“ en það sem mestu skiptir er að „þarna stendur það enn / allt mitt fólk heima / í húsi minninganna“. Þangað getur skáldið farið hvenær sem er, allt er eins og það var, allt er öruggt og þar á það skjól.

Ljóðin eru mörg lágstemmd, sorgleg og uppfull af tárur, trega og ást. Það er meiri hreyfing yfir ljóðum næst síðasta hluta bókarinnar, „Flæði“, þar sem skiptast á óhefðbundin ljóð og prósaljóð. Sorgin er samt aldrei langt undan og það er eins og ljóðmælandi leiti sér að stað í þessum heimi eða einhverju til að fylla upp í tómið, til dæmis trú eða fjölskyldu. Hann virðist enn vera áttavilltur í loka-ljóði bókarinnar:³⁸

Minn kvarði
 er þessi lóðrétti
 án þess ég viti alltaf
 hvort ég er
 að koma eða fara
 til að vera eða vera ekki

³⁶ Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (2007:58).

³⁷ Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (2007:28-30).

³⁸ Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (2007:88).

Í *Enn sefur vatnið* yrkir Valdimar Tómasson smáljóð um tilfinningaleg efni, söknuð og ást, af töluverðu listfengi. Þetta er fyrsta ljóðabók Valdimars en hann er kunnur fyrir ljóðabýðingar sínar. Það er kyrrð yfir bókinni um leið og hún er full af tilfinningum og þessar tilfinningar endurspeglast í veðrinu og náttúrusýninni. Þetta sjáum við t.d. í ljóðinu „Lind“:³⁹

Hjarta mitt
er hemuð lind.

Brestur
við minnstu báru.

Valdimar er spar á orðin, en hann velur þau af kostgæfni og úr þeim er heilmikið hægt að lesa og á það t.d. við um „Áð“⁴⁰ þar sem segir: „Ég / þyrstur göngumaður. / Þú / lind á heidi“. En söknuður og sorg setja svip sinn á ljóðin og í „Enn“⁴¹ skilur hafið elskendur að og haustið læðist um brjóst ljóðmælanda.

Ást, söknuður, dauðinn og fylgifiskar hans eru líka yrkisefni Stefaníu G. Gísladóttur í ljóðabókinni *Án spora*. Fyrsti hluti bókarinnar er tjáning til látinna systra Stefaníu sem féllu frá vegna krabbameins. Stefanía minnst baráttu þeirra við sjúkdóminn, stundanna á milli stríða, dauðastundanna sjálfra og kveður þær í tveimur fallegum ljóðum. Stefanía kveður aðra systur sína hjá lítilli sveitakirkju en við hina segir hún:⁴²

við dyrnar kveðjumst við
dyrnar
sem eru þér einni
opnaðar
ég bið þess í hljóði
að þú hrasir ekki
um þröskuldinn
að þú svífir létt
og óttalaust
inn í stjörnuhjarta nóttina.

³⁹ Valdimar Tómasson (2007:32).

⁴⁰ Valdimar Tómasson (2007:41).

⁴¹ Valdimar Tómasson (2007:43).

⁴² Stefanía G. Gísladóttir (2007:10).

Höfundur birtir verulega falleg myndljóð í miðkafla bókar sinnar þar sem ort er um ljóðið og landslagið. Síðasti hluti bókarinnar er prósi, misljóðrænar hugleiðingar. Stefanía yrkir heim og fléttar saman minningum sínum úr ólíkum heimsálfum. Lesendur rekast á framandi eðlur og íslenskar kindur. Íslensku jólasveinarnir skjóta upp kollinum en einnig jól veðurbliðunnar án ljósa.

Um ferðalög

Ferðalög koma víðar við sögu en hjá Stefaníu Gísladóttur. Sigurlín Bjarney Gísladóttir yrkir um ferðalög í *Fjallvegir í Reykjavík* sem kom út hjá Nykur og er að mati Silju Aðalsteinsdóttur skemmtilegasta ljóðabók sumarsins 2007.⁴³ Fjöllin eru Sigurlín eins og öðrum skáldum, hugleikin og fylgjast lesendur með ljóðmælanda ferðast um götur Reykjavíkur þar sem hann sér glitta í fjöll inn á milli borgarlandslagsins. Sem betur fer er GPS-tæki með í för þannig ljóðmælandi veit alltaf hvar hann er staddur. Bókin samanstendur af löngum prósaljóðum, sem jafnvel mætti kalla örsögur, þar sem unnið er með togstreituna milli fjalls og vegar, sveitar og borgar. Fjöllin eru stundum vinaleg, frek, flókin eða einföld en augljóst er að við getum aldrei komist undan þeim. Þetta er ljóst í ljóðsögunni „Fjöllin tukta þig til“ þar sem meðal annars segir:⁴⁴

Fjöllin. Þessar freku þústir tukta þig til svo þú átt ekki stundlegan frið. Þú ert hvergi óhultur og engu breytir þótt þú forðist fjallvegi í Reykjavík, veljir troðninga milli húsaþyrpinga eða djúpar og dimmar kjallaraholur. Fjöllin leita þig alltaf uppi, fjöllin rata líka í kjallara og þau linna ekki látum fyrr en þú gengur inn á stöðina með játningu upp á vasann.

Halla Gunnarsdóttir leggur líka í ferðalag í sinni fyrstu ljóðabók, *Leitin að Fjalla-Eyvindi*. Þetta er stutt bók, aðeins 27 ljóð, og í flestum þeirra er brugðið upp skyndimyndum á einföldu máli og hafa ljóðin öll staðaheiti að yfirskrift. Ljóðmælandi ferðast víða, m.a. til Tímabúktú, Sahara og Vítínam, hefur húmoríska sýn á viðfangsefni sitt og miðlar máli sínu af ágætum en hefði mátt leggja meiri rækt við myndmálið. Ljóðmælandi er hálfgerður Fjalla-Eyvindur, útlagi sem

⁴³ Silja Aðalsteinsdóttir (2007).

⁴⁴ Sigurlín Bjarney Gísladóttir (2007:30).

ferðast um heiminn í leit að „sjálfum sér,“ – og þá um leið friði, ást eða frelsi. Þetta getur þó reynst erfitt, eins og lesa má um í ljóðinu „Áttavíllt“.⁴⁵ Söknuður og glötuð augnablik koma fyrir víðar en stundum virðist ljóðmælandinn láta sér aðskilnaðinn í léttu rúmi liggja.

Árni Ibsen ferðast ekki framár. *Á stöku stað með einnota myndavél* kom út nokkrum vikum áður en hann lést, en ljóðin orti hann flest árið 2006 í kjölfar veikinda sem gerðu honum ókleift að ferðast framár. Í bókinni eru svipmyndir af stöðum héðan og þaðan úr heiminum og ættu lesendur að kannast við marga þeirra. Byrjað er fremst í staf-rófinu, á Akureyri þar sem mamma átti heima, og síðan er flækst um víða veröld, m.a. til Árósa þar sem hann furðar sig „sífelld / á skúlp-túr af / feitri gyllu og grislingum / fyrir framan ráðhúsið“⁴⁶ og til Vatíkansins, Dublin, Moskvu og fleiri staða. Sumar ferðasögurnar eru örstuttar og óljósar, varla meira en örskotstund eins og þessi:⁴⁷

ég deplaði augunum
þegar við ókum gegnum Folkstone
og bærinn hvarf á augabragði

Aðrar myndir eru ítarlegri, eins og sú af Vatíkaninu og sumar tilfinningaríkar og dapurlegar en aðrar leiftra af kímnri eins og frásögnin af brúðinni sem dröslað er inn í Hotel Admiralen í Kaupmannahöfn þar sem hún húkir „eins og rjómaklessa / sem einhver hefur misst af köku“.⁴⁸ Að lokum dúkkar ljóðmælandi upp á krá í bænum Wirksworth, en „þangað koma allir / með tímanum“.⁴⁹

Um hversdaginn

Sem betur fer eru kyrrlátar myndir inn á milli öflugra náttúrumynda Gerðar Kristnýjar í *Höggstað*, einsog t.d. ljóðið „Vesturbær“ sem ómar af kyrrláttri stemningunni sem einkennir Reykjavík snemma á sunnudagsmorgnum:⁵⁰

⁴⁵ Halla Gunnarsdóttir (2007:49).

⁴⁶ Árni Ibsen (2007:16).

⁴⁷ Árni Ibsen (2007:50).

⁴⁸ Árni Ibsen (2007:65).

⁴⁹ Árni Ibsen (2007:131).

⁵⁰ Gerður Kristný (2007:40).

Á hverjum degi
 geng ég fram á
 stakan vettling
 á garðvegg

brauðmolar
 týndra barna
 í borgarskóginum

Meðal kyrrlátustu ljóðabóka ársins 2007 er án efa *Fléttur*. Guðrún Hannesdóttir hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir ljóðið „Offors“ sem birtist á síðum fyrstu ljóðabókar hennar. Ljóðið er þó ekki lýsandi fyrir bókina sjálfa sem frekar einkennist af stillu og kyrrð – í bland við tilfinningu fyrir horfinni tíð og svolitlum húmor. Ljóðin fjalla um náttúru, bernskuminningar og ýmsar stemningar en eitt af þessum skemmtilegu ljóðum er „Ekki“. Þessa stemningu er ég viss um að allar konur sem kynnst hafa ömmu kannast við:⁵¹

Láttu ekki nokkurn mann heyra til þín!
 var hún amma mín vön að segja
 þegar henni
 ofbauð.

Annað skondið ljóð er „Afturganga“ þar sem bjúgu gerð úr honum Blesa gamla fella ljóðmælanda daglangt við kamarsetuna og vel tekst Guðrúnu upp í „Í minningu vinkonu“ þar sem ort er um ruslatunnu og það sem í hana fer:⁵²

hafragrautsleifum, eggjaskurni
 hræring og kartöfluhýði
 hálfétnum bita af blóðmör
 andrúm hennar svo þungt og fúlt
 að það setti að mér hroll

Lágstemmdari og kyrrlátari eru náttúruljóð Guðrúnar sem einkennast af innri upplifunum. Þetta eru ljóð á borð við „Firn“ og „Þar sem

⁵¹ Guðrún Hannesdóttir (2007:27).

⁵² Guðrún Hannesdóttir (2007:15).

útsýni er fegurst yfir Breiðafjörð ...⁵³ en þar segir frá fuglaþúfum, en „frá þeim öllum liggja / svifléttir söguþræðir / sem sindra og hverfa / inn í hindurvíddir / fyrri ferða“. Samblöndun náttúrunnar, horfinna tíma og minninga sjáum við síðan ljóslifandi í kvæðinu „Í fjárhúsinu“⁵⁴ þar sem „þögnin hvolfist yfir / vit þín og vitund“ í upplifun ljóðmælanda.

Guðrún nýtir sér ljóðformið á margvíslegan hátt en tilraunastarfsemin er ekki mikil. Bókinni er eins og stefnt gegn póstmóðernískri kaldhæðninni og stefnuleysinu í samfélaginu og stendur föstum fótum sem kyrrlátt og heilsteypt verk. Þetta má þó ekki skilja sem svo að öll ljóðin séu hálfdaud í kyrrðinni. Inn á milli er hrist upp með kímni og gamansemi.

Vestanvindur Ólínu Þorvarðardóttur fjallar meðal annars um þann barning að semja ljóð í glímu hverdagsins. Í bókinni er að finna sambland kvæða og mynda úr hversdagsbaráttunni. Verkin eru misjöfn að gæðum en best lætur Ólínu að yrkja í hefðbundnum stíl, eins og sjá má á ljóðinu „Vor“ og leikni hennar með myndmál er skýr í „Kvöldi“. Bjarni Gunnarsson tekst einnig á við hið daglega amstur í *Blóm handa þabba*. Brugðið er upp ljósmyndum, svipmyndum og minningum úr fjölskyldualbúminu en rauði þráðurinn er samband feðga og síðan sonar og sonarsonar. Sagt er af prakkarastrikum sonarins sem sagði hetjusögur, læsti Magga svarta inni í dúfnakofa og var kjaftfor svo Biblúsögukennarinn stóð á öndinni og við erum minnt á að⁵⁵

[á] þessum árum voru smábörn
stundum tjóðruð úti í garði
á meðan mæður sinntu húsverkum
reyktu eða drukku molasopa

Bjarni hefur ekki sama vald og Ólína á málinu en bókin er ljúf aflestrar þótt hann glími ekki af miklum þrótti við ljóðmálið. Ljóð hans eru góð en boða þó ekkert nýtt.

Garðar Baldvinsson yrkir einnig um hversdaginn og minningar í bókinni *Drengmóður*. Ljóðin eru flest ort út frá sjónarhorni drengs sem býr við slæmt atlati og er fatlaður. Skafti Þ. Halldórsson segir bókina

⁵³ Guðrún Hannesdóttir (2007:9).

⁵⁴ Guðrún Hannesdóttir (2007:8).

⁵⁵ Bjarni Gunnarsson (2007:11).

vera „ljúfsáran Reykjavíkurskaldskap“ og að skáldskapurinn sé „opinn og útleitur [...] en jafnframt ljóðrænn og einlægur og ort af töluverðu listfengi“.⁵⁶ Mörg ljóðanna eru býsna sorgleg, en sem betur fer eru ljúf ljóð inn á milli, þar á meðal „Sagnaseiður“⁵⁷ þar sem ljóðmælandi minnst stundanna í eldhúskróknum með ömmu þegar hún sagði sögur sem „gengu svo skringilega / í endurnýjun lífdaga / innan í mér“.

Eitt ljóðskáld sameinar þau þrjú efni sem hér hefur mest verið fjallað um: náttúruna, líf og dauða og hversdaginn en það er Ari Jóhannesson, höfundur bókarinnar *Öskudagar* en fyrir hana hlaut Ari bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar. Samkvæmt dómnefnd er stíll höfundar agaður, skáldið þroskað og bókin sjálf áhrifamikil.⁵⁸ Víst er að Ari hefur um nóg að yrkja þegar hann lítur til baka: líf, dauða og baráttu – allt það sem einkennir líf okkar allra. Þetta er fyrsta ljóðabók Ara og kemur hann skemmtilega á óvart í öflugum náttúruleysingum í fyrsta hluta, lýsingum á baráttu sjúklinga í öðrum hluta og blöndu af bjartsýni og vonleysi sem einkennir hversdaginn í lokakafla bókarinnar.

Um hefðir og höfuðskáld

Langt er síðan skáldin ortu næstum eingöngu hefðbundin ljóð bundin af stuðlum og höfuðstöfum og formbyltingin löngu gengin yfir. Allt er leyfilegt og skáldin nýta sér það. Ekki er þar með sagt að allar hefðir séu úr sér gengnar og segja má að nú sé það nærri orðið að hefð að vísa aftur fyrir sig, til skálda fyrri tíma, bókmennta og sögu. Þetta sjáum við t.d. í einstaka ljóðum Þórarins Eldjárns og Steinunnar Sigurðardóttur og bók Höllu Gunnarsdóttur er í heild sinni vísun til Fjalla-Eyvindar.

Hefðir koma víða við sögu í ljóðabók Gerðar Kristnýjar, *Höggstað*. Gerður vísar aftur í tímenn, til Egils og Hallgerðar, meira að segja fjallkonan fær sitt pláss þar sem hún „hendist niður hlíðina / dýfir könnu leiftursnöggt í lækinn / og þambar á hlaupum“.⁵⁹ Hún ætlar nefnilega að ná þýska ferðamanninum á undan björgunarsveitinni.

⁵⁶ Skafti Þ. Halldórsson (2007b).

⁵⁷ Gerðar Baldvinsson (2007:30-31).

⁵⁸ Rithöfundasamband Íslands (2007). Hægt er að fræðast nánar um höfundinn og bókina í viðtali sem birtist í Læknablaðinu: http://www.laeknabladid.is/media/tolu_blod/1369/PDF/u14.pdf.

⁵⁹ Gerður Kristný (2007:16).

Gerður yrkir þó einnig um nútímalegri persónur eins og Helga tattú og Önnu á efri hæðinni. Hún tekur einnig upp yrkisefni úr fyrri bókum, kötturinn hennar, sem er lifandi í *Launkona*, er til dæmis dáinn í *Höggstað* og Gerður lætur svæfa hann.

Í gullfallegu ljóði, „Dauðastríði Egils“⁶⁰ bregður Gerður Kristný nýju ljósi á þekktu sögu og spyr „[á]tti hún ekki alltaf / inni hjá þér ljóð?“ Í ljóðinu „Hallgerður í Laugarnesi“ talar Gerður Kristný til allra kvenna, þá og nú:⁶¹

Þögnin svo römm
að hún umlukti
allar sem á eftir komu

Þær sem reyndu að
rjúfa hana
fundu vangann
loga af skömm

Jónas Hallgrímsson fær líka sinn skerf og reikar hann óstyrkum fótum upp stigann og fólkid í húsinu biður um „að nú verði ekki sungið“⁶² en daginn eftir eru hrafnar á þakinu og skáldið hefur sungið sitt síðasta.

Það er ekki bara Gerður Kristný sem minnst Jónasar á afmælisári hans. Það gerir t.d. Aðalsteinn Ásberg líka í „Heilsaðu einkum“ þar sem langt er síðan ljóðmælandi heimsótti sumardalinn og skúfurinn er geymdur á skúffubotni. Bókin *Í sumardal* er öll helguð skáldinu góða og ljóðin ort af átta skáldkonum undir handleiðslu Þórðar Helgasonar. Kvæðin eru tilbrigði við stef úr ljóðum og ævi Jónasar og eru ljóðin jafn ólík að efni og gæðum og skáldin eru mörg. Mörg ljóðanna eru ort eftir háttum sem Jónas notaði og hugmyndir hans eru útvíkkaðar á skemmtilegan hátt, t.d. í ljóði Heiðar Gestsdóttur þar sem ljóðmælanda eru greiddir lokkar við Galtará og eins og Gerður Kristný yrkir Heiður líka um „ferðalok“ Jónasar þar sem hann hrasar í stiga „og til bjargar / ekkert / hrjáðri sál“.⁶³ Skáldkonurnar brjóta líka niður helgimyndina, stundum á ansi skemmtilegan

⁶⁰ Gerður Kristný (2007:27).

⁶¹ Gerður Kristný (2007:20).

⁶² Gerður Kristný (2007:25).

⁶³ *Í sumardal* (2007:10).

hátt eins og Bergþóra Jónsdóttir gerir í ljóðunum „Fatapóker“ og „Partíð búið“.³¹

og hausverkur!
 hátimbraður
 sækir mig sjúkleg þreyta
 æi, elskan
 farð' út með ruslið
 en gættu þín gæskur á ælunni í stiganum

Um ungskáldin og uppreisnina

Ungskáldin svokölluðu léku sér líka að hefðinni, sneru upp á og sneru við ljóðlínunum og jafnvel heilu bálkunum af þekktum ættjarðarljóðum og söngvum. Ungu skáldin gengu lengra í sínum hefðarleik en þau eldri og reyndari. Stundum minna þau þó aðeins á fyrri tíð og þekkt ljóð og erindi, eins og Ingólfur Gíslason gerir í ljóðinu „Ég bið að vanheilsa“ en aðrir eru stórtækari, svo sem Eiríkur Norðdahl sem í *Þjónn, það er Fönix í öskubakkanum mínum!* gerir heljarstóra úttekt á „Tímanum og vatninu“. Af öðrum skáldum, sem leika sér að hefð, bæði í gríni og alvöru, mætti einkum telja til Kristínu Svövu Tómasdóttur. Í ljóðunum „Klof vega menn“ og „Eia“ vegur hún að rótgrónum stöðum í íslensku menningarlífi, Halldóri Laxness og Sigurði Pálssyni. Allt virðist mega á þessum síðustu og verstu tímum.

Heilmikið bar á ungskáldunum þetta árið og þau gerðu margt annað en leika sér að Jónasi og félögum hans. Nykurfólk og Nýhilingar fóru þar fremstir. Raunar hefur Nykur gengið í endurnýjun lífdaga síðustu tvö árin. Ný skáld hafa gengið til liðs við félagið, bókaútgáfa aukist og meiri samheldni er en áður og skipulagðari starfsemi. Þetta endurspegladist í vellukkaðri Þórðarvöku sem haldin var á árinu en um er að ræða einskonar uppskeruhátíðir til heiðurs Þórði Helgasyni sem hefur verið Nykurfólki innan handar í gegnum árin.⁶⁵ Fyrir utan *Fjallvegi í Reykjavík* sem þegar hefur verið fjallað um er vert að minnast á fantaffinar bækur Emils Hjörvars Petersens og Kára Páls Óskarssonar, *Gárungagap* og *Oubliette* sem komu út hjá Nykri.

⁶⁴ *Í sumardal* (2007:8).

⁶⁵ Um starfsemi félagsins, félagsmenn og fleira má lesa í viðtali Eiríks Arnar Norðdahl (2007b) við þrjá Nykurmenn: <http://tregawott.net/2007/02/06/nygerving-nyjunykrana-viðtal-við-vidalin-peterson-og-oskarsson/>.

Nýhilingarnir voru líka duglegir að koma sér á framfæri og héldu vel heppnaða ljóðahátíð í október þar sem erlend skáld tóku einnig þátt.⁶⁶ Þá hafa skáldin verið áberandi á netinu, t.d. heimasíðu Nýhils, nyhil.blogspot.com. Af bókum þessara skálda má einkum nefna bækurnar *Sekúndu nær dauðanum – vá tíminn liður!*, *Þjónn, það er Fönix í öskubakkanum mínum*, *Handsprengrja í morgunsárið* og *Blótgætur*.

Þessi ungu skáld virðast vera í uppreisn, að minnsta kosti vilja þau vera í uppreisn eða láta alla halda að þau séu það. Engum dylst þó að þau eru framúrstefnuleg, einkum hvað form og útlit ljóða varðar og í samfélagsgagnrýni. Í raun mætti tala um uppþot í formi eða upplausn þar sem allt virðist leyfilegt – og raunar æskilegt. Tungutakið er oft hráslagalegt og klúrt. Líkamlegt og ruddalegt orðfæri er gegnumgangandi hjá yngri kynslóðinni og kallast á við gildishrun eða niðurrif á hefðbundnum gildum og samþykktum samfélagsins.

Um höfnun

Róttækni skáldanna birtist í sinni ýktustu mynd í *Handsprengrju í morgunsárið* eftir Nýhilingana Eirík Örn Norðdahl og Ingólf Gíslason. Þar hafa þeir félagar „þýtt“ ræður og ummæli þekkra einstaklinga og sett í nýtt samhengi. Allir sem eitthvað ber á fá á baukinn, allt frá Osama bin Laden til Valgerðar Sverrisdóttur. Útkoman er róttæk gagnrýni á viðkomandi einstakling og þær stofnanir sem þeir standa fyrir og vekur mann um leið til umhugsunar um hvað það er sem fólk segir, hvað það meinar og hvernig við, sauðsvartur almúginn, síðan túlkum þessi orð.

Þessir póstmóðernísku tímar eru ósköp ruglingslegir og í *Gárungagapi* yrkir Emil Hjörvar Petersen um ringulreið samfélagsins, umhverfisins og mannsins þar sem sameinast rómantísk ljóð, súrrealísk, tilraunaljóð og fleira. Þarna er leikur að formi og hugsun og vel hægt að taka undir orð bókmenntagagnrýnanda Morgunblaðsins sem sagði mikils að vænta af þessu skáldi.⁶⁷ Það eimir af Jónasi þar sem höfundur atast í rómantíkerum í upphafsljóði bókarinnar sem endar á því að ljóðmælandi kastar rjóðum og ljómandi rómantíkernum út um gluggann og segir: „Vonandi / þarf ég aldrei aftur að hitta rómantíker, / Vonandi“.⁶⁸ En í lokaljóði bókar⁶⁹ hvæsir fiskimaður að ljóð-

⁶⁶ Dagskrá hátíðarinnar má sjá hér: http://www.nordice.is/vidburdir/nyhil_althj_ljod/Katalog_lores.pdf.

⁶⁷ Skafi Þ. Halldórsson (2007a).

⁶⁸ Emil Hjörvar Petersen (2007:9).

⁶⁹ Emil Hjörvar Petersen (2007:58).

mælanda: „„Haltu kjafti og lestu / Jochumson, Hallgrímsson, / Ben, Sturluson, fjallaskáld!““ Og hvernig ber manni að skilja svona ljóð frá skáldi sem hafnar hefðinni en hleypur á eftir fiskibátnum og þreifur sig „upp akkerið“? Í öðru ljóði er tilveran ígrunduð, bæði af rómantik, sem líkir henni við fótspor í mosa sem hjaðnar von bráðar, og nútímamanni sem mælir:⁷⁰

„Tilveran
er að senda sms
til tjellingarinnar
meðan maður hjakkast
á ritaranum
og gerir um leið upp við sig
hvort maður vill
svín eða lamb
í hádeginu“.

Kári Páll Óskarsson yrkir svo lærð og flókin ljóð í *Oubliette* að skýringar eru við mörg þeirra aftast. Hann er myrkur í máli og hálfgerð barokkstemning yfir bókinni, enda dregur bókin nafn sitt af fangelsi:⁷¹

Aðalþemað er gangasýn, eins og stundum er talað um að alkóhólistar þjáist af. Að vera algjörlega fixeraður á það sem sést við enda ganganna, sjá ekkert annað. Þess vegna heitir bókin *Oubliette*, það er svona fangelsi sem er bara aðgengilegt í gegnum lofthlera, eins og ljóðmælandinn sé í dýflissunni og glápi upp um opið. Undirþemu eru svo t.d. þunglyndi, ástarsorg (auðvitað), sjálf iðjan að yrkja, að byrja á því, og tengsl nýliða eins og mín við bókmenntahefðina. Voða mikill blús í gangi.

Það er óskaplegur blús í gangi eins og sjá má í titilljóði bókarinnar:⁷²

Ég er hérna niðri;
ég einblíni upp.
ég einblíni á flötinn
ég einblíni á heiminn,

⁷⁰ Emil Hjörvar Petersen (2007:17).

⁷¹ Kári Páll Óskarsson (2007:40).

⁷² Kári Páll Óskarsson (2007:42).

og ég held að ég sé
byssukúla í hlaupi.
Mig langar að skjóta heiminn

Svipaða tilfinningu er að finna í ljóðinu „Svelti“ og í „Defetus II“⁷³ eru mennirnir holir og hálfgerð uppgjöf virðist svífa yfir ljóðinu „Að byrja“ þar sem ekkert virðist skipta máli „hvort það er vegna afbrots sem móðir þín / hefði fyrirgefið / eða vegna uppburðaleysis, sem faðir þinn / hefði aðeins umbunað með hönd á öxl“.⁷⁴

Vonleysið er ekki jafnmikið í nýjustu bók Ingólfs Gíslasonar, *Sekúndu nær dauðanum – vá tíminn líður!*, þar sem tekist er á við „stríð, pólitík, ástina, ekki síst holdlegar birtingarmyndir hennar, og brotalamir samtímamenningar.“ Bókin ískrar af kaldhæðni út í gegn og kennir okkur að „einlægni er gríma.“⁷⁵ Í þessu einkennilega safni prósa, teikninga og ljóða er tekist á við tungumál og tilfinningar með kaldhæðnina og húmorinn að vopni. Við sjáum hvernig núverandi gildismati er hafnað og samfélagið tortryggt. Ingólfur veltir vöngum yfir stöðu skáldsins, hvernig það er á jaðrinum og við sjáum hvernig því fylgir bæði magnleysi og frelsi.

Kristín Svava Tómasdóttir gerir líka samfélag nútímans og þau gildi sem þar fljóta um að yrkisefni í *Blótgælum* og gerir það á fyndinn og kaldhæðinn hátt. Dæmi um þetta er ljóðið „Dýrin í Hálsaskógi“.⁷⁶ Þar vísar Kristín Svava til krúttanna sem hafa lagt áherslu á tilfinningalega og einlæga tjáningu, einfaldleika, frumleika og sérstæða einlægni þar sem allir eigi að vera þeir sjálfir. Kristín Svava bendir á brotalöm í málflutningi þeirra því ekki geturðu verið þú sjálfur ef þú ert ekkert spes. Hún talar um „lopahúfur lopabros og lopasálir / prjónaðar úr stillingunni“ og gerir grín að þeim fyrir „umburðarlyndi gagnvart öðrum menningarheimum / (nema Ameríkönunum og starfsmönnum í þungaiðnaði)“ og það skín í gegn að með lopasál verður manni lítið úr verki.

Skotsþænicr Kristínar Svövu eru fleiri. Í „Mallorca“⁷⁷ eru peðölvaðir Íslendingar í sólarlandiferð, uppfullir af ætjarðarást og hrópa „Ísland Ísland über alles!“ og monta sig af því að kunna „allan textann í Öxar

⁷³ Kári Páll Óskarsson (2007:21).

⁷⁴ Kári Páll Óskarsson (2007:7).

⁷⁵ [án nafns] (19.12.2007).

⁷⁶ Kristín Svava Tómasdóttir (2007:27–28).

⁷⁷ Kristín Svava Tómasdóttir (2007:29–30).

við ána skjótum upp fána í rassinn á Stjána“. Laxness og nútíminn fá síðan skelfilega útreið í „Eia“:⁷⁸

og hann sagði:
eia pillur! eia stjörnur!
hollívúddstjörnur
eia stelpan sem labbar á móti mér
með óöryggið í hjartanu og nauðgun gærdagsins í höfðinu
eia World Class eia fæðubótarefni
og Þorgrímur Þráins kveikir sér í rettu á leiðinni út
eia debet eia kredit
eia yfirdráttur
og annar dráttur
og stelpan sem labbar á móti mér hún er dráttarvél
eia frelsið eia barnið
glasabarnið
eia bönnis af monní
eia olía eia jarðsprengjur
eia börnin sem skjóta úr skammbyssum og fleygja handsprengjum

Kristín talar hreint út og tæpitungulaust – hún er ekkert krútt. Hér er sjálfstjáníng og samtíminn í algleymingi, þversagnir, róleysi, andvara-
leysi og uppgjör við hefð. Áhuga- og innihaldsleysið ræður ríkjum og hlegið er að tilraunum til að taka afstöðu til mála eða láta eins og einstaklingurinn skipti nokkru máli. Sem betur fer rofar til í lokaljóði bókar⁷⁹ og ljóðmælandi tuskar sjálfan sig til. Hann spyr hvort ekki sé nóg komið þegar þú ert búin að „veifa brjóstunum öskrandi framan í borg óttans“ og „horfa stjörf framan í strákinn sem þú svafst hjá í gær eftir að þú hefur ælt / yfir bílinn hans“. Stúlkan er á flugbraut og ætlar að hefja sig til flugs. Einlægnin og vonin virðist vera þarna á bak við þegar allt kemur til alls.

⁷⁸ Kristín Svava Tómasdóttir (2007:17–18).

⁷⁹ Kristín Svava Tómasdóttir (2007:34–35).

Um form

Ljóð og textar ungu skáldanna virðast ekki síður snúast um sjónræna eiginleika ljóðsins, og stundum hljóðræna, og skapast þannig tengst við tónlist, myndlist og fleiri listgreinar. Sum ljóða þeirra virðast jafnvel miklu betur til þess fallin að vera lesin upp eða sýnd á striga en vera lesin í hljóði eða notið í einrúmi.

Þjónn, það er Fönix í öskubakkanum mínum! eftir Eirík Örn Norðdahl er ein þeirra bóka þar sem hið sjónræna og hljóðræna virðist stundum skipta meira máli en tungumálið. Bókin samanstendur af fjölbreyttum ljóðatilraunum á 200 blaðsíðum. Þarna er að finna hljóðljóð, löng prósaljóð auk ljóða með allskonar ritvinnsluútfærslum, umbrotstílfærslum, myndljóð, myndagátuljóð, konkretljóð, google-ljóð að ógleymdum vísunum í *Tímann og vatnið* auk annars skáldskapar. Það mætti jafnvel kalla bókina kennslubók í ljóðagerð, svo margir eru bragarhættirnir og aðferðirnar sem skáldið notar.

Fyrsti hluti bókarrinnar einkennist af framúrstefnulegum orðaleikjum en miðkaflinn inniheldur 46 prósaljóð sem segja sögu Guðmundar Ljónshjarta Kjærnested skipstjóra í Þorskastríðinu en gerist engu að síður í Reykjavík á öræðum tíma. Formtilraunir einkenna svo aftur hlutann sem Haukur Már Helgason skrifar „miðmála“ að en loka-hlutinn er tileinkaður *Tímanum og vatninu* og er endurvinnsla og umbylting á honum. Eiríkur leikur sér að erlendum þýðingum textans og þýðir þá til baka á íslensku samkvæmt hljómi þeirra en ekki merkingu, t.d. í ljóðinu „Tíðin ok vattnet“ þar sem meðal annars segir:⁸⁰

Ok tíðin er sem ein bíld
sköpuð boða með vattnets
ok mínum pensildrag

Aðferðirnar sem skáldið notar eru nákvæmlega útskýrðar í athugasemdum aftarlega í bókinni en þetta tiltekna ljóð er hómófónísk þýðing á sænskri þýðingu á fyrsta erindi *Tímans og vatnsins*. „Súblíma-vatn“ er annað ljóð sem er bein vísun í *Tímann og vatnið* og er unnið með þeim hætti að leitarorðin „Tíminn og vatnið“ voru slegin inn í Google-leitarvélina, á nokkrum tungumálum, og skrifað var upp úr

⁸⁰ Eiríkur Örn Norðdahl (2007a:182).

niðurstöðunum. Víst er að mörgum þyki nóg um hispursleysið þegar þessar línur eru lesnar:⁸¹

Tíminn og vatnið. Púff ...
 maður hefur sagt þetta svona
 sjöþúsund þrjúhundruð sextíu
 og tvisvar sinnum og því um að
 gera að segja það einu sinni enn
 ...

Það er mjög áberandi í öllu
 ljóðinu hve skáldið leikur sér að
 andstæðum og þversögnum og
 teflir saman órökréttu samhengi
 hluta og hugtaka í líkingum.
 Þetta er líka eitt helsta einkenni
 í nútímaljóðlist

Það er fleira sem ruglar lesendur í ríminu. Ljóð á borð við „18. erindi“, „Óræk“, „Þögnin rennur“ og „aðgiiimnnnoTtv“ vefjast fyrir lesendum. Þar leikur höfundur sér að forminu, útlitinu og umbrotinu frekar en orðunum og allsendis ómögulegt er að spá fyrir um hvernig skáldið sjálf eða lesendur túlka þau. Þetta eru ljóð sem ekki er nóg að lesa, það þarf að horfa á þau.

Sjónrænar tilraunir eru einnig áberandi í *Sekúndu nær dauðanum – vá, tíminn líður!* eftir Ingólf Gíslason. Höfundur leikur sér að hinu ytra formi og fiktar í ritvinnsluforritinu og biður lesendur sífellt að taka þátt, svo sem í „Kæri ljóðrýnandi“, „Hei krakkar, það er skoðana-könnun!“ og „Hreinleikapróf“. Með bókum sínum, meðferð á ást-sælum ljóðum, beinu ávarpi til lesandans og að því virðist kaldhæðnu viðhorfi til ljóðsins, fanga Ingólfur og Eiríkur lesendur sína. Þetta eru bækur sem bíta og „smita þig af ljóðæði“ eins og Ingólfur Gíslason segir í formála bókar Eiríks.⁸²

⁸¹ Eiríkur Örn Norðdahl (2007a:133–134).

⁸² Eiríkur Örn Norðdahl (2007a:5).

Bókinni hafnað – næstum því

Ljóðin rata ekki bara á bækur. Á árinu datt ungu skáldi, Sverri Norland, í hug að birta eitt ljóð á dag á heimasíðu sinni og segir að hugmyndin á bak við þetta uppátæki sé „að ögra ímyndunaraflinu“ og bætir við að netið sé vettvangur „þar sem allt fær að flæða fram“ og að fólk eigi ekki að vera „spéhrætt hvað listsköpun varðar“.⁸³ Verkefnið fór vel af stað en tólfta júní tilkynnti Sverrir að hann væri kominn með tölvuóþol og ljóðabloggið því saltað í bili.⁸⁴ Þannig fór um sjóferð þá.

Matthías Johannessen kann hins vegar vel við sig á netinu og hefur gefið út ljóðabók sem aðeins er fánleg á vefsetri hans, Matthias.is. Bókin inniheldur hátt í níutíu ljóð. Þetta eru falleg ljóð, hefðbundin og óhefðbundin, löng og stutt og líka heilu ljóðabálgarnir og fjalla um samtíma, sögu, borg og náttúru og togstreituna þarna á milli. Um þá ákvörðun að gefa út á netinu segir Matthías að netið sé einfaldlega í tísku og með því að gefa út á neti losni hann við að skipta við útgefendur og auglýsa sig. Netútgáfa er sem sagt miklu þægilegri en útgáfa í raunheimum.⁸⁵

Jóhamar sendi árið 2005 frá sér bókina *Skáldið á daginn* á PDF-formi á netinu, en þar áður höfðu ljóðin birst á bloggsíðu. 2007 gaf Jóhamar ljóðin út á bók. Framarlega í bókinni er „viðtal“ við höfundinn þar sem hann segir netútgáfu hreint frábæra og hann elskar hversu „instant“ netið sé. „Maður skrifar í eitthvað box / og klikkar Submit og það er útgefið.“⁸⁶

Jóhamar leggur áherslu á mikilvægi súrrealismans fyrir verk sín og er sá andi einkennandi á verkinu. Fæst ljóðanna bera titil en sum tengjast þó augljóslega í bála. Oft er erfitt að sjá hvar eitt ljóð byrjar og annað endar; stundum er það jafnvel þrekvirki að klóra sig í gegnum sjálf ljóðin – eins og þeim nafnlausu á blaðsíðum 144 og 145. Um leið og lesandinn telur sig hafa leyst allar flækjur koma í ljós nýir hlutar og hann þarf að byrja upp á nýtt. Þá er um að gera að gefast ekki upp heldur reyna aftur.

Þetta er bók sem krefst mikils af lesandanum og hún einkennist af

⁸³ Ingveldur Geirsdóttir (2007).

⁸⁴ Sverrir Norland (2007b).

⁸⁵ Þröstur Helgason (2007a).

⁸⁶ Jóhamar (2007:7).

flæði, internetflæði. Pólitískir undirtónar grassera í verkinu auk vanga-
veltna um geðheilsu og geðveiki. Það er meira að segja skotið á önnur
skáld:⁸⁷

Mesta smekkleysa sem ég hef rekist á
í íslensku ljóði
er: „ég vongóður eins og forsíða Morgunblaðsins“
úr ljóði eftir Matt-
hí-
as Johannessen

Ljóðagagnrýnandi Kistunnar er ákaflega hrifinn af *Skáldið á daginn* og gengur meira að segja svo langt að lýsa bókina sjálfa vanheila á geði: „bókin sjálf er sjúklingur og lækurinn er löngu dauður“ og síðan hvetur hann alla til að kaupa hana strax í dag og ræður sér vart yfir kæti, svo góð er bókin, enda sé hún „einskær opinberun um góðan skáldskap“ og bók fyrir fólk sem „vill fá að finna fyrir því; finna fyrir því hvað skáldskapur getur verið góður og magnaður“.⁸⁸ Það eru ansi hástemmdar lýsingar í þessari ljóðarýni en margt alveg satt.

Ljóðinu höfnum við ekki

Ljóð eru ekki um pólitík, ljóð eru pólitík. Þau eiga ekki að gelta, heldur bíta.⁸⁹

Flestar ljóðabækur ársins 2007 eru góðar bækur þar sem vandað er til verks. Eldri og reyndari skáld eru orðvör og sum koma skemmtilega á óvart. Gerður Kristný, Þórarinn, Sjón, Steinunn og Aðalsteinn Ásberg bregðast ekki vonum lesenda sinna og yrkja falleg ljóð og áhrifamikil, bæði hefðbundin og óhefðbundin. Vísanir eru tíðar í ljóðum þeirra allra, bæði til bókmennta, annarra ljóða og sögunnar – bæði í nútíð og fortíð. Ljóð Aðalsteins Ásbergs eru flest lágstemmd og kyrrlát og lýsa miklum söknuði og kallast að hluta á við önnur ljóð þessa árs sem einnig láta sig sorgina varða og þrá eftir því sem var, hvort sem ort er um látinn ástvin eða sjálfan sig, eins og Árni Ibsen gerir.

⁸⁷ Jóhamar (2007:44).

⁸⁸ Ófeigur Sigurðsson (2007).

⁸⁹ Eiríkur Örn Norðdahl (2007a:6) Formáli Ingólfs Gíslasonar.

Sumir yrkja hefðbundin ljóð, aðrir óhefðbundin og sum ljóð eru stutt en önnur löng. Það er varla hægt að segja að eitt form sé ríkjan- di frekar en annað þótt ekki sé heldur hægt að halda því fram að árið 2007 sé ár framúrstefnulegra formtilrauna. Við þekkjum öll þessi form, eða könnumst við þau, en auðvitað spila skáldin sínum spilum eins og þau lystir og verkin eru mörg hver ákaflega fjölbreytt að efni og formi og áberandi er eins konar endurvinnsla á hefðinni – bæði með tilliti til forms og hefðar.

Skáldin, sem kennd hafa verið við móðernismann, t.d. Steinunn og Gerður Kristný, standa sig vel og halda áfram á svipuðum eða sömu brautum. Ljóð ungu og reiðu skáldanna, Nýhilinganna, Nykurmanna og féлага þeirra, eru öðruvísi og hrárrí. Þau eru dónalegri, óhreinni og kaldhæðnari – en ekki endilega verri fyrir vikið. Þar er meiri leikur að formi en hjá þeim sem reyndari eru; eitt skáldið notar meira að segja „auto-summarize-fidusinn“ á Word-forritinu til að hjálpa sér að semja ljóð!

Í þessu birtist kannski helsti munurinn á þeim „eldri“ og þeim „yngri“. Skáld á borð við Þórarín Eldjárn hugsa um hvert orð og vanda til verks, enda unna þau íslenskri tungu. Þórarinn segir sjálfur að íslenskt mál skipti hann miklu máli, enda líti hann „fyrst og fremst á [sig] sem áróðursmeistara fyrir íslenska tungu. Rithöfundur gerir það fyrst og fremst með því að skrifa á íslensku og sýna að það er hægt að gera allt á íslensku.“⁹⁰ Nýhilmáðurinn Viðar Þorsteinsson talar líka um íslenska tungu og viðurkennir að íslensk ljóðahefð hafi alltaf „verið nátengd hugmyndinni um íslenska tungu og íslenskt orðfæri, sögu, tunguna og forneskjulegt orðalag.“ Viðar minnst móðernistanna íslensku og segir þá ekki hafa farið jafn langt í formtilraunum og móðernistar úti í hinum stóra heimi. Þessu vilji ungu skáldin breyta – sækja til alþjóðlegra strauma þar sem lýrík tungumálsins sé ekki endilega í forsæti, enda hafi list miklu víðari skírskotun en einn málheimur íslenskunnar.⁹¹ Einhver mest áberandi árásin á íslenskuna er örugglega „Stríðið gegn íslenskunni“⁹² eftir Ingólfur Gíslason sem er sett upp á myndrænan hátt eins og tölvuleikur. Hjá eldri skáldunum er vissulega til síðs að leika sér að tungumálinu, en það verður að vera innan vissra marka. Hjá yngri skáldunum er leikurinn næstum orðinn skyldubundinn og því grófari, því betri.

⁹⁰ Helgi Snær Sigurðsson (2007).

⁹¹ Bergþóra Jónsdóttir (2007).

⁹² Ingólfur Gíslason (2007:18).

Skáldskapur Nýhilinga og Nykurmanna einkennist af heimsósóma og bölsýni. Ungu skáldin eru ekki bjartsýn en til allrar lukku eru þau full af eldmóði, staðráðin í að vinna íslenskri ljóðlist brautargengi. Ingólfur Gíslason orðar þetta ágætlega fyrir hönd sinnar kynslóðar þegar hann neitar að viðurkenna sigur þagnarinnar og vonar að við berum ljóðæðið áfram til næsta manns og næsta og svo koll af kolli.⁹³

Ef til vill átti sér meira stað í ljóðaútgáfu árið 2007 en oft áður. Nokkrum sinnum heyrðist talað um óvenju vegleg ljóðajól, bæði hvað varðar magn og gæði. Samt sem áður hafði fólk áhyggjur af stöðu ljóðsins. Sumir meira að segja voðalegar áhyggjur og töluðu um yfirvofandi, eða jafnvel yfirstandandi, dauða ljóðsins.

Jákvæðari sálir héldu því fram að ljóðið lifði góðu lífi og engin ástæða væri til að örvænta nema síður sé. Kennarinn og yfirlesarinn Þórður Helgason, sem í mörg ár hefur komið að ljóðaútgáfu, segir að heilmikið sé að gerast í heimi ljóðsins og unga fólki hafi svo sannarlega áhuga á ljóðlistinni.⁹⁴ Skáldið Gerður Kristný er sammála Þórði og tekur jafnvel dýpra í árinna, kveður ljóðið vera æðst allra bókmenntagreina og finnst⁹⁵

[...] allt þetta tal um dauða ljóðsins [lýsa] bara ótta okkar við að missa það, rétt eins og þegar fréttir fara á kreik um andlát ástælla tónlistarmanna eða veðurfræðinga. Á meðan þessi þjóð þarf á því að halda að láta hugga sig, skemmta eða hrista upp í sér verður ljóðið alltaf sterkur þáttur í lífi hennar.

Menningarskrifbentinn Páll Ásgeir Ásgeirsson á Morgunblaðinu er á sömu línu og í grein þar sem hann veltir fyrir sér stöðu ljóðsins segir hann það vera í fínu formi, „það iðar og spriklar og ýlfrar og tístir“.⁹⁶

Þetta er líka skoðun þeirrar sem hér ritar. Umræðan um meint andarslitur ljóðsins og allt harmakveinið í kringum það er orðið ansi þreytandi. Ljóðið hefur ekki lagt upp laupana – það hefur lifað ágætu lífi á Íslandi lengur en elstu menn muna og gerir það örugglega um ókomna tíð. Árið 2007 var gott ljóðaár. Við skulum njóta þess og lesa frekar það sem skáldin ortu á árinu 2007 en syrgja það sem er svo langt í frá dáíð.

⁹³ Eiríkur Örn Norðdahl (2007a:6).

⁹⁴ Ásgeir H. Ingólfsson (2007b).

⁹⁵ Einar Falur Ingólfsson (2007:55).

⁹⁶ Páll Ásgeir Ásgeirsson (2007). Þröstur Helgason (2007b) ræðir þetta líka í greininni „Sálarlausir segja ljóðið dautt.“

Hér hefur alls ekki verið fjallað um allar ljóðabækur sem komu út árið 2007. Ekkert hefur t.d. verið minnst á bók Valgarðs Egilssonar, *Á mörkum*. Þá hefur einnig verið litið framhjá bókunum *Fimmta árstíðin* eftir Toshiki Toma, *Þegar ég vakna* eftir Val Höskuldsson, *Fingur þínir og myrkríð* eftir Gunnar E. Randversson og *Vaxandi nánd: orðhviður* eftir Guðmund Jóhann Óskarsson, auk fleiri góðra bóka. Gróskan í ljóðagerð ársins sést best á því hversu margt hefur orðið útundan í þessari umfjöllun. Bækurnar eru margar og straumarnir koma víða að, hvort sem það er úr hugarfylgsnum skálda af öllum sorgum eða gleði þeirra, frá fjöllum og firnindum, bókmenntum og sögu eða alla leið frá útlöndum.

HEIMILDIR

- Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson. 2007. *Hjartaborg*. Dimma, Reykjavík.
- Ari Jóhannesson. 2007. *Öskudagar*. Uppheimar, Reykjavík.
- [án nafns]. 19.12.2007. „Sekúndu nær dauðanum - vá tíminn líður!“ Sótt af vefsetri Nýhil 8. október 2008. Vefslóð: <http://nyhil.blogspot.com/2007/12/sekndu-nr-dauanum-v-tminn-lur.html>.
- Árni Ibsen. 2007. *Á stöku stað með einnota myndavél*. Bjartur, Reykjavík.
- Ása Helga Hjörleifsdóttir. 2007. „Söngur steinasafnarans eftir Sjón.“ Sótt af vefsetri Víðsjár 12. október 2008. Vefslóð: <http://www.ruv.is/heim/vefir/ras1/vidsja/baekur/>.
- Ásgeir H. Ingólfsson. 2007a. „Verkjaþillur gegn dauðanum.“ Viðtal við Sjón. *Morgunblaðið* 22. desember. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 2. október 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1181975.
- Ásgeir H. Ingólfsson. 2007b. „Tjáning unga fólksins.“ Viðtal við Þórð Helgason. *Morgunblaðið* 16. desember. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 27. september 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1180790.
- Bergþóra Jónsdóttir. 2007. „Erum að rjúfa einangrun ljóðsins.“ Viðtal við Víðar Þorsteinsson. *Morgunblaðið* 11. nóvember. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 5. október 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1169252.
- Bjarni Gunnarsson. 2007. *Blóm handa þabba*. Uppheimar, Reykjavík.
- Einar Falur Ingólfsson. 2007. „Lika mjög knappt form og strangt.“ Viðtal við Gerði Kristnýju. *Morgunblaðið* 25. nóvember. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 6. október 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1177249.

- Eiríkur Örn Norðdahl. 2007a. *Þjónn, það er Fönix í öskubakkanum mínum!* Nýhil, Reykjavík.
- Eiríkur Örn Norðdahl. 2007b. „Nýgerving Nýju Nykrana – viðtal við Vídalín, Petersen og Óskarsson.“ Sótt af vefsetri 10.000 tregawatta 5. október 2008. Vefslóð: <http://tregawott.net/2007/02/06/nygerving-nyju-nykrana-vidtal-vid-vidalin-peterson-og-oskarsson/>.
- Emil Hjörvar Petersen. 2007. *Gárungagap*. Nykur, Reykjavík.
- Eygló Ida Gunnarsdóttir. 2007. *Nóvembernætur*. Deus, Reykjavík.
- Gardar Baldvinsson. 2007. *Drengmóður*. GB útgáfa, Reykjavík.
- Gerður Kristný. 2007. *Höggstaður*. Mál og menning, Reykjavík.
- Guðrún Hannesdóttir. 2007. *Fléttur*. Salka, Reykjavík.
- Halla Gunnarsdóttir. 2007. *Leitin að Fjalla-Eyvindi*. Nykur, Reykjavík.
- Helgi Snær Sigurðsson. 2007. „Fjöll eru til margs nýtileg.“ Viðtal við Þórarín Eldjárn. *Lesbók Morgunblaðsins* 3. nóvember. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 1. september 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1173519.
- Ingólfur Gíslason. 2007. *Sekúndu nær dauðanum – vá, tíminn líður!* Nýhil, Reykjavík.
- Ingveldur Geirsdóttir. 2007. „Ekkert skúffuskáld.“ Viðtal við Sverri Norland. *Morgunblaðið* 14. apríl. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 1. september 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1139814.
- Í sumardal. 2007. Ritsj. Þórður Helgason. Höf., Kópavogi.
- Jóhamar. 2007. *Skáldið á daginn*. The Mind is an Illegal Organisation, Reykjavík.
- Kári Páll Óskarsson. 2007. *Oubliette*. Nykur, Reykjavík.
- Kristín Svava Tómasdóttir. 2007. *Blótgætur*. Bjartur, Reykjavík.
- Ófeigur Sigurðsson. 2007. „Skáldið á daginn.“ Sótt af vefsetri Kistunnar 7. október 2008. Vefslóð: http://www.kistan.is/Default.asp?Sid_Id=25401&tre_rod=005|&tId=2&FRE_ID=64123&Meira=1.
- Ólína Þorvarðardóttir. 2007. *Vestanvindur. Ljóð og lausir endar*. Vestfirska forlagið, Brekku í Dýrafirði.
- Páll Ásgeir Ásgeirsson. 2007. „Staða ljóðsins?“ *Morgunblaðið* 9. september. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 6. október 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1164093.
- Rithöfundasamband Íslands. 2007. „Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2007.“ Sótt af vefsetri Rithöfundasambands Íslands 3. október 2008. Vefslóð: http://www.rsi.is/?ew_news_onlyarea=content&ew_news_onlyposition=1&cat_id=8778&ew_1_a_id=292454.
- Sigurbjörg Þrastardóttir. 2007. *Blysfarir*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Sigurlín Bjarney Gísladóttir. 2007. *Fjallvegir í Reykjavík*. Nykur, Reykjavík.

- Silja Aðalsteinsdóttir. 2007. „Á líðandi stund.“ Sótt af vefsetri TMM 10. október 2008. Vefslóð: <http://www.tmm.is/default2.asp?strAction=getPublication&intPublId=1061>.
- Sjón. 2007. *Söngur steinasafnarans*. Bjartur, Reykjavík.
- Skafti Þ. Halldórsson. 2007a. „Eining sannleika og syndar.“ *Morgunblaðið* 9. júní. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 1. október 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1149685.
- Skafti Þ. Halldórsson. 2007b. „Ófrjálsar og frjálsar hendur.“ *Morgunblaðið* 8. nóvember. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 1. október 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1174334.
- Stefanía Guðbjörg Gísladóttir. 2007. *Án spora*. Salka, Reykjavík.
- Steinunn Sigurðardóttir. 2007. *Ástarljóð af landi*. Mál og menning, Reykjavík.
- Sverrir Norland. 2007a. „Af innihaldi og Mogganum.“ *Morgunblaðið* 7. nóvember. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 9. október 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1174139.
- Sverrir Norland. 2007b. „Kominn með tölvu-óþol.“ Sótt 5. september 2008. Vefslóð: <http://ljod2007.blogspot.com/2007/06/bb-i-bili.html>.
- Valdimar Tómasson. 2007. *Enn sefur vatnið*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Þórarinn Eldjárn. 2007. *Fjöllin verða að duga*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Þórdís Björnsdóttir. 2007. *Ljóð*. [Titill á kápu: Í felum bak við gluggatjöldin.] Höf., Reykjavík.
- Pröstur Helgason. 2007a. „Hef meiri áhuga á Netinu en bókaútgáfu.“ Viðtal við Matthías Johannessen. *Morgunblaðið*. 29. september. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 28. september 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1167351.
- Pröstur Helgason. 2007b. „Sálarlausir segja ljóðið dautt.“ Lesbók Morgunblaðsins 3. nóvember. Sótt af gagnasafni Morgunblaðsins 5. september 2008. Vefslóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1173549.

Leiðréttingar við 5. hefti Sónar

Í 5. hefti Sónar, bls. **64** í fyrri lausamálslínu, hefur misritast nafn Karls Jónassonar. Í stað orðanna „Og ljósin eru Jónasi hugleikin“ á að standa „Og ljósin eru Karli hugleikin“.

Á bls. **104**, 5. línu, segir að Neruda hafi orðið sendiherra lands síns í Rangún í Burma. Hið rétta er að hann var þar konsúll.

Beðist er velvirðingar á villum þessum.

